

**Milli mála**



# Milli mála

Tímarit um erlend  
tungumál og menningu

17. ÁRGANGUR

Ritstjórar  
Geir Þórarinn Þórarinsson  
Þórhildur Oddsdóttir



STOFNUN  
VIGDÍSSAR FINNBOGADÓTTUR  
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

*Styrktarsjóði SVF er þakkaður  
stuðningur við útgáfu tímaritsins*

*Milli mála er ritrynt tímarit  
og er ritrynum þakkað þeirra framlag*

Háskólaútgáfan  
Reykjavík 2025

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og höfundar/þýðendur efnis.

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir  
Hönnun kápu: Ragnar Helgi Ólafsson

DOI: 10.33112/millimala.17.2

## Efni

Frá ritstjórum .....	7
----------------------	---

### GREINAR

<i>Unnur Bjarnadóttir</i> Ritháttur og eðli þýðinga: Saga þýðinga í Japan .....	13
--	----

<i>Stefanie Bade og Piergiorgio Consagra</i> L1 Speaker, L2 Speaker, or Both? A Diachronic Investigation into Attitudes of University Students in Icelandic as a Second Language towards Their Teachers .	35
--	----

<i>Erla Erlendsdóttir</i> Voces amerindias prehispanas en la <i>Geographia</i> <i>Historica Orientalis</i> de Hans Hansen Skonning .....	77
--	----

<i>Juan David Hernández Rodríguez</i> Marcadores de prestigio lingüístico en el contexto de diglosia entre el ladino y el hebreo actuales en Israel: una aproximación desde la sociolingüística cualitativa ..	111
---	-----

### ÞÝÐINGAR

<i>Honoré de Balzac</i> <i>Sarrasine</i> ásamt formála eftir Ásdísi Rósu Magnúsdóttur.	141
---	-----

<i>Cristina Civalè</i> <i>Gin og Gin &amp; tonic</i> ásamt formála eftir Hólmfríði Garðarsdóttur .....	178
--	-----

*Ásta Sigurðardóttir*

*Lirios reales* ásamt formála eftir Ana Belén Fernández

Organista ..... 193

## UMFJÖLLUN

*Óskar Vistdal*

*Enfemínljóðin* í finnskri þýðingu Harrys Lönnroth ..... 209

Höfundar, þýðendur og ritstjórar. .... 216

## Frá ritstjórum

Fjórða árið í röð koma út tvö hefti að ritinu *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Bæði hefti ársins koma út í desember. Sérheftið er helgað orðasambandafræði/fraseólogíu. Gestaritstjórar eru Erla Erlendsdóttir og Oddný Guðrún Sverrisdóttir. Sérhefti næsta árs verður helgað leikritaþýðingum, þar sem Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir verða gestaritstjórar. Fjallað var um leikrita þýðingar á málþingi 1. des. sl. og líklegt að afrakstur málþingsins birtist í sérhefti næsta árs að einhverju eða verulegu leyti.

Heftið sem hér birtist er annað hefti 17. árgangs. Að venju kennir ýmissa grasa. Að þessu sinni birtum við fjórar ritrýndar greinar um þýðingar, að tala með hreim, orðaforða sem á sér uppruna í frumbyggjamálum og tungumálið ladino og sambúð þess með hebresku. Þá birtum við þýðingar úr frönsku og spænsku á íslensku og þýðingu úr íslensku á spænsku, auk umsagnar um þýðingu ljóða úr fornsænsku yfir á finnsku

Aðeins ein grein er rituð á íslensku. Unnur Bjarnadóttir fjallar um rithátt og eðli þýðinga og þar með sögu þýðinga í Japan. Fátt hefur verið skrifað um eðli þess að þýða milli tungumála sem nota ritmál eins og við þekkjum og tungumála sem rituð er með táknum eða myndmáli svo sem fjölmennar þjóðir líkt og Japanir og Kínverjar gera.

Stefanie Bade og Piergiorgio Conasagra skrifa á ensku um rannsókn sem þau gerðu á viðhorfi nemenda í íslensku sem öðru máli til kennara sem tala (íslensku) með hreim. Nemendum í íslensku sem öðru máli hefur fjölgað mjög undanfarin ár og einnig kennurum í sömu grein sem hafa annað móðurmál en íslensku. Engin sambærileg rannsókn hefur þó verið gerð hérlendis. Talsvert hefur hins vegar verið fjallað um það á vettvangi dagsins hver viðhorf

móðurmálshafa í íslensku eru til þess að skilja og samþykkja málfaha sem tala með (erlendum) hreim. Stefanie hefur skrifað doktorsritgerð um það efni og greinin sem hér er birt er afrakstur áframhaldandi rannsókna á því sviði.

Þá eru tvær greinar skrifaðar á spænsku, önnur eftir Erlu Erlendsdóttur og fjallar um danskan fræðimann sem safnaði orðum úr frumbyggjamálum Suður-Ameríku, þ.á. m. orðum sem hlotið hafa alþjóðlega útbreiðslu. Sum þeirra eiga sinn sess í íslensku sem tökuorð og eru notuð í daglegu máli án þess að við gerum okkur endilega grein fyrir því – eða hugsum mikið út í það.

Juan David Hernández Rodríguez fjallar um afstöðu rannsóknarhóps til notkunar tungumálsins ladino og til málnotenda þess í samanburði við hebresku í Ísrael. Sambúð þessara mála í Ísrael hefur lítið verið könnuð en rannsóknin tók einkum til móðurmálshafa ladino, sem annaðhvort voru frá bernsku tvítyngdir á ladino og hebresku eða höfðu ladino sem fyrsta mál. Fer þeim hópi ört fækkandi og eru raunar engir eintyngdir ladino-mælendur eftir. Rannsóknin leiddi í ljós tvo þætti sem höfðu áhrif á viðhorf til málsins, annan málfræðilegan en hinn félagslegan.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir fjallar stuttlega um franska rithöfundinn Honoré de Balzac og birt er þýðing hennar á bréfi Balzac til herra Charlex de Bernard du Grail úr öðrum hluta ritsafns Balzacs frá 1830. Bréfið fjallar um myndhöggvarann Sarrasine, sem í Rómarferð sinni heillast af yngismeynni Zambinellu en ekki er allt sem sýnist. Hjá Sarrasine reynist eitthvað brothætt sem enn er víða brothætt tæplega tvö hundruð árum síðar.

Hólmfríður Garðarsdóttir fjallar um argentínska rithöfundinn, blaðamanninn og menningarfrömuðinn Cristina Civalo og feril hennar. Hún hefur vakið athygli vegna hispurslausra frásagna af lífi örvæntingafullra kvenna á barmi taugaáfalls. Hér birtist þýðing á tveimur slíkum smásögum; *Gin* og *Gin & tonic*.

Ana Belén Fernández Organista fjallar á spænsku um Ástu Sigurðardóttur, lífshlaup hennar og höfundaferil sem hvort tveggja vakti mikla athygli í Reykjavík samtímans. Hér birtist þýðing Ana Belén á smásögunni *Kóngaliljur* eftir Ástu, sem á spænsku kallast *Liros reales*.

Loks er umfjöllun Óskars Vistdal um finnska þýðingu Harrys Lönnroth á hinum fornsænsku *Eyfamúljóðum* sem bárust til Norðurlanda í upphafi 14. aldar ásamt riddaraljóðum og sögum Arthúrs konungs og riddara hringborðsins. Þykir Lönnroth hafa tekist afar vel upp við þýðinguna og um leið auðgað erlendan sagnasjóð Finna verulega.

Ritstjórar vilja koma á framfæri þökkum fyrir ánægjulegt samstarf til höfunda, prófarkalesara og annarra sem hafa gert útgáfuna mögulega. Jessica Murphy, Sigríður Harðardóttir, Simón Noriega-Olmos og Gunnhildur Jónatansdóttir lásu prófarkir, Valgerður Jónasdóttir annaðist umbrot. Öll eiga þakkir skildar. Enn fremur ber að þakka ónafngreindum ritrýnum tímaritsins fyrir framlag sitt. Útgáfa *Milli mála* er sem fyrr styrkt af Styrktarsjóði Vigdísar Finnbogadóttur.

*Geir Þórarinn Þórarinsson*  
*Þórbildur Oddsdóttir*



# Greinar



## Ritháttur og eðli þýðinga: Saga þýðinga í Japan

### Inngangur

Þýðingar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að miðla menningu mælenda eins tungumáls til mælenda annars. Rannsóknir á þýðingum beinast m.a. að sameiginlegum og ólíkum einkennum tungumála, aðferðarfræði og hvaða áhrif tíðarandinn hefur á það hvaða verk eru þýdd. Hins vegar er ekki mikið fjallað um áhrif ritháttar á þýðingar, en hér verður fjallað um hvernig ritháttur japönsku gerði það að verkum að þýðingar milli tungumála urðu ekki til í Japan fyrr en á 19. öld. Það að mælendur tveggja tungumála skilji ekki hverjir aðra virðist ekki nægja til þess að þýðingar verði til, ekki einu sinni þótt tungumálin séu óskyld, heldur hefur ritháttur tungumálanna einnig mikil áhrif. Í þessu sambandi verður einnig spurt hvort vestræna skilgreiningin á „þýðingu“ sé mögulega of þröng og eigi því ekki við um þýðingarhefðir annarra menningarheima.

Til þess að gera þessum tilgátum sem best skil verður fyrst fjallað almennt um japanska tungumálið, þrjá rithætti þess og skyldleika þess við önnur tungumál. Síðan verður farið yfir svokallaða *kanbun kundoku* þýðingarhefð Japana og það sem mælir á móti því að hún geti talist þýðing í vestrænum skilningi. Því næst verður

greint frá því hvernig viðhorf Japana til þýðinga breyttust með auknum samskiptum við Vesturlönd og þýðingum úr tungumálum sem notuðu latneskt stafróf. Síðasti kafli greinarinnar byggir á þessu og fjallar um fyrrnefndar tilgátur um áhrif ritháttar á þýðingar og ástæður þess að vestræn skilgreining orðsins „þýðing“ hentar illa þegar um er að ræða japanskar þýðingarhefðir.

## Japanska og ritháttur hennar

Japanska er tungumál sem talað er í Japan og meðal fólks af japönskum uppruna um allan heim, sérstaklega í Bandaríkjunum og Brasilíu, og er móðurmál tæplega 125 milljóna manna.<sup>1</sup> Orðaröð í japönsku er frumlag-andlag-sagnorð (FAS). Nafnorð eru kynlaus og fallbeygjast ekki en eftirsetningar segja til um það hvaða hlutverki nafnorð gegnir í setningu. Fleirtala nafnorða er táknuð með viðskeyti, en venjulega er tala orða ekki tilgreind. Sagnorð eru til í nútíð og þátíð, en ekki framtíð, og geta verið í germynd, þolmynd, orsakamynd (e. *causative*) eða orsakapolmynd (e. *causative-passive*). Þau geta líka beygst eftir möguleika<sup>2</sup> og eftir kurteisi. Lýsingarorð tíðbeygjast eins og sagnorð. Í japönsku er persónufornöfnum oftast en ekki sleppt. Aukasetningar eru algengar en koma á undan orðunum sem þær eiga við.

Í japönsku eru fimm sérhljóðar og 14 grunnsamhljóðar.<sup>3</sup> Hægt er að sameina samhljóðann „y“ [j] öðrum samhljóðum, en eini samhljóðinn sem getur staðið sjálfstæður er „n“ [n], öllum hinum þarf að fylgja sérhljóði. Samhljóðar geta verið tvöfaldir og þá er aðblástur á undan þeim. Í japönsku er jöfn áhersla á öll atkvæði, en lengd sérhljóða skiptir máli og er merkingarbær. Í rauninni er ekki um atkvæði að ræða heldur dvalareiningar eða mórur (e. *mora*) vegna þess að það er ekki áherslan sem skiptir máli heldur lengd

1 „Spread of the Japanese language“, WorldData.info.

2 Hér er átt við þá merkingu sem á íslensku er búin til með hjálparsögninni „að geta“. Sem dæmi má nefna sögnina *yomu* (読む) „að lesa“ sem verður *yomeru* (読む) „get lesið“.

3 A [a], í [i], u [u], e [e], o [o] og p [p], b [b], t [t], d [d], k [k], g [g], s [s], z [dz], h [h], m [m], n [n], r [r], j (enskt y) [j], enskt w [w]. Hins vegar er það einkenni á japönskum samhljóðum að þeir hafa mörg ólík hljóðbrigði og því eru ekki allir sammála um það hversu mörg samhljóð á að telja til, en við grunnsamhljóðana 14 mætti m.a. bæta við f [ɸ], dj (enskt j) [z], ensku sh [ç] og ensku ch [tʃ], sbr. Labrunne, *The Phonology of Japanese*, 59–60.

hljóða, svipað takti í tónlist. Mikill munur er á mállýskum mismunandi landshluta. Þrír rithættir eru notaðir til þess að skrifa japönsku, en þeir eru annars vegar kínverskt myndletur sem kallast *kanji* og hins vegar tvö atkvæðaróf<sup>4</sup> sem kallast *hiragana* og *katakana* og þróuðust út frá *kanji* á Heian-tímabilinu (794–1185).<sup>5</sup> Ritháttunum þremur er blandað saman, en þumalputtareglan er sú að nafnorð og orðstofnar eru skrifuð með *kanji*, beygingarendingar og smáorð með *hiragana* og nýleg orð af erlendum uppruna, oftast úr Vesturlandamálum, með *katakana*.

Uppruni japönsku og skyldleiki hennar við önnur tungumál er mjög umdeildur. Stundum er fjallað um japönsku sem stakmál, sem er þó svolítið villandi þar sem japanska er skyld frumbyggjatumumálum sem töluð eru á Ryukyu-eyjaklasanum, en öll eru þau á mismunandi stigum útrýmingarhættu.<sup>6</sup> Því er hér í rauninni átt við að japanska (eða japansk-ryukyuska) tungumálafjölskyldan sé ekki skyld tungumálum utan þess landsvæðis sem tilheyrir Japan. Hins vegar eru margir fræðimenn þeirrar skoðunar að japanska sé skyld kóresku þar sem málfræði tungumálanna tveggja er mjög lík, en þau tengsl þykja ekki fullsönnuð.<sup>7</sup> Nýlega hafa einnig verið gerðar rannsóknir sem tengja mögulegan sameiginlegan uppruna japönsku og kóresku við tyrkísk, mongólsk og túngísk mál í svokallaðri altískri eða þverevrasískri (e. *Transeurasian*) tungumálafjölskyldu og að japanska hafi auk þess orðið fyrir áhrifum frá ástrónesískum tungumálum, en þessar tengingar eru einnig mjög umdeildar.<sup>8</sup>

Japanska bjó ekki yfir neinu ritmáli fyrr en á 6. öld e. Kr. Þegar Kóreubúar kynntu kínverskt myndletur fyrir Japönnum.<sup>9</sup> Kínverskt myndletur breiddist út um Austur-Asíu eins og latneska stafrófið breiddist út um Evrópu og var aðalletur heimshlutans í þúsundir ára. Kínverjar kalla letur sitt *hànxi* og elstu merki um það eru frá miðju öðru árþúsundi fyrir Kristsburð. Letrið barst til Kóreuskaga

4 Atkvæðaróf virka eins og stafróf en í stað þess að hafa eitt tákn fyrir eitt hljóð þá er eitt tákn fyrir eitt atkvæði, t.d. ち „chi“, な „na“, < „ku.“

5 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 61.

6 Vovin, „Origins of the Japanese Language.“

7 Sjá t.d.: Francis-Ratte, „Lexical recycling“; Unger, „No Rush to Judgment“; Vovin, „Origins of the Japanese Language.“

8 Sjá t.d.: Robbeets, „Austronesian influence“; Robbeets, „The Transeurasian homeland.“

9 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 24–25.

á 3. og 4. öld e. Kr. og er kóreska útgáfa þess kölluð *hanja*. Á 6. öld e. Kr. báru kóreskir erindrekar og innflytjendur letrið til Japans og er japanska útgáfa þess kölluð *kanji*. Hægt er að líkja mismunandi útgáfum letursins, *hànzi*, *hanja* og *kanji*, við mismunandi útgáfur latneska letursins sem notaðar eru um alla Evrópu.<sup>10</sup> Ritháttur er oft mismunandi, en táknið eru í grunninn þau sömu og auðvelt er að bera kennsl á þau. Þótt hægt sé að bera kínverskt letur saman við latneskt er þó einn grundvallarmunur á. Latneskt letur er staf-róf þar sem hver stafur er eitt hljóð. Kínverska letrið er hins vegar myndletur, þar sem hvert tákn stendur fyrir eitt orð eða hugtak og er mismunandi táknum raðað saman til að tákna flóknari orð eða hugtök. Það er því ekki beint samband milli tákna myndletursins og hljóða tungumálsins, heldur er samband á milli tákna myndletursins og orða og hugtaka tungumálsins. Þetta gerir það að verkum að tákni myndleturs geta orðið mörg þúsund talsins. Einnig veldur þetta því að sama orð er skrifað nákvæmlega eins í mörgum tungumálum en borið fram á mismunandi vegu.

Saga þýðinga í Japan hefst í raun á því þegar kínverska myndletrið var lagað að japönsku. Þar sem Kína var lengi stærsta menningarveldi Asíu eru mörg tökuorð úr kínversku í japönsku máli. Orðin voru tekin beint upp, með örlitlum breytingum til að gera þau auðveldari í framburði, og ekki þurfti að breyta rithættinum. Hins vegar voru sömu myndleturstákn líka fengin að láni til þess að skrifa orð sem þá þegar voru til í japönsku. Þetta veldur því að flest myndleturstákn í japönsku má lesa á tvo mismunandi vegu, þ.e. á japönsku eða á kínversku sem aðlöguð hefur verið að japönsku. Til dæmis er táknið 水 lesið sem „mizu“ þegar það stendur eitt og sér og þýðir „vatn“, en þegar það er notað í samsetta orðinu fyrir „miðvikudag“ (jp. *suibōbi*, 水曜日), sem Japanir tóku upp frá Kínverjum, er það lesið sem „sui“.

Halda mætti að þar sem myndletur tengist orðum og hugtökum tungumála en ekki hljóðum skipti ekki máli hvort tungumál séu lík eða skyld því að hægt sé að nota eitt myndletur fyrir hvaða tungumál sem er. En sú er ekki raunin og kínverska myndletrið á í raun

10 Hér er rétt að nefna að þótt Kóreubúar hafi notað *hanja* til þess að skrifa í margar aldir, þá var fundið upp kóreskt stafróf sem kallast *hangul* um miðja 15. öld sem kom algjörlega í staðinn fyrir *hanja* á 20. öld. Kóreubúar nota því ekki kínverskt myndletur lengur heldur stafróf sem virkar á mjög svipaðan hátt og latneska stafrófið og passar nánast fullkomlega við kóreska tungumálið.

ekki vel við japönsku, vegna þess að kínverska og japanska eru alls óskyld tungumál. Orðaröð í kínversku er önnur en í japönsku og því koma myndleturstáknin ekki í sömu röð þegar tungumálin eru skrifuð. Japanska notar sagnbeygingar til þess að tilgreina tíðir, myndir og kurteisi en kínverska gerir það ekki. Því vantar myndleturstákn til þess að gefa þessar sagnbeygingar til kynna. Kínverska notar ekki þær eftirsetningar sem til eru í japönsku sem segja til um hlutverk nafnorða í setningu og því vantar einnig tákn fyrir þær. Þegar kínversk orð voru innlimuð í japönsku urðu einnig til mörg orð sem hljómuðu nákvæmlega eins í japönsku, þar sem tónarnir sem greindu á milli orðanna í kínversku hurfu við færsluna milli tungumála. Því eru mörg myndleturstákn sem hljóma nákvæmlega eins í framburði á japönsku. Sem dæmi má nefna að orðið „shuchō“ má skrifa á sjö mismunandi vegu og það hefur sex ólíkar merkningar.<sup>11</sup>

## Saga þýðinga í Japan

Þótt það hafi verið Kóreubúar sem kynntu kínverskt myndletur fyrir Japönnum og legðu grunninn að aðlögun myndletursins fyrir tungumál óskyld kínversku, þá voru það kínverskir textar sem Kóreubúar höfðu með sér og allar þýðingar Japana voru gerðar úr kínversku.<sup>12</sup> Þessar þýðingar voru að miklu leyti úr klassískri kínversku en eftir 1600 urðu þýðingar úr samtímakínversku sífellt algengari. Sameiginleg notkun kínverska myndletursins gerði það að verkum að japanskir þýðendur breyttu kínverskum textum svo lítið að varla er hægt að tala um þýðingu í vestrænum skilningi. Aðferðin sem notuð var við þýðingar í Japan frá 7. öld og alveg fram á 20. öld er kölluð *kanbun kundoku* (jp. 漢文訓読),<sup>13</sup> en heitið á þessari aðferð er einnig gott dæmi um það hvernig kínverskt myndletur virkar. Orðhlutinn „kan“ (jp. 漢) þýðir „kínverskt“, „bun“ (jp. 文) er „setning“ eða „skrift“, „kun“ (jp. 訓) þýðir „jap-

11 Shuchō: 主張 „fullyrðing“ eða „staðhæfing“; 首長 eða 主長 „forstjóri“ eða „formaður“; 主潮 „aðalstraumur“ (í haf); 主調 „grunntónn“ eða „meginþráður“; 腫脹 „bólga“; 朱鳥 Shuchō-tímabilið (níu mánaða tímabil árið 686 e. Kr.).

12 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 54.

13 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

anskt“ og „doku“ (jp. 読) er „lestur“. Hugtakið *kanbun kundoku* er því tvö orð samsett úr fjórum táknum sem hvert hefur sína eigin merkingu og saman mynda þau nýja merkingu: „japanskur lestur á kínverskum skrifum.“ Aðferðin virkaði þannig að númer og framburðartákn voru skrifuð vinstra megin við myndleturstáknin (en japanska var skrifuð lóðrétt, þ.e. niður, og er það oft enn þann dag í dag) til að sýna í hvaða röð ætti að lesa orðin þannig að þau pössuðu við japanska orðaröð.<sup>14</sup> Hægra megin við myndletrið voru síðan lítil tákni sem sýndu hvernig beygja ætti orðin samkvæmt japanskri málfræði eða komu í staðinn fyrir málfræðileg smáorð. Textinn var því ekki skrifaður upp á nýtt á japönsku, heldur þurfti aðeins að bæta við auka táknum og merkingum hér og þar.

*Kanbun kundoku* varð ekki til á einni nóttu heldur þróaðist aðferðin á löngum tíma, jafnvel í árhundruð, og var *kanbun kundoku* í raun ekki ein aðferð heldur regnhlífarhugtak yfir margar svipaðar aðferðir sem notaðar voru til að ná sama markmiði.<sup>15</sup> *Kanbun kundoku*-þýðingar byggðust á fyrir fram ákveðnum lestri á japönsku þar sem japanskt orð samsvaraði algjörlega og óumdeilanlega ákveðnu kínversku orði.<sup>16</sup> Í Japan þurfti lesandinn sjálfur að átta sig á blandaða þýðingatungumálinu sem kínverskan var þýdd yfir á. Það var ekki þýðandans að gera textann aðgengilegan, heldur átti lesandinn að túlka textann sjálfur.<sup>17</sup> Þýðingar úr kínversku voru stundaðar á þennan hátt fram á 20. öld.<sup>18</sup> Það var ekki fyrr en undir lok 16. aldar að Japanir fóru að þýða úr öðrum tungumálum en kínversku, en þá var eitthvað um þýðingar úr portúgölsku, aðallega trúarlegs eðlis.<sup>19</sup> Þeim þýðingum virðist hafa verið hætt þegar Japanir lokuðu landamærum sínum fyrir Vesturlandabúum í byrjun 17. aldar. Aðeins Hollendingar voru eftir og þeir höfðust við á lítilli manngerðri eyju, Dejima, rétt fyrir utan Nagasaki.<sup>20</sup>

Nagasaki var ein mikilvægasta hafnarborg Japans og í einangruninni varð hún mikil miðstöð fyrir þýðingar úr hollensku og asíu-

14 Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 58.

15 Semizu, „Invisible Translation“, 290; Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 58.

16 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

17 Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 59.

18 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

19 Kondo og Wakabayashi, „Japanese Tradition“, 469.

20 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 128.

málum, sérstaklega samtímakínversku.<sup>21</sup> Japanir þýddu allt mögulegt úr kínversku en úr hollensku þýddu þeir aðallega nytsamlega og fræðilega texta.<sup>22</sup> Þeir þýðendur sem sérhæfðu sig í hollensku kölluðust *tsūji* (jp. 通事).<sup>23</sup> Þeir unnu fyrir ríkið og gekk staða þýðanda í erfðir. Mun meira var þó um þýðingar úr samtímakínversku heldur en hollensku, en bæði tungumál höfðu þau áhrif að Japanir fóru að velta fyrir sér mikilvægi hljóðfræði í þýðingum.<sup>24</sup> Þegar kom að bókmenntaþýðingum úr samtímakínversku var hins vegar ekki hægt að nota *kanbun kundoku*-aðferðina.<sup>25</sup> Þessar bókmenntir voru oftast en ekki skrifaðar á suður-kínverskum mállýskum þar sem notkun myndleturstáknanna og bókmenntastíllinn sjálfur voru allt öðruvísi en Japanir voru vanir. Snemma á 18. öld varð því sífellt algengara að skrifa merkingu kínversku myndleturstáknanna við hlið þeirra með japanska *katakana* atkvæðarófinu, en enn var stuðst við aukatákn og -merkingar til þess að sýna orðaröð og beygingar.<sup>26</sup> Þessar nýju þýðingar höfðu þau áhrif að bókmenntaformið *yomihon* varð til í Japan sem byggði á þessum kínversku samtímabókmenntum sem og japönskum og kínverskum skáldsagnahefðum almennt.<sup>27</sup> Þýðingar úr Evrópumálum hófust ekki fyrir alvöru fyrir en í kringum aldamótin 1800, en þá varð til þýðingaraðferð sem kallast *obun kundoku* (jp. 欧文訓読).<sup>28</sup> Þessi nýja þýðingaraðferð virkaði alveg eins og *kanbun kundoku* nema henni var beitt á evrópska texta (jp. *obun*, 欧文) en ekki kínverska, fyrst á hollenska texta og síðar á enska.<sup>29</sup>

Það var ekki fyrir en eftir að Japanir opnuðu landamæri sín aftur fyrir Vesturlandabúum, þ.e. eftir Meiji-endurreisnina árið 1868, að Japanir fóru að þýða og endursegja vestrænar bókmenntir, m.a. verk eftir William Shakespeare, Friedrich Schiller og Leó Tolstoj, og fræðirit almenns eðlis, t.d. verk John Stewart Mill og Jean-Jacques

21 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 58.

22 Kondo og Wakabayashi, „Japanese Tradition“, 470.

23 Sama heimild.

24 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 54.

25 Sama heimild, 62.

26 Sama heimild, 62.

27 Sama heimild, 54.

28 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

29 Morioka, *Obun kundoku no kenkyū*, 19. Vísað í af Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

Rousseau.<sup>30</sup> Þessi verk voru sennilega valin vegna þess að þau þóttu eiga vel við tíðaranda nútímavæðingar Japans, en á þessum tíma lögðu Japanir mikla áherslu á að taka Vesturlönd sér til fyrirmyndar, t.d. með Iwakura-sendiförinni (1871–1873) þar sem nokkrir japanskir ráðamenn ferðuðust um Bandaríkin og Evrópu til að sjá hvað hægt væri að læra af þeim þjóðum.<sup>31</sup> Líklegt þykir að þennan áhuga á nútímavæðingu megi m.a. rekja til ósigra Kínverja fyrir Englendingum í ópíumstríðunum (1839–1842 og 1856–1860). Það var mikið áfall fyrir Austur-Asíuþjóðir, þar á meðal Japani, þegar öflugasta þjóðin og mesta menningarríkið í þessum heims hluta í meira en 2000 ár laut í lægra haldi fyrir þjóð sem þar var svo til óþekkt.<sup>32</sup> Því gerðu Japanir allt sem í þeirra valdi stóð til að litið yrði á þá sem jafningja á Vesturlöndum en ekki þjóð til að hernema. Þýðingar á öllum sviðum lista og fræða höfðu mikil áhrif á þessa uppbyggingu og nútímavæðingu, enda hafa fyrstu árin eftir Meiji-endurreisnina verið kölluð „tímaskið þýðinganna“.<sup>33</sup> Rétt eftir Meiji-endurreisnina voru endursagnir erlendra bókmennta einnig algengar en þýðingar tóku yfir eftir mitt Meiji-tímabilið (1868–1912).<sup>34</sup>

Þýðingar hafa haft mikil áhrif á japanska menningu allt frá því að Japanir fóru fyrst að tileinka sér *kanji*. Semizu segir það ekki vera ýkjur að halda því fram að Japanir eigi alla sína vitsmunalegu þróun til forna, frá 5. öld til 8. aldar e. Kr., algjörlega ritum kínverskra fræðimanna að þakka og klassísk kínversk verk hafi verið grunnurinn að menntun í Japan þar til um miðja 20. öld.<sup>35</sup> Þessi staðhæfing er í samræmi við það viðhorf að í Japan var lengi litið á *hiragana* og *katakana*, sérjapönsku atkvæðarófin, sem óæðri skrift en *kanji* og því var ekki lagt mikið upp úr því að þýða yfir á japönsku heldur var haldið í *kanbun kundoku*-aðferðina og kínverska frumtextann með myndleturstáknum.<sup>36</sup> Eftir að atkvæðarófin urðu til á Heian-tímabilinu þótti öldum saman finna að nota *kanji* og atkvæðarófin

30 Miller, *Adaptations of Western Literature in Meiji Japan*, 18–19.

31 Narangoa, „Japan's Modernization“, 15–16.

32 Schiorkauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 160.

33 Keene, *Dawn to the West*, 55–75.

34 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 30.

35 Semizu, „Invisible Translation“, 283.

36 Okayama, „A Nagasaki Translator“, 54.

voru oft tengd konum, sem voru yfirleitt ekki eins vel menntaðar og karlmenn.<sup>37</sup> Þessi staðalímynd var mjög föst í japanskri menningu þótt margir af helstu rithöfundum Japana hafi verið konur, t.d. Murasaki Shikibu (ca. 978–1014) og Sei Shōnagon (ca. 966–1025), en verk þeirra höfðu síðar mikil áhrif á japanska nútímahöfunda.<sup>38</sup>

Meðal þeirra áhrifa sem þýðingar hafa haft á japönsku má nefna að með *kanbun kundoku*-þýðingum komu margar orðsamsetningar inn í tungumálið úr kínversku og nú á dögum er ekki hægt að sjá muninn á þessum „nýyrðum“ annars vegar og hins vegar þeim orðum sem eru japönsk að uppruna.<sup>39</sup> *Ōbun kundoku* hafði m.a. þau áhrif að Japanir fóru að nota persónufornöfn í mun meira mæli en þeir gerðu áður og orðið „það“ (jp. *sore*, それ) varð að ópersónulegu frumlagi. Einnig komu viðlíkingar, myndhverfingar og persónugervingar inn í bókmenntir Japana með *ōbun kundoku*-þýðingum á vestrænum bókmenntaverkum.<sup>40</sup> Stuttu eftir Meiji-endurreisnina urðu japanskar endursagnir vestrænna skáldsagna mjög vinsælar og á níunda áratug 19. aldar komu út fyrstu nútímaskáldsögur Japana, en þær byggðu á vestrænum fyrirmyndum.<sup>41</sup>

## Viðhorf til þýðinga

*Ōbun kundoku*-þýðingar höfðu ekki aðeins áhrif á japanska tungumálið heldur höfðu þær líka þau áhrif að fyrstu umræður og vangaveltur um þýðingar og þýðingaradferðir urðu til í Japan. Á meðan *kanbun kundoku*-þýðingar voru við lýði og hægt var að bæta táknum og þýðingum inn í kínverska texta án þess að þurfa að skrifa hann upp á nýtt og túlka á japönsku byggðust þýðingar á fyrir fram ákveðnum lestri á japönsku þar sem japanskt orð samsvaraði algjörlega og óumdeilanlega kínversku orði.<sup>42</sup> Með tilkomu evrópskra tungumála og *ōbun kundoku*-þýðinga varð þýðingarum-

37 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 61; Wakabayashi og Sato-Rossberg, „Introduction“, 3.

38 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 61.

39 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 95.

40 Sama heimild, 96.

41 Schirokauer, Lurie og Gay, *A Brief History of Japanese Civilization*, 184.

42 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

hverfið allt í einu flóknara. En þar sem Japanir lokuðu landamærum sínum fyrir Evrópubúum rétt eftir aldamótin 1600 og *öbun kun-doku*-aðferðin varð ekki til fyrr en í kringum aldamótin 1800 þá var ekki farið að ræða um þýðingar fyrr en á seinni hluta 18. aldar og það var ekki fyrr en eftir Meiji-endurreisnina (1868) sem umræður um þýðingar hófust fyrir alvöru. Í Japan haldast umræður og vangaveltur um þýðingar og þýðingaraðferðir því í hendur við samskipti landsins við Evrópulönd.

Allra fyrstu vangaveltunnar um þýðingar birtust í Japan á 18. öld, þótt lítið hafi verið fjallað um þýðingar og þýðingaraðferðir fyrr en á 19. öld. Árið 1711 kom út verkið *Leiðarvísir til þýðinga* (jp. *Yakubun sentei*, 訳文筌蹄) eftir þýðandann Ogyū Sorai þar sem hann segir að skrifa eigi þýðingar á eðlilegri japönsku og gera frumtextann alveg skýran fyrir lesendum markmálsins.<sup>43</sup> Hins vegar virðist Ogyū nota orðið „þýðing“ í merkingu sem er nær því sem kallast myndi „endursögn“ nú á dögum, þar sem Ogyū segir að orðið „þýðing“ merki í raun aðeins „svipur“ eða „líking“.<sup>44</sup> Þetta sést einnig á því að í *Leiðarvísir til þýðinga* er tekin fyrir sama smásagan á japönsku annars vegar og samtímakínversku hins vegar en þótt söguþráðurinn sé sá sami þá er orðanotkunin gjörólík.<sup>45</sup> Aðra umfjöllun um þýðingar frá 18. öld má finna í skrifum fræðimannsins Ban Kokei, en árið 1777 skrifaði hann verk um þróun japanska ritmálsins og þar gat að líta sérstakan kafla um þýðingar.<sup>46</sup> Í kaflanum skrifar Ban að honum finnist að hlutverk þýðenda ætti að vera að miðla merkingu texta. Skoðanir Ogyū og Ban fengu samt ekki mikinn hljómgrunn þar sem best þótti að þýða orðrétt fram að lokum seinni heimsstyrjaldar.<sup>47</sup> Mizuno, sem er sá japanski þýðingafræðingur sem aðrir fræðimenn á sviði þýðinga vitna mest í,<sup>48</sup> fjallar um það hvernig ýmis þýðinganorm hafi orðið til eftir Meiji-endurreisnina, en á dæmunum sem hann tekur sést að þessi norm voru aðallega mismunandi útfærslur á beinum og orðréttum þýð-

43 Pastreich, „Grappling with Chinese Writing as a Material Language“, 129–130.

44 Sama heimild, 130.

45 Sama heimild, 141.

46 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 31.

47 Mizuno, „Kindai Nihon no bungakuteki tagen shisutemu“, 6; Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 31.

48 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 20.

ingum, en lítið hafi verið niður á frjálssari þýðingar.<sup>49</sup> Í Japan virðist því alltaf hafa verið lagt meira upp úr því að þýðingar væru eins nálægt frumtextanum og hægt var, að endursögnum undanskildum, þar til eftir heimsstyrjöldina, fyrst með *kanbun kundoku*-aðferðinni og síðan hjá þýðendum Meiji- og Taishō-tímabilanna (1868–1912 og 1912–1926).

Þetta viðhorf til þýðinga fór að breytast eftir seinni heimsstyrjöld, en lok hennar eiga það sameiginlegt með Meiji-endurreisninni að þá urðu miklar samfélagsbreytingar og áhrif frá Vesturlöndum jukust mikið. Fyrsti Japaninn sem kallaði eftir því að rannsaka ætti þýðingar á kerfisbundinn og fræðilegan hátt var Naruse Takeshi árið 1978.<sup>50</sup> Árið 1972 hafði hann þýtt á japönsku bókina *Toward a Science of Translating: With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating* eftir Eugene Nida, en það var fyrsta bókinn um þýðingafræði sem þýdd var á japönsku. Í bókinni fjallar Nida um muninn á formlegu jafngildi (e. *formal equivalence*), sem heldur eins mikið í uppsetningu og orð frumtextans og hægt er, og áhrifajafngildi (e. *dynamic equivalence*), þar sem merking og boðskapur textans og skilningur lesenda markmálsins eru höfð í huga.<sup>51</sup> Nida sjálfur virðist hallast að áhrifajafngildi í þýðingum, sem hann segir vera þá stefnu sem sé ríkjandi á Vesturlöndum, og telja að þeir þýðendur sem leggi áherslu á áhrifajafngildi séu almennt betri þýðendur og hafi meiri skilning á frumtextanum.<sup>52</sup>

Segja má að skrif Naruse og þýðingar hans á kenningum Nida hafi markað ákveðin tímamót í þýðingum í Japan þar sem upp úr því fór að bera á meiri áherslu á áhrifajafngildi í þýðingum, sem og á fræðilegum skrifum um þýðingar og innleiðingu vestrænna þýðingakenninga. Sem dæmi má nefna einn afkastamesta og frægasta fræðimann Japanna á sviði þýðinga, Yanabu Akira, en í greininni „Vandamál við þýðingar“ (jp. „Hon’yaku no mondai,“ 翻訳の問題) gagnrýndi Yanabu það sjónarmið að orðréttar þýðingar væru betri en þær sem leggja áherslu á að þýða merkingu textans og sagði

49 Mizuno, „Kindai Nihon no bungakuteki taken shisutemu“; Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“.

50 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 13; Furuno, „Nihon no hon’yaku“ 118.

51 Nida, *Toward a Science of Translating*, 159–160.

52 Sama heimild, 160 og 191–192.

Það vera vandamál ef þýðendur tryðu því að orð-fyrir-orð þýðing skilaði af sér merkingu frumtextans á réttan hátt.<sup>53</sup> Einnig var hann ósammála því viðhorfi samtímamanna sinna að þýðingar ættu að vera erfiðar í lestri.<sup>54</sup> Skrif Itagaki Shinpei eru annað gott dæmi um breytt viðhorf til þýðinga, en hann bjó til japanska orðið fyrir þýðingafræði, *hon'yaku gaku* (jp. 翻訳学), árið 1995 og aðhylltist kenningar John Dryden, sem setti fram þriggreinunguna: að þýða orðrétt (e. *metaphrase*), að þýða merkingu (e. *paraphrase*) og að búa til eftirlíkingu (e. *imitation*) og taldi miðkostinn ákjósanlegastan.<sup>55</sup> Á svipuðum tíma ýtti Hirako Yoshio af stað kerfisbundnari umræðu um þýðingar byggðri á fræðilegum kenningum. Hann gekk út frá því að þýðingar væru samskipti milli menningarheima.<sup>56</sup> Því er hægt að segja að vestræn tungumál og kenningar höfðu þau áhrif að í Japan varð til millivegur í þýðingaraðferðum milli orðréttra þýðinga og endursagna, en þetta viðhorf til þýðinga hefur haldist síðan.<sup>57</sup>

Eftir aldamótin 2000 varð aftur breyting á viðhorfum til þýðinga þar sem þýðingar fóru að öðlast gildi sem sjálfstæð bókmenntaverk jafngild frumsömdum verkum.<sup>58</sup> Eitt besta dæmið um þetta eru rannsóknir Mizuno Akira á bókmenntakerfum Meiji- og Taishō-tímabilanna. Mizuno notar m.a. fjölkerfiskenningu Even-Zohar og tengir hana við bókmenntir í Japan á fyrrnefndum árum. Í fjölkerfiskenningu sinni setur Even-Zohar bókmenntir upp sem kerfi og heldur því fram að þýðingar geti annaðhvort verið í miðju þess kerfis, og þá haft mikil áhrif á þróun bókmennta, eða verið á mörkum kerfisins, og haft þar með lítil áhrif á þróun bókmennta.<sup>59</sup> Hann nefnir þrjú tilvik þar sem þýðingar geta skipað sér sess í miðju bókmenntakerfis: þegar bókmenntir tiltekinnar menningar eru ungar og enn að komast á legg, þegar ákveðin bókmennta-

53 Yanabu, „Hon'yaku no mondai“, 147. Vísad í af Furuno, „Nihon no hon'yaku“, 118.

54 Yanabu, „Hon'yaku no mondai“, 142. Vísad í af Furuno, „Nihon no hon'yaku“, 118.

55 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 15; Ástráður Eysteinnsson, *Trímali*, 60.

56 Takeda, „The Emergence of Translation Studies“, 15.

57 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation in Modern Japan“, 47; Furuno, „Nihon no hon'yaku“, 120.

58 Inoue, „On the Creative Function of Translation“, 115.

59 Munday, *Introducing Translation Studies*, 165; Even-Zohar, „The Position of Translated Literature“, 46.

stefna er ný og á sér ekki fyrirrennara í sínu bókmenntakerfi og þegar mikil breyting verður svo að tómarúm myndast í bókmenntakerfinu.<sup>60</sup> Mizuno tengir þetta við japanskar bókmenntir árána 1868–1926 og það hvernig tómarúm hafði myndast í japönskum bókmenntum á þessum tíma. Af þeim sökum hafi þýðingar skipað sér sess í miðju japanska bókmenntakerfisins til ársins 1908.<sup>61</sup> Mizuno segir þýddar bókmenntir hafa verið mikilvægt framlag til stofnunar og þróunar fjölkerfis japanskra nútímabókmennta og setur þar með skýrt fram að þýðingar séu jafngildar frumsömdum verkum.<sup>62</sup>

## Áhrif ritháttar á þýðingar og þýðingaraðferðir

Af því sem fram hefur komið sést að það var ritháttur Japana sem réði því hvernig þeir þýddu og olli því að í Japan var lengi vel ekkert rætt um þýðingar eða þýðingaraðferðir. *Kanbun kundoku*-aðferðin virðist því hafa valdið því að deilur sem voru ofarlega á baugi í sambandi við þýðingar í Evrópu í gegnum aldirnar, m.a. um hvort þýða ætti orð fyrir orð eða merkingu fyrir merkingu, hafi ekki þekkt hjá þýðendum í Japan. En þar sem *kanbun kundoku*-aðferðin var ekki notuð til þess að búa til nýja texta á eiginlegu markmáli má spyrja hvort hægt sé að kalla *kanbun kundoku*-texta þýðingar.

Í umfjöllun sinni í *Tvímælum* um merkingu orðsins „þýðing“ bendir Ástráður Eysteinnsson á að á mörgum evrópskum tungumálum felur orðið í sér yfirfærslu merkingar eða flutning milli tungumála (sbr. *oversatte* á dönsku og *translate* á ensku).<sup>63</sup> Íslenska orðið geti hins vegar einnig merkt að „skýra“ eða „útlista“.<sup>64</sup> Samkvæmt Árnastofnun er skilgreiningin á orðinu „þýða“ að „breyta (texta) af einu tungumáli á annað“,<sup>65</sup> en í *Íslenskri orðsifjabók* fær orðið víðtækari merkingu og er skilgreint sem að „gera þjóðinni

60 Sama heimild, 46–47.

61 Mizuno, „Kindai Nihon no bungakuteki taken shisutemu,“ 4; Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 29–30.

62 Mizuno, „A Genealogy of Literal Translation“, 46.

63 Ástráður Eysteinnsson, *Tvímali*, 25.

64 Sama heimild, 25; Ásgeir Blöndal Magnússon, „Þýða, þýðing“.

65 *Íslensk nútímamálsorðabók*, „þýða“.

skiljanlegt“.<sup>66</sup> Catford skilgreinir „þýðingu“ sem svo að skipt sé á texta á frummáli og jafngildum texta á markmáli,<sup>67</sup> en eins og Ástráður Eysteinnsson bendir á vandast málið þegar um er að ræða þýðingar úr millimálum, þýðingar milli sögulegra málstiga sama tungumáls, endurgerðir og mismunandi list- og tjáningarform.<sup>68</sup> Þrískipting Jakobson, þýðing innan tungumáls (e. *intralingual translation*), þýðing milli tungumála (e. *interlingual translation*) og þýðing milli táknerfa (e. *intersemiotic translation*), kemur að miklu leyti til móts við þennan vanda.<sup>69</sup> Aftur á móti er ekki tekið tillit til túlkunar á frumtextanum í þessari þrískiptingu, en mikill munur getur verið á þýðingum úr sama frumtexta eftir því hver þýðandinn er, auk þess sem deilur um meintar hugsanir höfundar geta skipt sköpum.<sup>70</sup>

Segja má að *kanbun kundoku*-textar geti talist skýringar eða útlistanir og þar af leiðandi þýðingar í þeirri merkingu. Einnig mætti segja að *kanbun kundoku* sé þýðing milli táknerfa, en þá þarf að spyrja hversu mikil breyting þarf að verða til þess að um nýtt táknerfi sé að ræða þar sem í *kanbun kundoku* er kínverski textinn sjálfur óbreyttur og aðeins er stuðst við framburðar- og beygingartákn sem bætt er inn í frumtextann. Sé hins vegar tekið mið af merkingu „þýðingar“ sem yfirfærslu, flutningi úr einu tungumáli yfir á annað eða að gera þjóðinni skiljanlegt, má færa rök fyrir því að *kanbun kundoku*-textar séu í raun ekki þýðingar þar sem frumtextanum sjálfum var ekki breytt, ekkert eiginlegt markmál er til staðar og textarnir voru aðeins skiljanlegir ákveðnum hópi lærðra manna sem höfðu sérstaka þjálfun í að lesa slíka texta. Af þessum sökum er oft sagt að *kanbun kundoku*-textar séu ekki þýðingar úr kínversku yfir á japönsku heldur yfir á kínverskt-japanskt blendingsmál,<sup>71</sup> að þeir séu einskismannsland milli tungumála,<sup>72</sup> eða að um eins konar hugræna þýðingu hafi verið að ræða, þar sem ekki varð

66 Ásgeir Blöndal Magnússon, „Þýða, þýðing“; Ástráður Eysteinnsson, *Tvímáli*, 25.

67 Catford, *A Linguistic Theory of Translation*, 20; Ástráður Eysteinnsson, *Tvímáli*, 25–26.

68 Ástráður Eysteinnsson, *Tvímáli*, 26–27.

69 Jakobson, „On Linguistic Aspects of Translation“, 233; Ástráður Eysteinnsson, *Tvímáli*, 27–28.

70 Gauti Kristmannsson, „Teoría, tryggð og túlkun“, 19.

71 Wakabayashi, „Marginal Forms of Translation in Japan“, 58.

72 Reynolds, *Translation*, 3.

til áþreifanlegur texti á eiginlegu markmáli.<sup>73</sup> Skoðanir fræðimanna eru því mjög skiptar um hvort hægt sé að nota orðið „þýðing“ yfir *kanbun kundoku*-texta, sérstaklega þar sem ekkert var fjallað um þýðingar í Japan fyrr en á 18. öld.<sup>74</sup>

Séu *kanbun kundoku*-textar ekki þýðingar má velta því fyrir sér hvort *kanbun kundoku*-aðferðin geti talist þýðingaraðferð. Hið sama má segja um *kanbun kundoku*-aðferðina og *kanbun kundoku*-texta, þ.e. að *kanbun kundoku* sé skýringaraðferð eða útlistunaraðferð og hún sé einnig eins konar aðferð til þess að færa texta milli táknkerfa en aðrar merkingar orðsins „þýðingaraðferð“ eigi hér illa við. Þó má segja að *kanbun kundoku*-aðferðinni svipi til þess þegar vest-rænir þýðendur aðhyllast það sem Nida kallaði formlegt jafngildi. Þegar formlegt jafngildi er notað á texti markmálsins að vera eins líkur texta frummálsins og mögulegt er og lesanda markmálsins er ekki auðveldaður lesturinn heldur á hann að upplifa textann út frá frummálinu.<sup>75</sup> Markmiðið með formlegu jafngildi og *kanbun kundoku*-aðferðinni virðist því vera hið sama. Hins vegar má deila um hvort hægt sé að nota orðið „jafngildi“ fyrir *kanbun kundoku*-aðferðina þar sem textinn sjálfur er ekki aðeins jafngildur heldur nákvæmlega sá sami, þótt framburðurinn sé vissulega ólíkur.

Þetta vekur upp spurningar um eðli þýðinga. Séu *kanbun kundoku*-þýðingar ekki samþykktar sem eiginlegar þýðingar má segja að í Japan hafi þýðingar ekki verið til fyrr en Japanir fóru að þýða úr tungumálum sem höfðu annars konar rithátt. Þá má færa rök fyrir því að það sé í raun ritháttur tungumála sem ráði því hvort þýðingar verði til. Þýðingar verði þá ekki til sjálfkrafa þegar texta eins tungumáls er miðlað til lesanda annars, heldur sé það ritháttur tungumálanna sem hafi hvað mest áhrif þegar að tilvist þýðinga kemur. Þegar um er að ræða þýðingar milli tveggja tungumála sem nota sama myndletur virðist einnig vera lítil sem engin þörf á umræðum um þýðingar og þýðingaraðferðir. Hins vegar veldur latneska stafrófið, sem byggist á hljóðum, því að þörf er á að þýða texta og ýtir af stað umræðunni um þýðingaraðferðir, sem og dýpri hugleiðingum um merkingu orða og samsvörun orða eins tungu-

73 Mizuno, „Stylistic Norms in the Early Meiji Period“, 94.

74 Semizu, „Invisible Translation“, 283; Wakabayashi, „Situating Translation Studies in Japan“, 39.

75 Nida, *Toward a Science of Translating*, 159.

máls við orð annars.<sup>76</sup> Einnig hefur ritháttur tungumála áhrif á þær spurningar sem vakna þegar fjallað er um þýðingar, t.d. hvort orðið „þýðing“ skuli aðeins eiga við um ritaðan texta eða líka framburð lesanda á textanum, og hvort þýðingar teljist sjálfstæð bókmenntaverk, en svo var ekki í Japan á meðan aðeins voru notaðir textar tungumála sem skrifuð voru með sama myndletri.

Á móti þessu má segja að þýðingar eða endursagnir úr samtímakínversku hafi orðið til í Japan á 17. og 18. öld og að í samtímakínversku er enn sama myndletur notað og í japönsku. Wakabayashi og Sato-Rossberg nefna t.d. að það sem kalla má „hefðbundnar“ þýðingar hafi orðið til með þýðingum úr samtímakínversku á 17. öld.<sup>77</sup> Hins vegar má svara þessum mótrökum með því að benda á að enn var um að ræða þýðingaraðferðir sem eru ólíkar því sem tíðkast hefur á Vesturlöndum og byggðu á því að merkingum og þýðingum var bætt inn í frumtexta og að þeir textar sem talað var um sem þýðingar myndu frekar flokkast sem endursagnir nú á dögum. Það var ekki aðeins samtímakínverska sem olli því að Japanir fóru að velta fyrir sér hljóðfræði heldur einnig hollenska og benda má á að þýðingar úr portúgölsku, þótt fáar væru, urðu til í Japan áður en farið var að þýða úr samtímakínversku, en þetta þyrfti að kanna nánar. Á 17. og 18. öld var einnig enn mjög lítið um umræður um þýðingar og þýðingaraðferðir þrátt fyrir auknar þýðingar og endursagnir úr samtímakínversku. Það var ekki fyrir en eftir Meiji-endurreisnina árið 1868 og með auknum samskiptum við Vesturlandabúa að þýðingar eins og þær eru almennt skilgreindar á Vesturlöndum, sem og umræður um þýðingar og þýðingafraði, urðu til í Japan.

Þetta gæti gefið til kynna að þýðingar eins og þær eru almennt skilgreindar á Vesturlöndum séu vestrænt fyrirbæri. Sé það raunin er hér um að ræða algengt vandamál þegar kemur að því að yfirfæra vestræn hugtök og fyrirbæri yfir á hefðir annarra menningarheima,<sup>78</sup> þ.e. vestræn skilgreining á þýðingum á kannski ekki alveg

76 Sbr. Benjamin, „The Task of the Translator“.

77 Wakabayashi og Sato-Rossberg, „Introduction“, 3.

78 Frægasta dæmið um vestrænt hugtak sem passar ekki við skilgreiningar annarra menningarheima er sennilega enska hugtakið *authenticity*, sem á íslensku mætti þýða sem eitthvað sem er „ekta“, „satt“ eða jafnvel „upprunalegt“ en Heimsmínjaskrá Sameinudu þjóðanna þurfti að breyta skilgreiningu sinni á hugtakinu til þess að skrá mætti á listann fornan japanskan helgidóm, sem er endurbyggður á 20 ára fresti. Sjá m.a. Stovel, „Origins and influence“, 13.

nógu vel við um þýðingar milli tungumála sem nota sama myndletur. Fræðimenn á Vesturlöndum þurfa því að vera meðvitaðir um að hugtök og skilgreiningar sem þeir nota, og virðast sjálfsagðar á Vesturlöndum, koma ekki alltaf að notum þegar um er að ræða fyrirbæri og hefðir utan Vesturlanda.

## Lokaorð

Saga þýðinga í Japan sýnir að rannsóknir og samanburður á sögu þýðinga, þýðingarhefða og þýðingaraðferða geta sagt til um hvaða þýðingaraðferðir og stefnur eru algildar og hverjar ekki. Einnig sýnir hún hvernig mismunandi aðferðir verða til í mismunandi menningarheimum til að leysa sama vandamálið: samskipti og miðlun texta mælenda eins tungumáls til mælenda annars. Ritháttur hefur mikil áhrif á þær aðferðir sem til verða og það er því verðugt viðfangsefni í framtíðinni að rannsaka þýðingarsögu annarra þjóða og bera hana saman við þýðingarsögu Japans og Vesturlanda til þess að gera betur grein fyrir tengslum rithátta tungumála og þýðinga.

## HEIMILDIR

- Ásgeir Blöndal Magnússon. „Þýða, þýðing.“ Í *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2016. <https://ordsifjabok.arnastofnun.is/faersla/23987>
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímali: Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1996.
- Benjamin, Walter. „The Task of the Translator.“ Í *Walter Benjamin: Selected Writings Volume 1913–1926*, ritstýrt af Marcus Bullock og Michael W. Jennings, 253–263. Cambridge, Massachusetts og London: The Belknap Press of Harvard University Press, 1996.
- Catford, J. C. *A Linguistic Theory of Translation: An Essay in Applied Linguistics*. Oxford: Oxford University Press, 1965.
- Even-Zohar, Itamar. „The Position of Translated Literature within the Literary Polysystem.“ *Poetics Today* 11, nr. 1 (1990): 45–51. <http://www.jstor.org/stable/1772668>
- Francis-Ratte, Alexander. „Lexical recycling as a lens onto shared Japano-Koreanic agriculture.“ Í *Language Dispersal Beyond Farming*, ritstýrt af Martine Robbeets og Alexander Savelyev, 75–92. Amsterdam og Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2017. <https://doi.org/10.1075/z.215.04fra>
- Furuno, Yuri 古野 ゆり. „Nihon no hon'yaku: henka no arawareta 1970 nendai“ 日本 の 翻 訳 : 変 化 の 表 れ た 1970 年 代 [Þýðingar í Japan: Breytingar sem áttu sér stað á áttunda áratug 20. aldar]. *Interpretation*, nr. 2 (2002): 114–122. [http://jaits.jpn.org/home/kaishi2002/pdf/08f-furuno\\_02\\_.pdf](http://jaits.jpn.org/home/kaishi2002/pdf/08f-furuno_02_.pdf)
- Gauti Kristmannsson. „Teoría, tryggð og túlkun.“ *Jón á Bagísá: Tímarit þýðenda* 2, nr. 1 (1995): 5–22. <https://timarit.is/issue/388885>
og lokaða manns sem virtist aldrei hafa borið nokkurt skyn á forvitni. Því fór sem fór og eftir margar tilraunir til þess að toga svör upp úr þessari orðvöru fjölskyldu gáfust allir upp á að reyna að komast að hinu vel geymda leyndarmáli. Samkvæmisnjósarnarnir, einfelðningarnir og stjórnámamennirnir urðu þreyttir á þessari ráðgátu og létu málið niður falla.

En á þessari stundu, í þessum glæstu húsakynnum, mátti ef til vill finna heimspekinga sem hugsuðu með sér, um leið og þeir fengu sér ís, frauð eða lögðu tómmt þúnsglasíð frá sér:

„Það kæmi mér ekki á óvart að þetta fólk væri svikahrappar. Þessi gamli karl, sem er í felum og birtist ekki nema á jafndægnum og sólstöðum, hefur allt til að bera til þess að vera morðingi ...“

„Það kemur út á eitt. Að spilla auðæfum manns getur verið verra en að drepa hann sjálfan.“

„Ég veðjaði tuttugu hlöðvispeningum, nú fæ ég fjórutíu.“

„Það eru samt ekki nema þrjátíu eftir á borðinu, herra minn ...“

„Nú jæja, þarna sérðu að hér er alls konar fólk. Það er ekki hægt að spila.“

„Mikið rétt. En nú eru bráðum sex mánuðir síðan við sáum Andann. Heldur þú að þetta sé lifandi vera?“

„Haha, rétt svo ...“

Ég var ókunnugur fólkinu sem lét þessi orð falla, það var á förum í þann mund er ég var að draga saman hugleiðingar mínar þar sem líf og dauði, svart og hvítt sameinuðust. Ég virti fyrir mér til skiptis, með augunum og trylltu ímyndunaraflinu, veisluna sem hafði náð hápunkti glæsileikans og myrka garðana. Ég veit ekki hversu lengi ég hafði hugleitt hliðarnar tvær á mannlegu medalíunni þegar kæfður hlátur ungrar stúlku vakti mig skyndilega af draumunum. Það sem við mér blasti gerði mig orðlausan. Þökk sé afar sjaldgæfum duttlungum náttúrunnar þá hafði þessi hálfdapurlega hugsun sem veltist um í kollinum á mér skroppið út úr honum, hún var þarna fyrir framan mig, persónugerð, lifandi, hún hafði stokkið út eins og Mínerva úr höfðinu á Júpíter, stór og sterk, hún var hundrað ára gömul og tuttugu og tveggja ára í senn, hún var lifandi og látin. Gamli karlinn hafði sloppið út úr herbergi sínu, eins og brjálæðingur úr klefa, og smeygt sér bak við hóp af fólki sem hlustaði á Marianinu ljúka við að syngja kavatínuna úr harmleiknum

*Tancredi.* Það var eins og hann hefði spröttið upp úr jörðinni, eins og sjá má á leiksviði. Í dálitla stund stóð hann grafkyrr og þungbúinn og horfði á þennan mannfögnuð sem hafði ef til vill raskað ró hans. Hann var svo niðursokkinn og einbeittur við að horfa á allt í kringum sig að þótt hann stæði í miðju mannhafinu sá hann ekki nokkurn mann og var nánast eins og svefngengill. Hann hafði birst sisona við hlið einnar af fegurstu konum Parísar; hún var ung og hrífandi og dansaði af miklum þokka; andlit hennar frísklegt eins og barnsandlit, hvítt og bleikt, og svo finlegt og gegnsett að svo virtist sem augnatillit karlmanns myndi sjá í gegnum það eins og sólargeislarnir sem skína í gegnum tæran ís. Þarna voru þau bæði tvö fyrir framan mig, saman, svo nálægt hvort öðru að ókunnugi maðurinn straukst við þunnofinn silkikjólinn og blóma-kransana, hárið sem var örlítið hrokkið og flaksandi beltisböndin.

Ég hafði komið með þessa ungu konu á dansleikinn hjá frúnni af Lanty. Þar sem þetta var fyrsta heimsókn hennar í þetta hús fyrirgaf ég henni kæfðan hláturinn en sendi henni samstundis áberandi merki sem gerði hana vandræðalega og varð til þess að hún sýndi karlinum fyllstu virðingu. Hún fékk sér sæti við hlið mér. Öldungurinn gat ekki sagt skilið við þessa dásamlegu stúlku sem hann elti sérviskulega, án sýnilegrar ástæðu og af þeirri þöglu þrákelkni sem háaldrað fólk getur búið yfir og hagar sér fyrir vikið eins og börn. Til þess að geta sest niður við hlið ungu stúlkunnar þurfti hann að verða sér úti um fellistól. Hver hreyfing hans bar með sér þennan kalda þunga, þetta kjánalega óöryggi sem einkennir látbragð þeirra sem eru háflamaðir. Hann settist hægt og varfærnislega á stólinn og muldraði nokkur óskiljanleg orð. Rám rödd hans minnti á hljóðið sem myndast þegar steinn dettur ofan í brunn. Ungu konan þrýsti hönd mína af ákafa, eins og hún vildi tryggja að hún hrapaði ekki ofan í hlydýpi, og titraði þegar þessi maður sem hún horfði á leit á hana líflausum, grænhvítum augum, sem einungis var hægt að líkja við matta perlumóður.

„Ég er hrædd,“ hvíslaði hún í eyra mér.

„Þér er óhætt að tala,“ svaraði ég, „hann heyrir mjög illa.“

„Nú, þekkir þú hann?“

„Já.“

Hún herti sig upp í að virða fyrir sér um stund þessa veru sem

mannleg tunga á ekki orð yfir, form án innihalds, veru án lífs eða líf án hreyfingar. Hún var knúin áfram af óttablandinni forvitni sem nær slíkum tókum á konum að þær verða sér úti um geðs- hræringu hvað sem það kostar, horfa á hlekkjuð tigrisdýr, horfa á bóaslöngur og fyllast skelfingu yfir því að aðeins lítillfjörleg girðing aðskilji hana frá þeim. Þótt samanreki öldungurinn væri hokinn eins og daglaunamaður var auðséð að hann hafði verið meðal- maður á hæð. Hann var grindhóraður og veikbyggðir útlirnir voru til marks um að hann hafði ætíð verið grannvaxinn. Hann klæddist svörtum silkibuxum sem héngu í fellingum eins og rifað segl, hólkvíðar yfir holdlausum lærunum. Líffærafræðingur hefði strax þekkt einkenni sjúklegar megurðar við að sjá visna fótleggina sem héldu þessum einkennilega líkama uppi. Hálfpartinn eins og tvö bein lögð í kross ofan á leiði. Hjartað fylltist hryllingi þegar ummerkin sem hrumleiki og hrörnun höfðu skilið eftir á þessu fallvalta gangverki blöstu við. Óþekkti maðurinn var í hvítu vesti, gullbrydduðu að gömlum sið, og skyrtnan hans var skjannahvít. Rauðleit pífa úr enskri blúndu myndaði gular pliseringar í háls- málinu; blúndan var svo ríkmannleg að hún hefði sæmt drottningu, en á honum líktist hún frekar lörfum en skrauti. Óendanlega dýr- mætur demantur skein og glitraði eins og sólin í miðri pífunni. Þessi fornlegi munaður, þetta dýra, smekkklasa djásn, dró enn betur fram hrörlega ásýnd þessarar skrýtnu veru. Ramminn hafði myndefninu. Dökkt andlitið var beinabert og tekið. Hakan var tálguð, gagnaugun innfallin, augun sokkin í gulleitar augntóftirnar. Útstæð kjálkabeinin voru ólýsanlega mögur og kinnarnar innfallnar. Ljósið skein úr ólíkum áttum á þessa hnúska og myndaði skugga og furðulegt endurskin og fyrir vikið hvarf það sem eftir var af mannlegum eiginleikum í þessu andliti. Auk þess hafði gulleitt, þunnt hörundið gróið svo rækilega við beinin með árunum að á því mátti sjá fjöldann allan af hrukkum og skorningum, eins og gárur á grugg- ugu vatni sem krakki hefur kastað steini í, eða stjörnulaga sprungur, eins og brot í gleri, djúpar og þéttar líkt og arkir í bók. Sumir öldungar eru vissulega ófrýnilegir en það sem átti stærstan þátt í að vofan sem hafði birst fyrir framan okkur leit út eins og gervimaður voru litirnir, rauður og hvítur, sem skinu af honum. Ljósið sem féll á augabrúnir þessa grímulíka andlits sýndi hversu vel þær voru

málaðar. Til allrar hamingju fyrir þessa sorgarsjón var höfuðkúpan falin undir ljósri, lokkaprúðri hárkollu sem benti til dæmalausrar sýndarmennsku. Því má bæta við að kvenleg tildursemi þessarar draumkenndu persónu var rækilega undirstrikuð með gulleyrnalokkum, glitrandi eðalsteinum á hringum sem skreyttu beinabera fingurna, og úrkeðju sem sindraði eins og grópir á demantsfesti um háls konu. Auk þess var stírnað glott, háðslegt og vægðarlaust líkt og á hauskúpu, á bláleitum vörum þessa andlits sem líktist einna helst japönsku líkneski. Hann var þögull og hreyfingarlaus eins og stytta og af honum lagði sömu moskusangan og af gömlum kjólum sem erfingjar hertogaynju grafa upp úr skúffum hennar við skráningu eignanna. Þegar öldungurinn leit á gestina virtust mött augun knúin áfram af ósýnilegum vélum og þegar augun námu staðar mátti efast um að þau hefðu færst til. Að sjá – við hlið þessara leifa af manneskju – unga stúlku með beran háls, handleggi og barm, geislandi af hreysti og fegurð, með hrífandi fallega greitt hár yfir mjólkurhvítu enni og augu sem ekki tóku heldur gáfu frá sér birtu; sem geislaði af lífi, blíð og frískleg, með finlega, ilmandi lokka sem virtust of þungir, of þéttir, of miklir fyrir þessa skuggaveru, fyrir þennan uppþornaða mann ... Þarna mætast dauðinn og lífið, hugsun mín var eins og ímynduð arabeska, tálsýn, að hluta forljót, að hluta guðdómlega kvenleg frá mitti og upp úr.

„Og samt er talsvert um hjónabönd af þessum toga í samfélaginu,“ hugsaði ég með mér.

„Það leggur af honum kirkjugarðslykt,“ hrópaði unga konan upp yfir sig, skelfingu lostin og greip í mig, eins og til að fullvissa sig um að ég myndi vernda hana, og ákafinn í hreyfingum hennar sannfærði mig um að hún væri dauðhrædd. „Þetta er hræðileg sýn,“ bætti hún við, „og ég get ekki verið hérna stundinni lengur. Ef ég horfi aftur á hann mun ég halda að dauðinn sjálfur sé kominn að ná í mig. En er hann lifandi?“

Hún lagði höndina á þetta fyrirbæri af þeirri dirfsku sem konur finna í sinni sterku þrá en köldum svita sló út um hana því að hún hafði ekki fyrr snert öldunginn en hljóð eins og í hrossabresti gall við. Þessi skræka rödd, ef þetta var þá rödd, hafði skroppið upp úr hálsi sem var nánast skraufþurr. Henni fylgdi barnslegur, krampa-kenndur hósti sem lét einkennilega í eyrum. Við þennan hávaða litu

Marianina, Filippo og frúin af Lanty til okkar og augnaráð þeirra var eins og elding. Unga konan hefði viljað liggja á Signubotni. Hún tók í handlegginn á mér og leiddi mig í átt að kvennastofunni. Karlar og konur viku svo að við kæmumst leiðar okkar. Þegar við vorum komin í ysta gestasalinn gengum við inn í litla hálfhringlaga stofu. Samfylgdarkona mín kastaði sér niður á dívan, titrandi af ótta og án þess að vita hvar hún var.

„Þú ert ekki með réttu ráði, frú,“ sagði ég.

„En,“ hélt hún áfram eftir andartaksþögn sem ég notaði til að dást að henni, „er það mér að kenna? Hvernig stendur á því að frúin af Lanty leyfir afturgöngum að flækjast um húsið sitt?“

„Svona, svona,“ svaraði ég, „þú lætur eins og kjáni. Þú heldur að gamall karl sé afturganga.“

„Ekki orð um það meir,“ sagði hún með þessum ákveðna og um leið hæðnislega svip sem konur grípa til þegar þær vilja hafa rétt fyrir sér. „Mikið er þessi kvennastofa smekkleg!“ hrópaði hún og leit í kringum sig. „Blátt satín kemur alltaf svo einstaklega vel út í veggkjöldum. En glæsilegt! Nei, en hvað þetta er fallett málverk!“ bætti hún við og gekk að mynd sem var í íburðarmiklum ramma.

Við stóðum í dágóða stund og dáðumst að þessu furðuverki sem yfirnáttúrulegur pensill virtist hafa dregið upp. Málverkið sýndi Adonis liggjandi á ljónsfeldi. Ljósakrónan í miðri stofunni var úr alabastri og varpaði mjúkri birtu á málverkið, sem gerði okkur kleift að sjá hversu fagurt það var.

„Er til svo fullkomin vera?“ spurði hún mig, og það örlaði fyrir ánægjubrosi á vörum hennar eftir að hafa virt fyrir sér þokkafullar útlínurnar, stellinguna, litinn, hárið, í raun allt.

„Hann er of falletur fyrir karlmann,“ bætti hún við eftir að hafa grannskoðað hann líkt og hann væri keppinautur.

Ó! Við þessi orð fann ég áþreifanlega fyrir öfundinni sem ljóðskáld nokkurt hafði reynt að telja mér trú um að væri til, þessari öfund í garð þrykkmynda, málverka og styttna þar sem listamenn ýkja mannlega fegurð í anda lögmálsins um að upphefja og fegra.

„Þetta er málverk,“ svaraði ég. „Það er Vien sem á heidurinn af því. En þessi mikli listmálari hefur aldrei séð frummyndina og kannski dregur aðeins úr aðdáun þinni við að heyra að þessi persóna var máluð eftir styttnu af konu.“

„En hver er þetta?“

Ég hikaði.

„Mig langar að vita það,“ bætti hún við, áköf.

„Ég held,“ svaraði ég, „að þessi Adonis sé ... sé ... ættingi frúarinnar af Lanty.“

Það særði mig að sjá hana svona niðursokkna í málverkið. Hún settist niður þögul, ég tyllti mér við hlið hennar og tók í hönd hennar án þess að hún tæki eftir því! Hún hafði gleymt mér út af málverki! Á því andartaki mátti heyra skríjál í kjól og létt fótatak konu bergmála í kyrrðinni. Við sáum hina ungu Marianinu koma inn og það var ekki síður sakleysið sem skein af andlitinu en þokkinn og nýju fötin sem gerði hana svona fallega; hún gekk hægt og leiddi af móðurlegri umhyggju, dótturlegri alúð, þessa uppáklæddu vofu sem hafði hrakið okkur úr tónleikasalnum; hún fylgdi henni og horfði óróleg á hana feta sig varlega áfram á veikburða fótunum. Með erfiðismunum komu þau að dyrum sem leyndust milli veggjaldanna. Marianina bankaði mjúklega. Nánast samtundis, eins og fyrir einhvern kynngimátt, birtist hávaxinn, grannur maður, eins konar töfravættur. Unga stúlkan kyssti kurteislega þetta lifandi lík áður en vörðurinn dularfulli tók við því og þessi saklausu blíðuhót voru ekki alveg undanþegin þokkafullu daðrinu sem sumar lánsamar konur hafa á valdi sínu.

„*Addio, addio!*“ sagði hún með fegursta blæ sinnar ungu raddar.

Hún bætti hrifandi tónaröð við síðasta atkvæðið, lágum rómi og líkt og hún vildi draga upp ljóðræna mynd af tilfinningunum sem bærðust innra með henni. Eitthvað rifjaðist skyndilega upp fyrir öldungnum sem stóð kyrr á þröskuldi leyniherbergisins. Í djúpri þögninni heyrdum við þungt andvarp stíga upp úr brjóstkassa hans: hann tók fallegasta hringinn sem hann bar á beinaberum fingrunum og kom honum fyrir í barmi Marianinu. Unga flónið skelltí upp úr, tók hringinn og smeygði honum yfir hanskan á fingur sér og tók á rás í átt að tónleikasalnum þar sem heyra mátti forspilið að kontradansi. Hún sá okkur.

„Ó! Voruð þið hér!“ sagði hún og roðnaði.

Hún horfði spyrjandi á okkur og hljóp því næst til dansherrans með þeim áhyggjulausa ákafa sem hæfði aldri hennar.

„Hvað þýðir þetta?“ spurði mín unga samfylgdarkona. „Er þetta eiginmaður hennar? Er mig að dreyma? Hvar er ég?“

„Þú,“ svaraði ég, „þú, frú mín góð, sem ert ástríðufull og hefur svo góðan skilning á jafnvel ógreinanlegustu tilfinningum, þú kannt að viðhalda allra viðkvæmstu tilfinningunni lifandi í mannsins hjarta án þess að skemma hana, án þess að gera hana að engu á fyrsta degi, þú sem hefur samúð með ástarsorgum og, eins og Parísardömu sæmir, ert ástríðufull að hætti Ítala eða Spánverja ...“

Hún skynjaði beiska kaldhæðnina í orðum mínum og eins og ósjálfrátt greip hún fram í fyrir mér og sagði:

„Æ, þú þykist vita hvernig ég er. Þvílíkur yfirgangur! Þú vilt ekki að ég sé ég.“

„Nei, ég vil alls ekki neitt,“ hrópaði ég upp yfir mig og var brugðið af þessu harkalega viðmóti. „Það er að minnsta kosti rétt að þú hefur ánægju af að heyra söguna um þessar miklu ástríður sem heillandi suðrænar konur hafa vakið í hjarta okkar?“

„Já. Og hvað með það?“

„Nú, ég skal koma til þín um níuleytið annað kvöld og svipta hulunni af þessum leyndardómi.“

„Nei,“ svaraði hún kankvís, „ég vil heyra þessa sögu hér og nú.“

„Þú hefur enn ekki gefið mér leyfi til að hlýða þér þegar þú segir: Ég vil.“

„Á þessu andartaki,“ svaraði hún svo daðurslega að ég fylltist örvæntingu, „brenn ég af þrá eftir að komast til botns í þessu leyndarmáli. Á morgun er ekki víst að ég kæri mig um að hlusta á þig ...“

Hún brosti og við kvöddumst; hún alltaf jafn drambsök og óvægin og ég alltaf jafn afkáralegur, á þessari stundu sem öðrum. Hún var svo ósvífin að dansa vals við ungan liðsforingja, og ég var ýmist reiður, niðurdreginn, fullur aðdáunar, ástfanginn eða afbrýðisamur.

„Sjáumst á morgun,“ sagði hún þegar klukkan var að nálgast tvö og hún yfirgaf dansleikinn.

„Ég fer ekki til þín,“ hugsaði ég með sjálfum mér, „og ég segi skilið við þig. Þú ert duttlungafyllri og sennilega ... þúsund sinnum óútreiknanlegri en ég get gert mér í hugarlund.“

Daginn eftir sátum við bæði fyrir framan arin þar sem logaði

glatt, í lítilli, fallegri stofu; hún á tveggja manna sófa, ég á púðum á gólfinu, svo að segja við fætur hennar, og horfði upp til hennar. Kyrrð ríkti á götunni. Lampinn gaf frá sér milda birtu. Þetta var eitt af þessum kvöldum sem gæla við sálina, andartak sem gleymist aldrei, yndisleg stund friðar og löngunar sem vekur alltaf eftirsjá, jafnvel þegar við erum enn hamingjusamari. Hver getur þurrkað út þessi minnisstæðu spor sem fyrsta ástarþráin skilur eftir?

„Jæja,“ sagði hún, „ég er tilbúin.“

„En ég þori ekki að hefja söguna. Í henni eru kaflar sem eru hættulegir fyrir þann sem segir frá. Ef ég verð of æstur verður þú að þagga niður í mér.“

„Talaðu.“

„Ég hlýði.“

„Ernest-Jean Sarrasine var einkabarn saksóknara í Franche-Comté,“ hélt ég áfram eftir stutt hlé. „Saksóknarinn hafði á nokkuð heiðarlegan hátt orðið sér úti um sex til átta þúsund pund í rentur, sem þá var gríðarlega há upphæð fyrir mann sem starfaði úti á landi. Gamli lögmaðurinn átti þennan eina son og vildi veita honum bestu menntun sem völ var á og vonaðist til að sonurinn yrði dómari og að hann sjálfur yrði nógu langlífur til að sjá sonarson Matthieus Sarrasines, plægingarmanns frá Saint-Dié, fá gott embætti og dotta yfir réttarhöldunum, dómstólnum til heiðurs. En æðri máttarvöld höfðu ekki í hyggju að veita saksóknaranum þessa ánægju. Strax á unga aldri var Sarrasine settur í umsjá jesúíta og sýndi snemma merki um óvenjulegt óstýrilæti. Bernska hans var eins og annarra hæfileikamanna. Hann lærði þegar honum þóknaðist, var mótþróafullur, og iðulega niðursokkinn í sundurlausar vangaveltur klukkutímum saman og var þá annaðhvort að virða fyrir sér félagu sína að leik eða að ímynda sér hetjurnar í Hómerskviðum. Og ef honum datt í hug að skemmta sér fylgdi því mikill eldmóður. Þegar sló í brýnu milli hans og skólafélaganna fylgdu því oftast blóðug átök. Ef hann varð undir þá beit hann. Hann var sitt á hvað framtakslaus og framtakssamur, klaufalegur og afburðagreindur, og þessi einkennilega skapgerð vakti ótta hjá kennurum hans og félögum. Í stað þess að læra grísku teiknaði hann háæruverðuga prestinn sem útskýrði fyrir þeim kafla eftir Þúkýdídes, rissaði upp myndir af stærðfræðikennaranum, umsjónar-

manninum, herbergisþjónunum, prófdómaranum, og ataði alla veggi út í ókláruðum skissum. Í stað þess að syngja Drottni lof í kirkjunni skemmti hann sér við að skemma bekkinn sem hann sat á við messu og þegar honum tókst að stela nokkrum viðarbútum tálgaði hann einhvern kvendýrling. Ef hann vantaði spýtu, stein eða blýant mótaði hann hugmyndir sínar í mjúkt brauð. Hvort sem hann teiknaði upp persónur á málverkum sem skreyttu kórinn eða fann upp á þeim sjálfur þá skildi hann alltaf eftir í sæti sínu dónalegar skyssur sem ollu yngstu prestunum miklu hugarangri en rógberar sögðu að gömlu jesúitarnir hefðu brosað að þessu. Að lokum, sé nokkuð mark takandi á skólakrónikunni, var hann gerður brottrækur fyrir að hafa tálgað Krist út í stóran viðarbút á meðan hann beið eftir að röðin kæmi að honum í skriftastólnum. Guðlastið sem var rist í drumbinn var svo áberandi að það var óhjákvæmilegt að refsa listamanninum. Hann hafði verið svo óforskammaður að setja þessa meinhæðnu figúru ofan á oblátuskrínið! Sarrasine leitaði skjóls í París undan hótunum föður síns. Þar sem hann bjó yfir miklum viljastyrk og þekkti engar hindranir hlýddi hann snilligáfu sinni og fékk pláss á vinnustofu Bouchardons. Hann vann allan daginn og þegar kvöldaði fór hann og betlaði sér mat. Bouchardon var furðu lostinn yfir hæfileikum og framförum þessa unga listamanns og gat sér fljótt til um eymdina sem nemandi hans bjó við; hann kom honum til hjálpar, fór að þykja vænt um hann og leit á hann sem son sinn. Þegar snilligáfa Sarrasines kom síðan í ljós í einu verka hans, þar sem ófullburða hæfileikar börðust enn við ólgu æskunnar, reyndi hinn góðhjartaði Bouchardon að koma á sáttum við gamla saksóknarann. Hin föðurlega reiði hjadnaði andspænis áhrifamætti þessa þekhta myndhöggvara. Besançon fagnaði því að vera fæðingarbær verðandi mikilmennis. Á fyrstu andartökum sæluvímunnar sem hégómagjörndin hafði framkallað gerði níski saksóknarinn syni sínum kleift að koma vel fyrir í samfélaginu. Langt og strembið námið í höggmyndalistinni hélt ofsafenginni skapgerð og óheflaðri snilligáfu Sarrasines í skefjum lengi vel. Bouchardon gerði sér grein fyrir því hversu ákafar ástríðurnar yrðu þegar þær brytust út í þessari ungu sál, sem bjó ef til vill yfir eins miklum skaphita og Michelangelo, og kæfði þær með endalausum verkefnum. Honum lánaðist að halda óvenju-

legum eldmóði Sarrasines innan hæfilegra marka ýmist með því að banna honum að vinna, með því að stinga upp á afþreyingu þegar hann sá að einhver hugsun hafði reitt hann til reiði, eða með því að fela honum mikilvæg verkefni um leið og hann var tilbúinn í svall og ólífnað. Mildin var ætíð mikilvægasta vopnið þegar þessi ástríðufulla sál átti í hlut og meistarinn náði góðum tókum á nemanda sínum vegna þess að hinn ungi Sarrasine var honum þakklátur fyrir föðurlega umhyggjuna.

Þegar Sarrasine var tuttugu og tveggja ára gamall var óhjákvæmilegt að hann losnaði undan þeim heilnæmu áhrifum sem Bouchardon hafði á siðferði hans og venjur. Hann galt snilligáfu sína dýru verði með því að fá höggmyndaverðlaun sem markgreifinn af Marigny, sem var bróðir frúarinnar af Pompadour og gerði svo mikið fyrir listirnar, hafði efnt til. Diderot lýsti stytta nemanda Bouchardons sem meistaraverki. Það var einkar sársaukafullt fyrir myndhöggvara konungs að sjá á eftir óreyndum ungum manni til Ítalíu, manni sem hann hafði vísitandi ekki upplýst um lífið sjálft. Um tíu ára skeið hafði Sarrasine verið í fæði hjá Bouchardon. Hann var fanatískur í listinni, eins og Canova varð síðar, vaknaði í dagrenningu, fór á vinnustofuna og kom ekki þaðan út aftur fyrr en seint um kvöld og deildi lífi sínu einungis með músunni sinni. Þegar hann fór í Comédie-Française-leikhúsið var það lærimeistari hans sem tók hann með sér. Honum leið svo illa hjá frú Geoffrin og meðal fína fólksins, sem Bouchardon reyndi að kynna hann fyrir, að hann kaus frekar að vera einn og hafnaði lystisemdunum sem lífið hafði upp á að bjóða á þessum tíma. Einu ástkonur hans voru Höggmyndalistin og Clotilde, ein af stjörnum Óperunnar. Samt varð það samband ekki langlíf. Sarrasine var fremur ófriður, alltaf illa til fara og svo sjálfstæður að edlisfari, svo óstöðugur í sínu einkalífi, að nýmfan fræga óttaðist hið versta og skilaði myndhöggvaranum aftur til Listarinnar. Sophie Arnould hefur sagt eitthvað viturlegt um þetta. Ég held að hún hafi verið hissa á að vinkona hennar hafi verið tekin fram yfir stytturn.

Sarrasine fór til Ítalíu árið 1758. Meðan á ferðalaginu stóð fylltist ímyndunaraflíð eldmóði undir koparlitum himni og við að sjá stórkostleg mannvirkin sem blasa alls staðar við í föðurlandi Listanna. Hann dáðist að stytturnum, veggmyndunum, málverkun-

um, og var kappsfullur er hann kom til Rómar og staðráðinn í að sjá nafn sitt á milli nafna Michelangelos og herra Bouchardons. Því varði hann fyrstu dögum dvalarinnar ýmist í vinnustofunni eða við að skoða hin fjölmörgu listaverk sem finna má í Róm. Hann hafði eytt tveimur vikum, gagntekinn eins og unga fólkið verður andspænis þessari drottningu rústanna, þegar hann lagði leið sína kvöld eitt í Argentina-leikhúsið þar sem mikill mannfjöldi var saman kominn. Hann spurðist fyrir um hvers vegna aðsóknin væri svona mikil og var svarað með tveimur nöfnum:

„Zambinella! Jomelli!“

Hann fór inn og fékk sér sæti í salnum, á milli tveggja *abbati* í góðum holdum sem þrengdu að honum en hann var svo heppinn að vera nálægt sviðinu. Tjaldið lyftist. Í fyrsta sinn á ævinni heyrði hann þessa tónlist sem herra Jean-Jacques Rousseau hafði farið svo lofsamlegum orðum um í návist hans í samkvæmi kvöld eitt hjá baróninum af Holbach. Það má því segja að hinir göfugu tónar Jomellis hafi á vissan hátt borið feiti á skilningarvit unga myndhöggvarans. Hann var frá sér numinn yfir tregafullum tónum ítölsku raddanna sem fléttuðust svo fagurlega saman. Hann var orðlaus, grafkyrr, gleymdi jafnvel prestunum tveimur. Sálín fann sér stað í eyrunum og augunum. Honum fannst hann heyra með hverri taug líkamans. Skyndilega titraði salurinn af dynjandi lófataki og fagnaði innkomu *prima donna*. Hún gekk hrífandi og fágúð fram á sviðið og heilsaði áhorfendum af ómótstæðilegum yndisþokka. Ljósín, ákafinn í mannföldanum, töfrar sviðsins, heillandi klæðnaðurinn, sem þótti mjög aðlaðandi á þeim tíma, allt lagðist þetta á eitt um að gera þessa konu aðdáunarverða. Sarrasine stundi af ánægju. Á þessu andartaki dáðist hann að þessari fullkomnu fegurð sem hann hafði leitað að hér og þar, sótt fallega mótaða fótleggi til einnar fyrirsætu, iðulega af lægri stéttum, útlínur brjósts til annarrar, hvítar axlir enn annað; hann notaði sem sagt háls einhverrar ungrar stúlku, hendur einhverrar konu og mjúk hné einhvers barns, án þess að finna nokkru sinni hin mildu og glæsilegu sköpunarverk Forn-Grikkja undir köldum himni Parísarborgar. Í La Zambinella mátti sjá allar fínlegu línur kvenlíkamans þrungnar lífi og undurfögur, langþráð hlutföll sem myndhöggvari dæmir harðar og dáiur heitar en nokkur annar. Munnurinn var tjáningarríkur, augun full af

ást og hörundið skínandi hvítt. Og við þessi smáatriði, sem listmálari hefði hrifist af, má bæta öllum dásemdum Venusarstyttnanna sem Grikkir dýrka og höggva út. Listamaðurinn þreyttist ekki á að dásama undursamlega tengingu handleggjanna við brjóstkassann, mjúkan og fínlegan hálsinn, samræmið í dráttum augabrúna og nefs, fullkomlega ávalt andlitið og tærar útlínur þess, og þétt, sveigð augnhárin á breiðum og munúðarfullum augnlokunum. Þetta var meira en kona, þetta var meistaraverk. Og í þessu óvænta sköpunarverki var nægileg ást til að hrífa alla menn og fegurð sem ekki var hægt að gagnrýna.

Sarrasine reif í sig með augunum einum saman það sem honum fannst vera stytta Pygmalions, stigin niður af stallinum. Þegar La Zambinella hóf sönginn varð hann gagntekinn. Listamanninum varð kalt, síðan fann hann skyndilega eldneista innra með sér, á dýpi sem við tengjum hjartanu úr því að við höfum ekkert betra orð. Hann klappaði ekki, hann sagði ekki orð, hann fann fyrir brjálsemi, eins konar hamsleysi sem grípur okkur aðeins á þessum aldri þegar þráin verður einhvern veginn bæði skelfileg og djöfulleg. Sarrasine vildi helst kasta sér upp á sviðið og grípa þessa konu. Kraftur hans hafði hundradfaldast vegna depurðar sem ómögulegt var að útskýra – þar sem fyrirbæri sem þessi gerast utan þess sviðs sem mennirnir sjá – og leitaðist við að brjótast út með sársaukafullu ofbeldi. Utan frá virtist Sarrasine vera heimskur og kaldranalegur. Frægð, þekking, framtíð, lífið, viðurkenningar, allt varð að hjómi.

„Annaðhvort elskar hún mig eða ég dey.“ Þannig hljómaði dómurinn sem hann kvað upp yfir sjálfum sér.

Hann var svo frá sér numinn að hann sá ekki salinn, hvorki áhorfendur né leikendur, og hann heyrði ekki í tónlistinni. Og það sem meira var, nú var engin fjarlægð lengur á milli hans og La Zambinella, hann átti hana, augu hans voru límd við hana, slógu eign sinni á hana. Nánast djöfullegur máttur gerði honum kleift að finna gustinn af þessari rödd, anda að sér ilmandi púðrinu sem þakti hár hennar, sjá misfellurnar í andlitinu, telja bláu æðarnar sem mynduðu örlítil blæbrigði á satínmjúkri húðinni. Og að lokum, þessi fima og ferska rödd með silfurhljóm, mjúk eins og þráður sem minnsti andblær getur mótað að vild, vafið upp og leyst úr,

teygt og togað í allar áttir; þessi rödd réðst svo djarflega á sál hans að oftar en einu sinni veinaði hann óvart af krampakenndum unaði sem mannleg ástríða er alltof spör á. Stuttu síðar þurfti hann að yfirgefa leikhúsið. Skjálfandi fótleggirnir neituðu nánast að halda honum uppi. Hann var uppgefinn, veikburða eins og truflaður maður sem hefur algerlega misst stjórn á skapi sínu. Hann hafði skynjað svo djúpa sælu, eða ef til vill hafði hann þjáðst svo mikið, að líf hans hafði flætt áfram eins og vatn úr vasa sem oltið hefur um koll. Hann fann fyrir tómi innra með sér, vonleysi í líkingu við máttleysið sem grípur þá sem hafa verið alvarlega veikir og fyllir þá örvæntingu þegar sjúkdómurinn er í rénun. Óútskýranleg sorg hellist yfir hann þar sem hann tyllti sér niður á kirkjutröppur. Hann hallaði sér upp að súlu og gleymdi sér í óljósum hugsunum, líkt og hann væri að dreyma. Ástríðan heltók hann. Þegar hann kom aftur heim rann á hann vinnuæði af þeim toga sem aðeins rennur á fólk þegar grundvallarbreyting hefur orðið á lífi þess. Ofurseldur þessum fyrsta ástríðuhita, sem bæði má rekja til ánægju og sársauka, ákvað hann að beisla óþolinmæðina og ofsann með því að teikna La Zambinella eftir minni. Þetta var eins konar efnisleg íhugun. Á einni teikningunni virtist La Zambinella yfirveguð og fjarlæg, að hætti Rafaels, Giorgiones og allra þekktu listmálaranna. Á annarri sneri hún höfðinu daðurslega um leið og hún söng tónaröð og það var eins og hún væri að hlusta á eigin rödd. Sarrasine rissaði upp myndir af konunni sem hann elskaði, í öllum stellingum; hann teiknaði hana án blæju, sitjandi, standandi, liggjandi, annaðhvort blygðunarfulla eða ástfangna, og töfrarnir í blýantsdráttunum gerðu honum kleift að draga upp allar sérkennilegu hugdettur sem herja á ímyndunaraflíð þegar við erum með hugann bundinn við konu sem við elskum. En hamslaus hugsunin bar hann lengra en að blaðinu og blýantinum. Hann sá La Zambinella, talaði við hana, grátbað hana, varði þúsund árum ævi sinnar og hamingju með henni, setti hana í allar þær aðstæður sem hægt var að ímynda sér og lét reyna á, ef svo má segja, hvernig framtíðin yrði með henni. Næsta morgun bað hann þjón sinn að taka á leigu stúku nálægt sviðinu allt sýningarárið. Eins og allir stórhuga ungir menn gerði hann mikið úr þessu ætlunarverki sínu og byrjaði á því að næra ástríðuna á þeirri hamingju að geta dáðst að viðfangi sínu

hindrunarlaust. Þessi gullöld ástarinnar, þegar tilfinningin sem ástin vekur veitir okkur gleði og okkur tekst næstum því að finna hamingju í einsemdinni, átti ekki eftir að verða langlíf hjá Sarrasine. Atburðirnir áttu sér þó stað á meðan hann var enn undir töfrum þessara fyrstu ofskynjana sem voru í senn einfeldningslegar og munúðarfullar. Á einni viku lifði hann heila ævi þar sem hann hóf dag hvern á að hnoða leirinn sem hann notaði til að gera eftirmyndir af La Zambinella þrátt fyrir blæjurnar, pilsin, bolina og slaufurnar sem voru í veginum. Á kvöldin mætti hann snemma í stúkuna, aleinn, hallaði sér niður á sófa, eins og Tyrki í ópíumvímu, og gaf hamingjunni lausan tauminn. Til að byrja með kynntist hann æ betur þessum ofursterku tilfinningum sem söngur ástkonunnar vakti með honum; því næst vandi hann augu sín við að horfa á hana og að lokum gat hann virt hana fyrir sér án þess að eiga á hættu að þetta þögla æði, sem hafði gripið hann daginn sem hann fyrst leit hana augum, kæmi yfir hann aftur. Ástríðan dýpkaði við þessa rósemd. Því má bæta við að þessi ómannblendni myndhöggvari gat ekki afborið að félagarnir trufluðu einveru hans sem iðaði af lífi og myndum og var yfirfull af hamingjudraumum og von. Ást hans var svo heit og svo einlæg að hann þurfti að umbera þá saklausu nákvæmni sem lætur á sér kræla þegar við verðum ástfangin í fyrsta skipti. Þegar honum varð ljóst að ekki væri eftir neinu að bíða, hann þyrfti að leita upplýsinga, komast að því hvar La Zambinella byggi, vita hvort hún ætti móður, frænda, forsjármann, fjölskyldu, og þegar hann velti fyrir sér hvernig hann ætti að fara að því að hitta hana, tala við hana, þá fann hann hvernig hjartað bardist í brjósti hans við þessar metnaðarfullu hugsanir og því sló hann þessum verkefnum á frest til morgundagsins og naut þess jafn mikið að þjást líkamlega og að gæla við hugsanir sínar.“

„En,“ sagði frúin af Rochefide og tók af mér orðið, „ég sé hvorki Marianinu bregða fyrir né litla öldungnum hennar.“

„Hann er það eina sem þú sérð,“ hrópaði ég upp yfir mig, ergilegur eins og þegar komið er upp um óvænt endalok hjá sögu-  
manni. „Um nokkurra daga skeið,“ hélt ég áfram eftir stutt hlé, „kom Sarrasine af svo mikilli tryggð og trúfestu í stúkuna og ástin skein svo heitt úr augum hans að ástríða hans á La Zambinella hefði verið á allra vörum ef sagan hefði gerst í París, en á Ítalíu, frú

mín góð, fer fólk ekki í leikhúsið til að njósna um aðra með leikhúskíkinum heldur til að svala eigin ástríðu og tilfinningum. Þess var þó ekki langt að bíða að söngvararnir og söngkonurnar tækju eftir taumleysi myndhöggvarans. Kvöld eitt varð Fransmaðurinn þess var að hann var aðhlátursefni baksviðs. Það er erfitt að segja til um hvað hann hefði gert ef La Zambinella hefði ekki stigið fram á sviðið. Hún leit á Sarrasine og augu hennar sögðu miklu meira en konur yfirleitt kæra sig um. Þetta augnaráð var sannkölluð hugljómun. Hún elskaði Sarrasine!

„Ef þetta eru bara duttlungar,“ hugsaði hann, og grunaði ástkonu sína nú þegar um of mikinn tilfinningahita, „þá veit hún ekki hvaða vald mun ná tökum á henni. Ég vona að duttlungarnir endist þar til ég dey.“

Á þeirri stundu var barið þrisvar á stúkudyrnar og athygli listamannsins trufluð. Hann opnaði. Gömul kona gekk inn, dularfull í fasi.

„Ungi maður,“ sagði hún, „ef þú vilt vera hamingjusamur skaltu sýna aðgát. Sveipaðu um þig skikkju, láttu stóran hatt slúta yfir augun og um tíuleytið í kvöld skaltu fara að Hótel d'Espagne í Corso-götu.“

„Ég verð þar,“ svaraði hann og lagði tvo hlöðvispeninga í hrukkóttan lófa velsæmisvarðarins.

Hann laumaðist út úr stúkunni eftir að hafa gefið La Zambinella merki og hún lygnt munúðarfullum augunum feimnislega, eins og kona sem gleðst yfir að einhver skuli loks hafa skilið hana. Síðan flýtti hann sér af stað heim til þess að búa sig sem best úr garði. Þegar hann kom út úr leikhúsinu greip ókunnugur maður í handlegg hans.

„Farðu varlega, herra Fransmaður,“ var hvíslað í eyra hans. „Þetta snýst um líf og dauða. Cicognara kardináli er verndari hennar og hann er ekkert lamb að leika sér við.“

Þótt einhver djöfull hefði grafið hyldjúpa gjá milli Sarrasines og La Zambinella hefði hann komist auðveldlega yfir hana. Eins og ódauðlegu hestarnir í kviðum Hómers hafði ást myndhöggvarans á einni svipstundu farið óravegu.

„Þótt dauðinn biði mín þegar ég stíg yfir þröskuldinn myndi ég hraða för minni enn frekar,“ svaraði hann.

„*Poverino!*“ hrópaði ókunnugi maðurinn upp yfir sig um leið og hann lét sig hverfa.

En til hvers að nefna hættur við ástfanginn mann? Er það ekki bara eins og að selja honum nautnir? Þjónn Sarrasines hafði aldrei séð húsbónda sinn nostra svona við útlitið. Fallegasta sverðið, gjöf frá Bouchardon, slaufan sem Clotilde hafði gefið honum, frakkinn með glansandi bryddingunum, silfurofna vestið, gyllta neftóbaksdósin, fínustu úrin; allt var dregið upp úr kistunum og hann hafði sig til eins og ung stúlka sem á að sýna sig fyrsta vonbiðlinum. Á tilteknum tíma, ölvaður af ást og fullur vonar, flýtti Sarrasine sér, með nefið grafið ofan í frakkann, á fund gömlu konunnar. Hún beið hans.

„Þú lætur bíða eftir þér!“ sagði hún. „Komdu.“

Hún fór með Fransmanninn um þröngar götur og nam svo staðar fyrir framan nokkuð reisulega höll. Þar barði hún að dyrum. Þær opnuðust. Hún fylgdi Sarrasine um vöfundarhús stiga, ganga og herbergja sem einungis dauft tunglskinið lýsti upp og kom innan skamms að dyrum; meðfram hurðinni skein skært ljós og þaðan barst glaðlegur ómur margra radda. Sarrasine fékk ofbirtu í augun þegar honum leyfðist að stíga inn í þessa leyndardómsfullu vistarveru fyrir orð gömlu konunnar. Stofan var uppljómuð og ríkulega búin húsgögnum og á miðju gólfi var borð hlaðið drykkjum, dýrindis víni, í geislandi rauðleitum flöskum. Hann þekkti söngvarana og söngkonurnar úr leikhúsinu, ásamt hrífandi konum, og öll voru þau tilbúin að taka þátt í gleðskap listamanna þar sem engan vantaði nema hann. Sarrasine hélt aftur af gremjunni og lét engan bilbug á sér finna. Hann hafði gert sér vonir um illa upplýst herbergi, þar sem hin heittelskaða sæti við eldinn og öfundarmaður væri í tveggja skrefa fjarlægð, dauðinn og ástin, hljóðskraf um hjartans mál, í fyllsta trúnaði, hættulegir kossar og andlitin svo nálægt hvort öðru að hár La Zambinella hefði gælt við enni hans, fullt af þrá, heitt af hamingju.

„Lifi brjálsemin!“ kallaði hann upp yfir sig. „*Signore e belle donne*, þið verðið að leyfa mér að launa ykkur síðar, og tjá ykkur þakklæti mitt fyrir að taka á móti vesælum myndhöggvara.“

Eftir að hafa tekið við innilegum hamingjuóskum frá flestum viðstöddum, sem hann þekkti í sjón, reyndi hann að komast nær

hægingastólnum þar sem La Zambinella lá makindalega. Ó! Hjartað tók kipp í brjósti hans þegar hann kom auga á snotran fót í þessari tegund af skóm sem – ef ég má bæta því við, frú mín góð – gerðu kvenfætur hérna áður fyrir svo yndislega munaðarlega að ég veit ekki hvernig karlmenn gátu staðist þá. Hvítu sokkarnir með græna munstrinu sátu vel, stuttu pilsin, támjóu skórnir með háu hælunum sem tíðkuðust á tímum Loðvíks XV og hafa ef til vill átt dálítinn þátt í að brjóta niður Evrópu og klerkastéttina.“

„Dálítinn!“ sagði markgreifafrúin. „Ertu alveg ólesinn?“

„La Zambinella,“ hélt ég áfram og brosti, „hafði krosslagt fótleggina blygðunarlaust og sveiflaði þeim efri á meðan hún gantaðist; hún var eins og hertogaynja og það klæddi hana vel því að fegurð hennar var geðþóttafull og þrungin eins konar freistandi mýkt. Hún hafði farið úr leikbúningnum og íklæðst stuttum jakka sem sýndi grannt mittið og sem pilsaglennur og satínkjóll með bláum bróderuðum blómum undirstrikuðu. Barmurinn var skjannahvítur og finleg, íburðarmikil blúnda faldi fjársjóðinn sem hann geymdi. Hárið var greitt nánast eins og á frúnni af Barry, og þó að höfuðfatið væri breitt var hún eiginlega fallegri fyrir vikið og púðrið fór henni vel. Að sjá hana svona var ígildi þess að elska hana. Hún brosti af yndisþokka til myndhöggvarans. Sarrasine var allt annað en ánægður með að geta ekki talað við hana augliti til auglitis en fékk sér sæti við hlið hennar og spjallaði við hana um tónlist og hrósaði henni fyrir sína stórkostlegu hæfileika en rödd hans titraði af ást, ótta og von.

„Við hvað ertu hræddur?“ spurði Vitagliani, þekktasti söngvari hópsins. „Svona, hér er enginn keppinautur sem þú þarft að óttast.“

Tenórinn brosti þögull. Sama brosi mátti greina á vörum allra viðstaddra og í því var falin glettni sem ólíklegt var að elskhugi áttaði sig á. Þessi opinberun á ást hans var eins og hnífsstunga í hjartastað. Þótt Sarrasine væri viljasterkur og ekkert gæti haft áhrif á ást hans þá hafði sennilega ekki hvarflað að honum að starf La Zambinella var ekki alveg óskýlt starfi gleðikonu og að hann gæti ekki vænst þess að njóta samtímis þeirra ósnortnu unaðsemda sem gera ást ungrar stúlku svo ljúfa og ofsafengnu ástriðukastanna sem þarf til að vinna ástir leikhúskonu. Hann hugsaði sig um og sætti sig við hlutskipti sitt. Kvöldmat var borinn fram. Sarrasine og La

Zambinella settust hlið við hlið, viðhafnarlaust. Framan af veislunni voru listamennirnir fremur þrúðir og myndhöggvarinn gat spjallað við söngkonuna. Honum fannst hún andrík og faguð en hún var furðu fávís og virtist veikgeðja og hjátrúarfull. Dómgreind hennar var jafn viðkvæm og líkaminn. Þegar Vitagliani dró tappann úr fyrstu kampavínsflöskunni gat Sarrasine lesið úr augum konunnar við hlið sér ótta við hávaðann. Listamaðurinn ástfangni túlkaði þennan ósjálfráða skjálfta kvenlíkamans sem merki um yfirgengi-legt tilfinninganæmi. Fransmaðurinn hreifst af þessum veikleika. Það er svo mikil verndarlöngun í ást karlmanns.

„Þú getur notað kraft minn sem skjöld!“

Er þessi setning ekki skrifuð neðst í öllum ástarjátningum? Sarrasine var of ástríðufullur til að þylja ástarorð yfir sinni fögru ítölsku ástmey og eins og allir elskhugar var hann sitt á hvað alvarlegur, hláturmildur eða íhugull. Hann virtist hlusta á gestina en heyrði samt ekki orð af því sem þeir sögðu, svo niðursokkinn var hann í að njóta þess að vera nálægt henni, að strjúka hönd hennar, að þjóna henni. Hann sveif um í leyndri sæluvímu. Þótt mikið mætti lesa úr nokkrum augnatillitum kom honum á óvart hversu hlédræg La Zambinella var í návist hans. Hún hafði verið fyrri til að þrýsta fót hans og æsa hann upp af kankvísinni sem einkennir frjálsar og ástfangnar konur, en skyndilega, eftir að Sarrasine hafði lýst fyrir henni skapofsanum sem hann bjó yfir, hafði hún falið sig á bak við hógværð ungrar stúlku. Þegar kvöldverðurinn breyttist í gleðskap brustu gestirnir í söng, innblásnir af vínnum frá Peralta og Pedro Ximenès. Þetta voru heillandi dúettar, lög frá Kalabríu, spænskar segídillur, söngvar frá Napólí. Ölvunin var allsráðandi, í augunum, tónlistinni, hjörtunum og röddunum. Gáskinn var svo mikill, innileikinn svo einlægur og ljúfmennskan svo ítölsk að þeir sem þekkja aðeins samkvæmin í París, veisluhöldin í London og mannamótin í Vínarborg geta ekki gert sér í hugarlund hvernig þetta var. Spaugsyrdi og ástarorð mættust eins og skot í bardaga inn á milli hlátraskalla, guðlasts og ákalla til Maríu meyjar eða *al Bambino*. Einn gestanna lagðist niður á sófa og sofnaði. Ung stúlka hlustaði á ástarjátningu og tók ekki eftir því að hún hellti sérrú á dúkinn. Í miðri hringiðunni var La Zambinella hugsí á svip, eins og hún væri skelfingu lostin. Hún vildi ekki drekka, kannski borðaði

hún aðeins of mikið, en svo er sagt að ást á mat sé þokkafull þegar konur eiga í hlut. Sarrasine dáðist að sómatilfinningu ástkonu sinnar og hugsaði um framtíðina af alvöru.

„Hún vill örugglega að ég kvænist sér,“ sagði hann við sjálfan sig.

Við þá tilhugsun lét hann sig dreyma um dásemdir hjónabandsins. Honum fannst líf sitt of stutt til að njóta allrar hamingjunnar sem sál hans var uppfull af. Vitagliani, sem sat við hlið hans, hellti svo oft í glasið að um þrjúleytið um morguninn var Sarrasine ófær um að hafa stjórn á ástríðu sinni þótt hann væri ekki ofurólvi. Hann fylltist skyndilega ofurkappi, greip konuna og flýtti sér með hana inn í lítið herbergi inn af stofunni sem hann hafði gefið auga oftar en einu sinni. Ítalska konan var vopnuð rýtingi.

„Ef þú kemur nær,“ sagði hún, „neyðist ég til þess að reka hnífinn þér í hjartastað. Farðu! Þú myndir fyrirllíta mig. Ég ber of mikla virðingu fyrir þér til að gefa mig þér á vald með þessum hætti. Ég vil ekki falla af stallinum sem þú hefur sett mig á.“

„Æ!“ svaraði Sarrasine, „það reynist ekki vel að slökkva ástríðu með því að kynda undir henni. Ert þú orðin svo spillt, hjartað svo lúíð, að þú hagir þér eins og ung gleðikona sem vekur tilfinningarnar sem hún byggir afkomu sína á?“

„En það er föstudagur í dag,“ svaraði hún skelkuð yfir ákafanum í Fransmanninum.

Sarrasine var ekki trúrækinn og fór að hlæja. La Zambinella stökk af stað eins og ungt ráðyr og tók á sprett inn í veislusalinn. Þegar Sarrasine kom hlaupandi á eftir henni tók á móti honum djöfullegur hlátur. Hann sá La Zambinella sem hafði hnigið niður á sófa. Hún var föl og leit út fyrir að vera uppgefin eftir áreynsluna. Þó að Sarrasine kynni ekki mikið í ítölsku heyrði hann sína heitelskuðu segja lágum rómi við Vitagliani:

„En hann drepur mig!“

Þessi furðulega sviðsmynd ruglaði myndhöggvarann í ríminu. Svo náði hann áttum á ný. Hann stóð kyrr, tók síðan aftur til máls, settist niður við hlið La Zambinella og fullyrti að hann bæri mikla virðingu fyrir henni. Hann fann þrótt til þess að halda aftur af ástríðu sinni meðan hann fór háfleygum orðum um ást sína og brá fyrir sig mestu djásnum mælskulistarinnar, en hún er greiðvikinn

túlkur sem konurnar treysta langoftast. Þegar fyrsta skíma nýs dags læddist að gestunum stakk ein kvennanna upp á því að þau færu til Frascati. Allir fögnuðu hugmyndinni um að eyða deginum í Villa Ludovisi. Vitagliani fór niður til að leigja hestvagna. Sarrasine var svo heppinn að lenda í opnum vagni með La Zambinella innanborðs. Um leið og þau voru komin út úr Róm vaknaði kátúnan á nýjan leik en hún hafði dofnað um stund í baráttunni við svefninn. Karlar sem konur, öll virtust þau alvön þessu furðulega lífi, þessum endalausum lystisemdum, þessum drifkrafti listamannsins sem gerir lífið að sífelldri skemmtun þar sem hægt er að hlæja án nokkurra bakþanka. Samfylgdarkona myndhöggvarans var sú eina sem virtist vera niðurdregin.

„Ertu lasin?“ spurði Sarrasine. „Viltu frekar fara heim til þín?“

„Ég er of veikburða fyrir þetta óhóf,“ svaraði hún. „Ég þarf að fara varlega en mér líður svo vel í návist þinni! Ef ekki væri fyrir þig hefði ég ekki verið viðstödd veisluna í gærkvöldi; ég þoli alls ekki að missa úr nótt.“

„Þú ert svo viðkvæm!“ hélt Sarrasine áfram og virti fyrir sér fegurð þessarar hrífandi veru.

„Gjálífið skemmir í mér röddina.“

„Núna þegar við erum ein,“ hrópaði listamaðurinn upp yfir sig, „og þú þarft ekki að óttast að ég missi stjórn á ástríðu minni, segðu mér að þú elskir mig.“

„Af hverju?“ svaraði hún, „hvaða tilgangi þjónar það? Þú hreifst af mér. En þú ert Fransmaður og tilfinningar þínar verða ekki langlífur. Æ! Þú myndir ekki elska mig, ekki eins og ég vildi vera elskuð.“

„Hvað áttu við?“

„Af hreinni ástríðu, ekki lágkúrulegri. Mig hryllir enn meira við körlum en konum. Ég finn skjól í vináttunni. Heimurinn hefur ekkert fyrir mig. Á mér hvílir bölvun, mín örlög eru að skilja hamingjuna, finna hana, þrá hana, og líkt og margir aðrir sé ég hana renna mér úr greipum. Mundu, herra minn, að ég hef ekki reynt að blekkja þig. Ég banna þér að elska mig. Ég get reynst þér tryggur vinur vegna þess að ég dáist að styrk þínum og skapgerð. Ég hef þörf fyrir bróður, verndara. Vertu allt þetta fyrir mig, en ekkert annað.“

„Og hætta að elska þig!“ kallaði Sarrasine upp yfir sig, „en þú ert það eina sem ég lifi fyrir, engillinn minn, og það sem gerir mig hamingjusaman!“

„Það þarf ekki nema eitt orð til þess að ég veki þér viðbjóð.“

„Yndið mitt! Ekkert getur vakið með mér ótta. Segðu mér að þú munir svipta mig framtíðinni, að ég muni deyja eftir tvo mánuði, að bölvun muni hvíla á mér fyrir það eitt að hafa kysst þig.“

Hann kyssti hana þrátt fyrir mótspyrnu La Zambinella sem reyndi að komast undan þessum ástríðufullu blíðuhótum.

„Segðu mér að þú sért illvættur, að þú hafir þörf fyrir aleigu mína, nafn mitt, það sem ég er frægur fyrir! Viltu að ég leggi starf mitt sem myndhöggvari á hilluna? Segðu mér hvað þú vilt.“

„Og hvað ef ég væri ekki kona?“ spurði La Zambinella feimnislega mjúkri og silfurskærri röddu.

„Þér er ekki alvara!“ hrópaði Sarrasine upp yfir sig. „Heldur þú að hægt sé að blekkja auga listamanns? Hef ég ekki, í heila tíu daga, grannskoðað, starað á og dáð þína fullkomnu fegurð? Aðeins konur geta haft svona mjúkan og ávalan handlegg, þessar yndislegu útlínur. Æ! Þú vilt að ég slái þér gullhamra!“

Hún brosti dapurlega og hvíslaði:

„Bölvada fegurð!“

Hún lyfti augunum til himins. Á þessari stundu var augnaráð hennar þrungið svo miklum og svo djúpum hryllingi að Sarrasine var brugðið.

„Herra Fransmaður,“ hélt hún áfram, „gleymdu í eitt skipti fyrir öll því sem var ekki annað en stundarbrjálæði. Ég ber virðingu fyrir þér, en ekki biðja mig um ást, ég hef kæft þá tilfinningu í hjarta mér. Ég hef ekkert hjarta!“ hrópaði hún og grét. „Sviðið þar sem þú sást mig, lófaklappið, tónlistin, frægðin sem fylgir mér, svona er líf mitt, ég á mér ekki annað líf. Eftir nokkrar klukkustundir muntu ekki líta mig sömu augum, konan sem þú elskar verður dain.“

Myndhöggvarinn svaraði engu. Hann var heltekinn þögull bræði sem gerði honum þungt fyrir brjósti. Hann gat ekki annað en horft á þessa stórkostlegu konu með augum sem loguðu og brunnu. Veikburða röddin, fasið, framkoman og hreyfingar La Zambinella báru með sér sorg, depurð og uppgjöf og þær vöktu með honum

sterkar tilfinningar. Hvert orð var áeggjan. Á þeirri stundu komu þau til Frascati. Þegar listamaðurinn rétti fram handleggina til að hjálpa sinni heittelskuðu niður úr kerrunni fann hann að hún titraði og skalf.

„Hvað er að? Ég myndi deyja,“ sagði hann þegar hann sá að hún fölnaði, „ef ég hefði óafvitandi valdið þér minnsta sársauka.“

„Slanga!“ sagði hún og benti á grassnák sem skreið meðfram skurði. „Ég er hrædd við þessi andstyggilegu dýr.“

Sarrasine kramdi hausinn á snáknum undir skónum.

„Mikið ertu hugrakkur!“ hélt La Zambinella áfram og hræðslan við dautt skriðdýrið skein úr augum hennar.

„Nú jæja,“ sagði listamaðurinn og brosti, „þorir þú virkilega að halda því fram að þú sért ekki kona?“

Þau slógust í hóp með ferðafélögum sínum og gengu um skógana í Villa Ludovisi sem á þessum tíma tilheyrði Cicognara kardínála. Morgunninn leið of hratt fyrir ástfangna myndhöggvarann en fjölmörg atvik afhjúpuðu ástleitni, veikleika og viðkvæmni þessarar þróttlausu og veikbyggðu sálar. Þetta var hin sanna kona sem verður allt í einu dauðhrædd, gerir það sem henni dettur í hug án nokkurrar ástæðu, er óróleg og tilfinningasöm, sýnir ósvífni upp úr þurru, er ögrandi og dásamlega tilfinninganæm. Litli, glaðværi söngvarahópurinn sá á göngu sinni nokkra menn í fjarska, gráa fyrir járnum, og síður en svo traustvekjandi. Við orðin: „Þarna eru ræningjar á ferð,“ greikkuðu allir sporið til að komast í skjól innan virkisveggja sem umluktú sveitasetur kardínálans. Á þessari hættustundu sá Sarrasine að La Zambinella var náfól og hafði ekki kraft til að halda göngunni áfram; hann lyfti henni upp og hljóp með hana í fanginu um stund. Þegar hann kom að vínækru sem var skammt undan setti hann konuna sem hann elskaði niður.

„Útskýrðu fyrir mér,“ sagði hann við hana, „hvernig þessi mikli veikleiki, sem mig myndi hrylla við og leiðast í fari allra annarra kvenna og sem nægði, jafnvel í mýflugumynd, til að slökkva ást mína, heillar mig í fari þínu og fellur mér vel í geð? Ó, ég elska þig svo heitt!“ hélt hann áfram. „Gallarnir, hræðslan, brestirnir auka á þína innri fegurð. Ég myndi leggja fæð á sterka konu, í líkingu við Saffó, sem væri hugrökk, þróttmikil og ástríðufull. Ó, veikbyggða og ljúfa kona! Hvernig gætir þú verið öðruvísi? Þessi engilblíða

rödd, þessi finlega rödd hefði ekki getað komið úr öðrum líkama en þínum.“

„Ég get ekki gefið þér nokkra von,“ sagði hún. „Láttu af þessu tali því að það verður hlegið að þér. Mér er ómögulegt að banna þér að koma í leikhúsið, en ef þú elskar mig eða ef þú ert skynsamur, þá stígur þú ekki fæti þínum þangað fram. Hlustaðu á mig, herra,“ sagði hún alvarlegum rómi.

„Uss, hættu nú,“ sagði listamaðurinn gagntekinn, „hindranir efla ástina í hjarta mér.“

La Zambinella var hógvær og þokkafull á svip en hún þagnaði líkt og skelfileg hugsun hefði svipt hulunni af einhverri ógæfu. Þegar tímabært var að snúa aftur til Rómar steig hún upp í lokaðan fjögurra sæta hestvagn og skipaði myndhöggvaranum, af valdsmannslegri grimmd, að fara einn til baka í opna vagninum. Á leiðinni tók Sarrasine ákvörðun um að ræna La Zambinella. Hann varði öllum deginum í gerð stórkostlegra áforma. Þegar kvöldaði fór hann út til að spyrjast fyrir um hvar höllina sem hans heitelskaða byggi í væri að finna og rakst hann á einn féлага sinna við útidyrnar.

„Kæri vinur,“ sagði félaginn, „sendiherra okkar fól mér að bjóða þér til sín í kvöld. Það verða dýrðlegir tónleikar hjá honum og þegar þú veist að La Zambinella verður þarna ...“

„La Zambinella,“ kallaði Sarrasine upp yfir sig, gagntekinn af nafninu, „ég elska hana út af lífinu!“

„Það gera allir,“ svaraði félaginn.

„En ef þið eruð sannir vinir, þú, Vien, Lauterbourg og Allegrain, réttið þið mér þá ekki hjálparhönd eftir tónleikana?“ spurði Sarrasine.

„Þarf nokkuð að myrða kardínála, þarf nokkuð ...“

„Nei, nei,“ svaraði Sarrasine, „ég bið ykkur einskis sem heiðursmenn geta ekki gert.“

Myndhöggvarinn undirbjó allt í flýti svo ekkert færi úrskaiðis. Hann var einn af síðustu gestunum hjá sendiherranum en kom í ferðavagni sem kraftmiklum hestum var beitt fyrir og sem einn af leiknustu *vetturini* í Róm ók. Höll sendiherrans var þéttsetin fólki og myndhöggvarinn, sem engir viðstaddir könnuðust við, þurfti að ryðja sér leið inn í salinn þar sem La Zambinella var að syngja.

„Ætli það sé af virðingu fyrir kardínálunum, biskupunum og ábótunum sem hér eru,“ spurði Sarrasine, „að *hún* klæðist karlmannsfötum, að hár hennar er liðað og tekið saman í hnakkanum, og að hún er girt sverði?“

„Hún! Hún hver?“ svaraði gamli herramaðurinn sem Sarrasine beindi orðum sínum að.

„La Zambinella.“

„La Zambinella?“ endurtók rómverski prinsinn. „Ertu að spauga? Hvaðan kemur þú? Hafa konur nokkru sinni stigið á svið í Róm? Og veistu ekki hvernig fólk það er sem leikur kvenhlutverk á yferráðasvæðum páfans? Það var ég, herra minn, sem gaf Zambinella röddina. Ég borgaði allt fyrir þennan furðufugl, líka söngkennarann. En hann er svo vanþakklátur að hann hefur ekki viljað stíga fæti inn fyrir þröskuldinn hjá mér. En ef hann kemst í álnir er það eingöngu mér að þakka.“

Chigi prins hefði eflaust getað haldið áfram að tala, lengi, en Sarrasine hlustaði ekki. Það var eins og eldingu hefði slegið niður í hann. Hryllilegur sannleikur hafði búið um sig í hjarta hans. Hann var grafkyrr og leit ekki af þessum svokallaða söngvara. Leiftrandi augnaráðið hafði segulmögnuð áhrif á Zambinella því að þessi *musico* beindi augunum skyndilega að Sarrasine og við það breyttist hans himneska rödd. Hann titraði! Óvæntur klíður steig upp frá áheyrendum, sem voru sem límdir við varir hans, og það kom honum alveg úr jafnvægi; hann settist og lauk ekki við aríuna. Svo lítið bæri á hafði Cicognara kardínáli fylgst með augnaráði skjólstaðings síns og komið þannig auga á Fransmanninn; hann hallaði sér að einum aðstoðarmanna sinna og virtist spyrja hann hvað myndhöggvarinn hét. Þegar hann hafði fengið svarið sem hann beið eftir virti hann myndhöggvarann afar vandlega fyrir sér og gaf síðan ábóta nokkrum fyrirmæli, en sá lét sig hverfa án tafar. Meðan á þessu stóð hafði Zambinella jafnað sig og byrjaði aftur á verkinu sem hann hafði hætt við í miðjum klíðum en hann söng illa og neitaði að syngja annað lag, þrátt fyrir fortölur viðstaddra. Þetta var í fyrsta sinn sem hann beitti þessari geðþóttafullu stífni sem hann átti eftir að verða jafn frægur fyrir og hæfileikana og auðæfin miklu, sem sagt var að hann gæti þakkað röddinni ekki síður en fegurðinni.

„Þetta er kona,“ sagði Sarrasine líkt og hann væri einn í stofunni. „Hér er ekki allt með felldu. Cicognara kardínáli blekkir páfann og alla Rómaborg!“

Myndhöggvarinn yfirgaf salinn án tafar, kallaði saman vini sína og kom þeim fyrir svo lítið bæri á í hallargarðinum. Þegar Zambinella var sannfærður um að Sarrasine væri farinn virtist hann rólegri. Undir miðnætti, eftir að hafa ráfað um salina eins og maður í leit að óvini, yfirgaf *musico* samkomuna. Þegar hann gekk út um hallardyrnar var hann gripinn af mönnum sem bundu klút fyrir munn hans og komu honum svo fyrir í hestvagninum sem Sarrasine hafði tekið á leigu. Skelfingu lostinn hnipraði Zambinella sig saman í horninu og þorði ekki að hreyfa sig. Andspænis honum var ógnvekjandi ásjóna listamannsins sem var þögull sem gröfin. Þeir fóru ekki langt. Zambinella, sem Sarrasine hafði numið á brott, var nú kominn inn í dimma og tómlega vinnustofu. Söngvarinn sat á stól, nær dauða en lífi, og þorði ekki að horfa á stytta af konu þar sem hann gat greint sína eigin andlitsdrætti. Hann sagði ekki eitt einasta orð og það glömrðu í honum tennurnar. Hann var lamadur af ótta. Sarrasine skálmaði fram og aftur. Skyndilega nam hann staðar fyrir framan Zambinella.

„Segðu mér satt,“ bað hann lágri, titrandi röddu. „Ertu kona? Cicognara kardínáli ...“

Zambinella féll á kné og svaraði einungis með því að drúpa höfði.

„Ah! Þú ert kona,“ hrópaði listamaðurinn upp yfir sig, gagnstekinn, „því að jafnvel ...“ Hann lauk ekki við setninguna. „Nei,“ hélt hann áfram, „*hann* gæti ekki lagst svo lágt.“

„Æ! Ekki drepa mig,“ veinaði Zambinella og brast í grát. „Ég féllst á að gabba þig til þess eins að þóknast félögum mínum sem langaði að skemmta sér.“

„Skemmta sér!“ svaraði myndhöggvarinn djöfullegum rómi. „Skemmta sér, skemmta sér! Þú dirfist að leika þér að ástríðum karlmanns. Þú?“

„Hlífðu mér!“ svaraði Zambinella.

„Ég ætti að ráða þig af dögum!“ hrópaði Sarrasine og dró ofsafullur sverð sitt úr slíðrum. „En,“ hélt hann áfram af kaldri fyrirlitningu, „hvað hefði ég upp úr því að rista þig á hol, hvað

fyndi ég þar? Tilfinningu sem þyrfti að kæfa eða eitthvað sem svalað gæti hefndarþorstanum? Þú ert ekki neitt. Hvort sem þú ert karl eða kona þá myndi ég drepa þig! En ...“

Sarrasine fylltist viðbjóði, sneri sér undan og sá þá styttuna.

„Og þetta er talsýn!“ hrópaði hann upp yfir sig.

Síðan leit hann á Zambinella.

„Fyrir mér var kvenmannshjarta skjól, heimaland. Áttu systur sem líkjast þér? Nei, þá skaltu deyja! Nei, þú átt að lifa. Eru það ekki grimmarí örlög en að deyja? Ég syrgi hvorki blóð mitt né líf heldur framtíð mína og hamingju. Þín veikburða hönd hefur gert gleði mína að engu. Hvaða von get ég rænt þig í stað þeirra vona sem þú hefur spillt? Þú hefur gert úr mér það sama og þú ert. Orðin *að elska* og *vera elskaður* eru hédan í frá rúin allri merkingu fyrir mér, eins og fyrir þér. Ég mun í sífellu hugsa um þessa ímynduðu konu þegar ég sé raunverulega konu.“

Hann benti örvæntingarfullur á styttuna.

„Ég losna aldrei við minninguna um himneska harpýju sem læsir klónum í allar mínar tilfinningar sem karlmaður og gerir allar konur ófullkomnar! Viðundur! Þú sem ekki getur skapað líf hefur þurrkað út fyrir mér allar konur af þessari jörð.“

Sarrasine settist niður andspænis dauðhræddum söngvaranum. Tvö stór tár runnu úr þurrum augunum og niður eftir karlmannlegum kinnunum og á gólfid: tvö reiðitár, beisk og brennheit.

„Aldrei frammar mun ég elska! Unaðurinn er ekki til fyrir mér lengur, engar mannlegar tilfinningar.“

Að svo mæltu greip hann hamar og þeytti honum í átt að styttni af því líkum krafti að hann missti marks. Hann taldi sig hafa eyðilaggt þennan minnisvarða um eigin brjálsemi og hóf þá sverðið á loft í því skyni að drepa söngvarann. Zambinella rak upp skerandi óp. Á þeirri stundu þustu þrír menn inn og ráku allir rýting í myndhöggvarann sem hneig niður.

„Með kveðju frá Cicognara kardínála,“ sagði einn þeirra.

„Þetta er góðverk sem sæmir kristnum manni,“ svaraði Fransmaðurinn og gaf upp öndina.

Þessir skuggalegu erindrekar sögðu Zambinella frá því að verndari hans hefði haft áhyggjur af honum og biði hans við úti-

dyrnar í lokuðum vagni til þess að fara með hann burt um leið og þeir hefðu frelsað hann.“

„En,“ sagði frúin af Rochefide við mig, „hvernig tengist þessi saga litla öldungnum sem við sáum hjá Lanty-fjölskyldunni?“

„Frú mín góð, Cicognara kardínáli sló eign sinni á styttuna af Zambinella og lét höggva hana út í marmara, hana er nú að finna á Albani-safninu. Það var einmitt þar, árið 1791, sem Lanty-fjölskyldan kom auga á hana og bað Vien að gera eftirmynd. Andlitsmyndin þar sem þú sást Zambinella þegar hann var tuttugu ára – einu andartaki eftir að þú sást hann sem hundrað ára öldung – var síðan notuð af Girodet til þess að mála *Endymion*, þú þekktir hann sjálf í *Adonis*.“

„Er þessi Zambinella hann eða hún?“

„Hann getur ekki verið annar en bróðir móðurömmu Marianinu, frú mín góð. Nú hlýtur þú að skilja hvers vegna frúnni af Lanty er mikið í mun um að fela hvaðan auðæfin koma ...“

„Þetta er nóg!“ sagði hún og gaf mér merki um að hætta.

Við sátum drjúga stund í djúpri þögn.

„Jæja?“ sagði ég.

„Æ,“ kallaði hún upp yfir sig, reis á fætur og gekk fram og aftur um herbergið.

Hún kom til mín, horfði á mig og sagði skjálfrödduð:

„Þú hefur vakið hjá mér viðbjóð á lífinu og ástríðunni sem mun fylgja mér lengi. Eru óbærileg vonbrigði ekki það sem bíður allra mannglegra tilfinninga þótt við látum ófreskjuna eiga sig? Börn myrða mæður sínar annaðhvort með slæmri framkomu eða kuldalegu viðmóti. Eiginkonur eru sviknar. Ástkonur eru vanræktar, yfirgefnar. Vináttan! Er hún til? Ég myndi gerast trúrækin strax á morgun ef ég vissi ekki að ég er fær um að standa eins og klettur í ólgusjó lífsins. Þótt framtíð þess sem trúir á Krist sé blekking þá hrynur hún að minnsta kosti ekki fyrr en eftir dauðann. Leyfðu mér að vera ein.“

„Ó!“ sagði ég við hana, „þú kannt að refsa.“

„Hef ég ekki rétt fyrir mér?“

„Jú,“ svaraði ég af einhvers konar áræðni. „Og til þess að ljúka þessari sögu, sem er vel þekkt á Ítalíu, get ég gefið þér góða hugmynd um framfarirnar sem hafa átt sér stað í siðmenningu

okkar. Þessar ólánsömu verur eru ekki lengur búnar þar til.“

„París,“ sagði hún, „er afar gestrisin; hún tekur öllu fagnandi, bæði ríkidæmi sem byggist á skömm og ríkidæmi sem atað er blóði. Glæpir og níðingsverk eiga þar gríðastað og mæta skilningi; dyggðin er það eina sem þar á ekkert altari. Já, hreinar sálir eiga athvarf á himnum! Enginn mun hafa vitað hver ég er! Ég er hreykin af því.“

Og markgreifafrúin var hugsí á svíp.

*París, nóvember 1830*

*Ásdís Rósa Magnúsdóttir þýddi*

## Um höfundinn Cristina Civalé og tvær þýddar smásögur hennar

Argentínski rithöfundurinn, blaðamaðurinn og menningarfrömuðurinn Cristina Civalé (f. 1960) lauk BA-gráðum í fjölmiðlun og bókmenntafræði frá Buenos Aires-háskóla árið 1985 og framhaldsnámi í handrita- og kvikmyndagerð frá San Antonio de los Baños kvikmyndaskólanum á Kúbu árið 1988.<sup>1</sup> Eftir hana liggur fjöldi myndverka og hún hefur starfað sem pistlahöfundur hjá dagblöðum og tímaritum í Argentínu, á Spáni og Ítalíu, meðal annars fyrir *N*, menningarkálf stórblaðsins *Clarín*. Menningar- og þjóðfélagsmál eru henni hugleikin þótt aðaláhersla pistlaskrifa hennar í seinni tíð sé innan kvikmyndarýni.

Civalé á að baki fjölskrúðugan rithöfundaferil. Hún kom fyrst fram á ritvöllinn með útgáfu þriggja skáldsagna á tíunda áratug síðustu aldar (þ.e. *Hijos de la mala madre* (1993), *Chica fácil* (1995) og *Perra virtual* (1998)). Bækurnar ollu miklu fjadrafoki vegna hispurslausra frásagna af lífi örvæntingafullra kvenna á barmi taugaáfalls. Kvenpersónur umræddra verka eru lauslátar, hefnigjarnar og graðar. Þær drekka ótæpilega og neyta eiturlyfja, þær láta sig viðhorf annarra engu varða og gera lítið úr atgervi og áhrifum karla.

1 Civalé hefur leikstýrt þó nokkrum stutt- og heimildarmyndum: Meðal þeirra eru: *Un hombre en el pasillo* (1987); *Mucho macho*, *Todos los hombres son mortales*, *Yo no soy una cualquiera* og *Indulto no!* Að auki hefur hún tekið þátt í gerð sjónvarpsseríanna *De poeta y de loco* (1996) og *Laura y Zoe* (1998) og skrifaði ásamt Graciela Maglie handrit kvikmyndarinnar *Un argentino en Nueva York* (1997).

Þær ögra viðteknum hugmyndum um konuna sem göfuga, hreinlynda og heilsteypta veru sem setur þarfir og langanir annarra umfram sínar eigin um leið og þær gangast við skorti á eftirtektarverðum fyrirmyndum.

Í kjölfarið gaf Civalé út bækur sem byggðust á rannsóknarblaðamennsku með sjálfsævisögulegu ívaði. Meðal þeirra eru Þrælur: Aðkallandi skýrsla um flóttafólk á Spáni (*Esclavos: informe urgente sobre la inmigración en España*, 2004), Argentínskur iðnaður: Samtímalist í smíðum (*Industria argentina: arte contemporáneo en construcción*, 2007), Vitnisburðir frá landamærum: ferðir um mörk tilverunnar (*Crónicas desde la frontera: viajes al mundo trans*, 2008) og Þúsund og ein nótt: Saga einnar nætur í hafnarborginni (*Las mil y una noches, una historia de la noche porteña*, 2011). Árið 2019 kom svo út bókin Brjóstalist: Konur sem breyttu listasögunni (*El arte en tetas. Mujeres artistas que cambiaron la historia del arte*, 2019).

Cristina Civalé hefur frá aldamótum verið atkvæðamikil á vettvangi fagurbókmennta. Eftir hana liggja smásagnasöfnin *Drykklusögur* (*Cuentos alcohólicos*, 2009) og Örhamingja og aðrar sögur (*Microfelicidad y otros relatos*, 2013) auk skáldsagnanna: Þú verður maður lífs míns (*El hombre de mi vida serás tú*, 2002), Vertu sæl Ameríka (*Adiós América*, 2005), Börn: Langt frá Disneylandi (*Niños. Lejos de Disneylandia*, 2006). Síðustu verk hennar, sem öll hafa komið út hjá Milena Caserola útgáfufyrirtækinu, eru skáldsögurnar Konurnar (*Las tipas*, 2014), Fjölskyldusaga (*Una historia familiar*, 2016) og Mögulegir glæpir (*Los crímenes posibles*, 2022), auk ljóðabókarinnar Hamingjudagar (*Los días felices*, 2023).

Frásagnarmáti Civalé er ögrandi, snarpur og óvæginn. Hún fangar athygli lesenda með því að beina sjónum að skúmaskotum sem fáir fjalla um og gerir það með því að afhjúpa veikleika sögupersóna sinna sem birtast gjarnan í formi öfundar, óöryggis og heiftar – jafnvel illsku. Margar þeirra – sem oftast eru konur – falla á eigin bragði og þurfa að horfast í augu við hvernig lítilmannleg áform þeirra misheppnast. Verkin spretta úr borgarsamfélagi þar sem almennt vantraust ríkir meðal íbúa og fjölskyldubönd hafa gliðnað. Samskipti kynjanna eru oftast en ekki byggð á fölskum forsendum, brostnum vonum og vansæld, og hver og einn olnbogar sig áfram

í hversdagslegum aðstæðum. Mistök, vonbrigði og jafnvel afhroð eiga við um sögulok margra verka Civalé en þrátt fyrir það er tónninn hvorki vonleysislegur né mótaður af uppgjöf. Því ræður glettinn hæðnistónn og umburðarlyndi höfundar gagnvart breyskleikum sögupersóna sinna.

Í verkum sínum vinnur Civalé síendurtekið með mörk, viðmið og andstæður. Framsetning hennar á flæðandi landamærum snilli og brjálsemi, heilbrigðis og fíknar, kyns og kyngervis, minnis og gleymsku leiða lesandann að ákallandi spurningum um mörk lífs og dauða, ástar og haturs, góðs og ills og þess sem er viðtekið og bannað. Um eigin skrif segir Civalé:

Skriftir móta allt sem ég geri og orðin hríslast um mig. Ég skapa, legg til, virkja hugmyndir og held sífellt áfram. Eftir mig liggja annálar, erótískar sögur, frásagnir af skipbrotum og spennandi skáldsögur sem daðra jafnt við melódráma og ádeilu. Það að skrifa gerir mér kleift að leika mér, týnast, ljúga, uppgötva, kanna, veita andspyrnu og horfa út fyrir eigið sjálf en kafa jafnframt í það. Ég skrifa af því að aðrar gerðu það á undan mér.<sup>2</sup>

Sögurnar „Gin og tónik“ og „Gin“ sem hér birtast í þýðingu úr spænsku á íslensku, eru úr smásagnasafninu *Drykkekjusögur (Cuentos alcohólicos, 2009)* og afhjúpa fágætan heim kvenna sem drekka óhóflega í von um að áfengið töfri fram tilveru sem vert er að lífa og laði fram sögur sem verðskulda það að vera sagðar.<sup>3</sup>

2 „La escritura define mi acción y atraviesa mi cuerpo: aliada a él, creo, propongo, activo y sigo andando. En este sitio intento recopilar mis escritos diversos: crónicas y cuentos eróticos, relatos derrotados, novelas que tejen su suspenso coqueteando promiscuamente con el melodrama, pero también con la sátira. Escribir me permite jugar, escapar, mentir, inventar, vagar, resistir, mirar fuera de mí y dentro. Escribo porque antes otros lo hicieron“ (af heimasíðu höfundar <https://ar.linkedin.com/in/cristinacivale00>).

3 Í 2023 hefti *Milli mála* birtust þýðingar á sögunum „Malbec“ og „Bloody Mary“ (bls. 222–232), eftir Cristínu Civalé.

## Gin og tónik<sup>1</sup>

Ég var nýbúin að slökkva á símanum. Ég vildi ekki vita af því að hann hringdi ekki. Ég kaus óvissuna frekar. Hún jaðraði við fullvissu. Þögnin olli mér kvöl, þessi þögn sem hann beitti til að stjórna mér. Af sömu ástæðu kaus ég mína eigin uppgerðarþögn, mína úthugsuðu pyntingu. Í þetta skiptið vissi ég að ef hann gæfi ekki frá sér eitthvert merki ættu orðin sem ég ætlaði honum ekki lengur við. Aldrei framar. Ég gæti ekki einu sinni ávarpað hann því hvað hefði ég svo sem að segja. Ekkert. Alls ekkert.

Hann lagði á ráðin um refsingu eftir sérhvert rifrildi okkar og lengd þagnarinnar valt á því hvaða einkunn hann gaf ósamkomulaginu. Í raun voru þetta bara skoðanaskipti, ólík sjónarhorn á hversdagslega hluti. Eins og:

-Veitingastaðurinn sem þú valdir var ömurlegur.

-Ég var stórhreifin af matnum og umgjörðinni. Þjónustan var góð.

-Ó nei, trúðu mér, staðurinn var virkilega nöturlegur.

Eða:

-Þú verður að æfa meira. Það var þér að kenna að við töpuðum aftur í tennis.

-Ég hata tennis. Ég er hrifin af einstaklingsíþróttum. Ég spila til þess að vera með þér.

-Nú já, svo þú ert að gera mér greiða.

-Hafðu það eins og þú vilt.

Eða:

-Þú skiptir ekki um vatn á blómunum í svefnherberginu. Vatnið er fúlt.

---

1 Úr bókinni *MICROFELICIDAD y otros relatos* eftir Cristínu Civalé (2013, bls. 307–314).

-Heimilishjálpin hefur gleymt því. Ég skal gera það núna.

-Þú verður að fylgjast betur með.

-Allt í lagi, en það er ekki eins og þetta sé eitthvert stórmál. Þú getur líka sjálfur skipt um vatn.

-Ef vatnið fúlnar skapar það slæmt karma.

-Karma? Síðan hvenær fórst þú að nota orðið karma?

Eða:

-Mig vantar nokkrar hvítar skyrtur, úr hreinni bómull.

-Það fást mjög góðar skyrtur í Ona.

-Ég segi þetta til þess að þú farir og kaupir þær fyrir mig.

-Fyrirgefðu, elskan, en ég hef ekki tíma.

-En þú hefur tíma til eigin innkaupa.

-Það er langt síðan ég hef keypt mér eitthvað. Hvað ertu að gefa í skyn?

-Að þú sért að víkja þér undan.

Eða ...

Við töluðum ekki um neitt annað. Hver einasta tillaga frá mér sem samræmdist ekki hans eigin hugmyndum varð í huga hans hluti af umfangsmiklu samsæri. Í algjöru ósamræmi við tilefnið. Óásættanleg óhlýðni mín, óstýrilæti mitt: valdahroki hans.

Þegar við kynntumst fyrir fimm árum hafði ég gaman af þessum frekar barnalegu kenjum og átti það jafnvel til að leita sátta sem leiddu til þess að við skelltum upp úr og duttum í það með því að drekka heila könnu af heimalöguðu gini og tóník. Síðan elskuðumst við og spjölluðum saman þar til við liðum út af.

Þegar á leið fór mér að standa á sama um reiðiköst hans. Þá leiddi áhugaleysi mitt á kaldrifjadhri þögninni á endanum til þess að við byrjuðum aftur að tala saman, eins og ekkert hefði farið úr-skeiðis. Hann var þá búinn að skipta gininu út fyrir nýkreista ferska safu sem hann útbjó sjálfur. Ekki ég. Tilefni langra þagna hans lá þar með í láginni og þegar hann fann hjá sér löngun til að tala við mig spurði ég ekkert út í það heldur svaraði með rósemd. Það var eins og ekkert hefði truflað líf okkar og í sannleika sagt fannst mér það ekki truflandi. Eða svo hélt ég.

En fyrir nokkrum mánuðum fóru kenjar hans að valda mér hugarangri þar sem mér fundust þær ekki lengur jafn barnalegar. Þá var hann kominn á það stig að reyna gagnert að auðmýkja mig.

Kannski var það ég sem var orðin vænisjúk. Hvað sem því líður þá skiptir það ekki öllu máli. Sársaukinn situr eftir. Nístandi sársauki.

Það var einmitt ástæða spurninganna. Þær voru afleiðing tómlætis sem espaði hann upp. Ef til vill gaf það honum til kynna að hann hefði hitt í mark. Í sólarplexusinn minn. Eftir að hafa stappað í mig stálinu með nokkrum gin og tónik, sem ég blandaði mér á sama stað og hann kreisti safana sína, hófst spurningaregnið. Ég verð að viðurkenna að spurningar mínar báru keim af ölvun og gremju sem öllu því stundum að ég drafaði: *Af hverju segirðu ekkert? Hversu lengi heldurðu að þögnin vari í þetta skiptið? Hvert er vandamálið núna? Heldurðu að við getum haldið svona áfram alla ævi?*

Hegðun mín varð að hreinasta einelti. Ég veit það. En ég vissi ekki hvað annað ég átti til bragðs að taka. Ég varð að hreyta í hann einhverjum orðum. Það gerði auðvitað illt verra, sjálfhverfa hans virtist beinast að mér.

Þreytandi spurningaflóðið pirraði hann og hver þögn vatt upp á sig með endurtekinni þögn. Þegar hér var komið sögu forðaðist hann að horfa á mig. Tómlaikaský umvafði mig og fjarrænt augnaráð hans fyllti mig angurværð og depurð. En seinna, þegar liðið var á nóttina, snerti hann mig blíðlega og við sættumst. Eða eitthvað í þá veru. Síðan ríkti aftur þögn. Kynlíf okkar varð stöðugt vélrænna og fyrirsjáanlegra.

Með lokuð augun galopnaði hann munninn og kæfði fullnægingu sína. Ég var orðin því vön að gera mér upp mínar og mér stóð á sama. Ég lét nægja að tjá mig með lágværum stunum sem nægðu þó tæpast til að hylja vonbrigðin. Síðan fór ég á fætur og kláraði ginblönduna einsömul. Stundum blandaði ég mér í aðra könnu og drakk þar til ég leið út af, þyrst í svefn og óminni.

Daginn eftir beindi hann orðum sínum aftur að mér. Hann stærði sig af lélegri frammistöðu, líkt og hún gæfi honum rétt, líkt og ég verðskuldaði fyrirgefningu hans þar sem hann hafði látið svo lítið að snerta mig og ég hafði leyft honum það.

Í þetta skiptið hafði rifrildið staðið í eina mínútu og fjórar setningar.

-Ég kem ekki til með að geta tekið frí í janúar. Finnst þér slæmt að breyta dagsetningunni? sagði ég við hann.

-Og ertu fyrst að láta mig vita það núna?

-Ég var að komast að þessu í dag. Ég gat ekki látið þig vita fyrr.  
 -Þú tekur því sem gefnum hlut. Gerðu það sem þér sýnist.

Hann var nýkominn úr langri vinnuferð og ég hafði beðið hans full tilhlökkunar, heimskulegrar einfeldningslegrar eftirvæntingar. Ég veit ekki hvers vegna ég hélt áfram að bíða hans, þrátt fyrir vaxandi tómið á milli okkar. Það var eins og endurfundir fælu í sér nýtt upphaf. Ég var full ungæðislegrar löngunar vegna endurfundanna. Ég bjó mig undir það að stinga upp á lítilsháttar breytingu á plönunum okkar fyrir sumarið. Gott atvinnutilboð gæti orðið til þess að fresta þeim. Og peningarnir kæmu okkur báðum vel.

Eftir stutt samtal – sem hann sneri í rifrildi – lokaði hann sig af á baðherberginu. Tveimur tímum síðar kom hann fram og var þá kominn í náttfötin sem hann klæðist venjulega þegar hann er veikur og geymir á snaga í baðherberginu, undir náttsloppnum. Hann skreið upp í rúmið okkar, lagðist skáhallt yfir það og tók allt plássíð.

Ég náði mér í teppi og hnipraði mig saman í sófanum með könnu af gini og tóník, þá þriðju sem ég hafði blandað mér frá því að hann lokaði sig inni. Ég átti samt erfitt með að festa blund.

Snemma næsta morgun heyrði ég hann sýsla í eldhúsinu. Ég fór á fætur með það í huga að við borðuðum morgunverð saman, en hann var þá á leiðinni út. Ég kyngdi spurningatuggunni og hann forðaðist að líta á mig. Hann lokaði hurðinni hægt á eftir sér án þess að kveðja. Refsingin var að því er virtist framlengd. Fram eftir morgni reyndi ég að ná í hann í gegnum farsímamann en hann svaraði ekki hringingum mínum.

Um hádegisbil skrápp ég út í gönguferð. Ég rölti í kringum tjörnina í almenningsgarðinum. Mér reyndist ómögulegt að einbeita mér að vinnunni. Þótt ég þyrfti að ljúka við tvær þýðingar, lét ég þær afskiptalausar á borðinu, buguð af yfirþyrmandi ástandinu. Eftir að hafa gengið fimm hringi umhverfis tjörnina hélt ég rakleiðis í næstu verslun og keypti mér ilmvatn af handahófi, það fyrsta sem afgreiðslukonan sýndi mér. Það gaf frá sér sterkan og áleitinn moskusilm. Mér fannst það fullkomið. Ég þurfti einmitt á því að halda að áreita.

Þegar ég kom heim, kveikti ég aftur á símanum og rifjaði upp samskipti okkar. Síðustu orðaskipti okkar. Ýkt viðbrögð hans og

refsing gáfu til kynna að við værum komin á endastöð. Að viðsnúningur væri ekki mögulegur. Ég vissi ekki nákvæmlega hvað fælist í þessari endastöð en hún var ekki notalegur staður að vera á.

Um áttaleytið, einmitt þegar von var á honum, lét ég renna í bað. Ég sleppti froðu, baðsöltum og kertum. Í þetta skiptið sleppti ég afslappandi tímaritum og reyndi einfaldlega að slaka á. En vissulega hafði ég með mér eina ginblöndu í viðbót.

Hann kom á meðan ég var að þurrka mér. Hann stóð þétt upp við mig, horfði með vanþóknun á könnuna og hvessti á mig rannsakandi augunum. Hann beindi að mér þessu augnaráði og svip sem voru orðin svo einkennandi þessa síðustu mánuði. Hann lagði skalatöskuna ofan á klósettið og sagði loks:

-Febrúar væri ekki svo slæmur fyrir mig.

Hann hafði vart sleppt orðinu þegar hann byrjaði að afklæðast og lagðist í baðkarið. Í sama vatnið og ég hafði notað og var örugglega orðið kalt. *Febrúar, mars, aldrei*, muldraði ég með sjálfri mér. Allt hljómaði jafn ómerkilegt og það var falskt.

Ég lauk við að þurrka mér og yfirgaf baðherbergið með baðhandklæði vafið um mig. Ég klæddi mig í svefnherberginu. Ég valdi einn af uppáhaldskjólunum mínum. Þennan sem vekur hjá mér þá kennd að ég sé ómótstæðileg og falleg.

-Já. Febrúar er fullkominn, finnst mér, sagði ég við hann, þrúðbúin í hálfopnum dyrum baðherbergisins. Ég beið ekki eftir svari, úðaði nýkeypta ilmvatninu yfir allan líkamann og fór síðan út í leit að nýjum bar. Einhverjum sem ég hafði aldrei komið á áður. Ég var búin að fá nóg af heimalöguðu gini og tónik.

Ég hafði heyrð um Flandres-barinn, stað þar sem barþjóninn var örlátur, tónlistin lágstemmd og stemningin hlýleg. Þangað hélt ég fótgangandi. Hann var ekki langt í burtu. Á leiðinni hringdi ég í gamlan elskhuga. Hann svaraði ekki. Síðan hringdi ég í annan, enn eldri, sem svaraði ekki heldur. Ég hringdi þrisvar í viðbót með ámóta árangri. Það ríkti þögn á hinum enda línunnar hvert sem hún teygði sig.

Þegar ég var komin á barinn pantaði ég mér Bombay Sapphire gin og tónik og á meðan ég beið hringdi ég í hann. Hann svaraði eftir tvær hringingar með orðunum: „Sæl, elskan“.

Ég sagði honum hvar ég væri og tjáði honum að það væru frá-

bærir safar á Flandres-barnum. Ferskir og úr framandi ávöxtum. Ég fékk Bombay-gin og tónikið mitt.

Það er liðinn hálf tími síðan ég hringdi og ég er enn að bíða. Ég var að slökkva á farsímanum. Ég vil ekki vita að hann muni ekki biðjast afsökunar á því að koma ekki. Ég vil ekki vita að hann ætli ekki einu sinni að reyna það. Ég gæti alls ekki umborið upplogna afsökun sem sett er fram af kæruleysi.

Ég panta annan drykk. Ég lít á símann og gef hann svo ungum ferðamanni. Sennilega er hann þýskur. Ég held drykkjunni áfram.

Það ríkir þögn.

Ég þrái mína eigin þögn. Ég þarf að skipuleggja hvernig ég ríf úr honum tunguna á meðan hann sefur.

Þá fyrst verður dauðþögn.

*Hólmsfríður Garðarsdóttir þýddi úr frummálinu*

Gin<sup>1</sup>

Ég hafði aldrei ímyndað mér að brotthvarf hans yrði blóði yfirgefa mig á þennan miskunnarlausa hátt. Hann skaut sig með hægri hendi beint í hjartastað. Hann valdi að sviðsetja lokaatriðið í rúminu okkar. Skildi eftir stutt bréf til móður sinnar. Í því útskýrir hann að byssukúlan hafi verið hans hinsta ósk. Minnst ekkert á mig, engar útskýringar, engin ámæli. Aðeins lík hans í óafturkræfu ástandi í rúminu: bláköld tileinkun.

Ég fann þau. Hann og bréfið. Ég vildi ekki koma nálægt neinu, hvorki bréfinu né líkinu. Hvorugt tilheyrði mér. Ekki heldur minn eigin líkami þegar kalt hörund hans straukst við mitt, né heldur þegar ég las orðin sem ætluð voru annarri konu en mér. Ég sleppti tókunum. Eitthvað bærðist innra með mér og hélt áfram að tifa. Lífið héldi áfram þótt hann væri látinn. Ég var annars hugar í jarðarförinni og fór ekki með bænina þegar síðustu moldinni var mokað yfir leiðið. Fólk reyndi að hugga mig með því að klappa mér á öxlina. Það eina sem ég man er að það fór í taugarnar á mér og ég hörfaði undan snertingunni. Ég hafði ekki þörf fyrir aðra. Ég grét heldur ekki eða talaði, blótaði ekki einu sinni. Ég var þögul. Þögnin hafði náð tókum á mér eins og hún væri eina færa leiðin. Ég lokaði mig inni á heimilinu. Dökkleit rúmfötin, þau sömu og voru á rúminu daginn sem hann dó, urðu mitt eina skjól. Ég ætlaði ekki að yfirgefa staðinn. Aldrei. Ég fyllti þögnina með angurværum hljómunum harmonikkunnar í laginu *Reminiscencia* í flutningi Piazzolla. Ég stillti græjurnar á endurflutning svo spiluninni myndi aldrei ljúka. Hún stöðvaðist aðeins ef rafmagnið færi af. Öðru hverju tók ég stóra sopa af gini; oftast en ekki kastaði ég upp. Þótt byssukúlan

1 Úr bókinni *MICROFELICIDAD y otros relatos* eftir Cristínu Civalé (2013, bls. 359–366).

hefði ekki verið ætluð mér fór hún samt í gegnum mig eins og hver einasti tónn harmonikkunnar sem sló mig eins og dauðinn. Ég var svo kvalin að ég kom einungis út úr mér sex orðum: „Af hverju að kúga mig svona?“ Þessi spurning ásótti mig í bjargarleysi mínu og ginvímu. Þegar harmonikkann hljóðnaði skyndilega fann ég ákallandi þörf fyrir að fara á fætur. Nú var ekkert sem róaði mig lengur. Mig svimaði. Ég vissi ekki hvort gólfið sem ég stóð á var raunverulegt eða ímyndun. Þetta athvarf mitt var í senn þvælt og sódalegt. Ég gerði tilraun til að vera sú sem ég hafði verið og bjó mig undir að leita svara sem linuðu þjáningar mínar. Drukkin? Man það ekki. Sannleikurinn skipti mig aldrei máli. Þess vegna gat ég farið á milli raunveruleika og ímyndunar. Ég komst á staðinn þar sem ég gæti mögulega skilið það sem gerst hafði. Á staðinn sem hann komst ekki til en hefði mögulega komið í veg fyrir að hann hleypti af byssunni.

Ég hafði heyrt af þessu þorpi en þekkti enga sem höfðu farið þangað. Það var ekki á neinu landakorti en því brá fyrir í sögu-sögnum. Það var komið í flokk þjóðsagna. Vegna minna sérstöku kringumstæðna var það eini staðurinn sem ég gat hugsað mér að heimsækja til að bæja frá mér þeim efasemdum sem leyfðu mér ekki að lifa, þessari stóru spurningu sem hverfðist um ósanngjarna kúgun hans.

Ég þurfti að fara yfir ána og sýna vegabréf. Frá landamærunum keyrði ég bílaleigubílinn meðfram ströndinni í níu klukkustundir. Ók í bíl með lituðum rúðum eins og mér hafði verið ráðlagt og kom loksins að ströndinni sem ég var að leita að. Ég fann staðinn vegna óvenjulegra kláfa sem lágu yfir steinlagða víkina sem bregður aftur og aftur fyrir í sögunum. Ég stöðvaði bílinn við ströndina og steig út. Tómir kláfarnir fóru upp og niður, hring eftir hring. Enginn hafði eftirlit með þeim. Ég gat ekki að því gert en með sömu nákvæmu og kröftugu hreyfingunum og ég var von að taka í rólurnar þegar ég var lítil, stöðvaði ég einn og settist upp í hann. Þegar ég var komin upp ropaði ég. Beiskt bragðið af gininu fann sér leið að vörum mínum en ég kastaði ekki upp.

Leiðin upp gekk hægt og ég gat næstum dregið fæturna eftir jörðinni. Úr sætinu sá ég fólk í þorpinu sem hreyfði sig enn hægar en kláfurinn. Þegar upp var komið blasti við lítil kapella í stíl

Vatíkansins. Ég fór inn í hana. Svo virtist sem þarna væri heiðraður einn karlkyns dýrlingur vegna stytta af honum í himinbláum kyrtli einum klæða. Hann bar geislabaug yfir sköllóttu höfðinu. Allt í kringum hann voru himinblá kerti af öllum stærðum og gerðum. Kveikt var á nokkrum þeirra á einhvers konar altari. Hægt var að lesa tálguð orð á tréplötu við fætur styttunnar. Þar stóð: „Heilagur Evgeníus“. Það rifjaðist upp fyrir mér að hann er dýrlingurinn sem fólk ákallar til að börn fæðist heilbrigð og hraust. Mér fannst það viðeigandi í þessu þorpi. Fyrir utan stóð að auki einföld stytta úr ryðfríu stáli. Hún undirstrikaði sérkennilega dýrkun íbúanna á Evgeníusi. Altarið og stytturnar voru ekki það eina sem finna mátti uppi á hæðinni. Þar var líka fontur með vígðu vatni. Ég gekk að honum til að væta varirnar með fingrunum. Það var einkennilegt því vígða vatnið bragðaðist eins og gin.

Nokkrum metrum ofar var útsýnisstaður með glerveggjum og nokkrum gömlum sjónaukum. Hann var staðsettur efst á hæðinni og gerði manni kleift að sjá þorpið frá öðru sjónarhorni. Ég fór að einum sjónaukanum og setti í hann pening. Hann fór strax í gang en ég sá ekkert. Ókunnur maður togaði í jakkann minn og dró mig varlega frá. Þegar ég sneri mér við sleppti hann mér. Hann var fyrsta manneskjan sem varð á vegi mínum síðan ég hóf ferðalagið. Hann var líklega rúmlega tvítugur og ég tók eftir þykkri silfurkeðju sem hann bar um hálsinn og huldi áberandi ör. Þetta einkennilega skart fullvissaði mig um að hann var ekki að villast.

„Hvernig dirfistu?“ spurði maðurinn mig yfirvegaður. „Ég átti ekki um neitt annað að velja. Mig langar bara að vita tvennt.“ Maðurinn svaraði mér ekki strax. Þögn hans virtist bjóða mér að leggja fyrir hann spurningu. Rangt. „Mér er alveg sama um hvað þú vilt vita,“ sagði hann og starði á kviðinn á mér. „Þér ber að hlusta á það sem ég hef að segja.“ „Allt í lagi,“ muldraði ég í uppgjafartón.

Hann sagðist ekki vera viss um að ég myndi skilja það sem hann hefði að segja og fullyrti að hann væri í þessu þorpi til að fordást fólk eins og mig. „Ég heyri á andardrætti þínum sligandi kviðann og finn hvað þú ert viðbjóðslega andfúl,“ sagði hann svo. „Frammi fyrir þessu er annaðhvort að gera uppreisn eða flýja og hér búum við, uppreisnarseggirnir. Ef þú þolir það, haltu þá áfram. En ekki halda að þetta verði einföld skoðunarferð.“

Án þess að gefa mér tíma fyrir útskýringar hóf hann göngu sína niður hlíðina. Ég hljóp á eftir honum en það var til einskis. Ég náði honum ekki. Ég sneri við og þegar ég kom að altari heilags Evgeníusar fann ég fyrir ómótstæðilegri þörf. Ég náði í eldspýtur úr veskinu mínu og kveikti á kerti. Stærsta kertinu sem ekki var þegar tendrað. Samdi stutta bæn og bað einungis um að skilja það sem ég var að ganga í gegnum. Ef þetta var dýrlingur góðu manna varð hann að hlusta á það sem ég var að biðja um.

Ég fór aftur upp í kláfinn og nú lá leiðin niður. Þar settist ég frekar ringluð upp í bílinn og ók af stað meðfram ströndinni til norðurs. Áhyggjufull velti ég fyrir mér því sem maðurinn með keðjuna hafði sagt þegar einhver kastaðist skyndilega á framrúðu bílsins. Ég bremsaði harkalega og annar ropi stóð fastur í kokinu á mér. Ég hélt að ég hefði drepitð manneskjuna.

Strákur, varla eldri en fimmtán ára, stóð strax upp. Hann virtist ómeiddur og togaði fram langar ermar bolsins sem hann var í til að fela greinileg ör. Það var eins og að hann tæki ekki eftir að ég hefði keyrt á hann. Hann hélt göngu sinni áfram. Hann var á flóttu. Ég gerði mér grein fyrir því að hann var að flýja mig.

Ég hljóp hann uppi. Ég náði að stöðva hann með því að staðnæmast beint fyrir framan hann. Hann stansaði og horfði á mig hatursfullu augnaráði. Hann togaði stanslaust í ermar bolsins og leit upp, eins og til að ögra mér. Í þetta sinn var það ég sem byrjaði samtalið með spurningu sem virtist koma í beinu framhaldi af samtalinu við manninn með keðjuna. „Af hverju uppreisnarseggir?“

Hann gaf sér tíma til að horfa áhugalaus út yfir sjóndeildarhringinn, án þess að líta af hafinu sem varð dekkra og dekkra eftir því sem dimmdi. Loks svaraði hann og sagði: „Uppreisnarseggir, flóttamenn, auðnuleysingar.“ Hann tönnaðist á þessu eins og um væri að ræða utanbókar lærða setningu. „Ekki freista okkar, ekki drepa okkur. Farðu nú, gerðu það,“ sárbað hann mig. „Þú hefðir aldrei átt að koma.“

Ég varð sem steinrunnin á miðjum veginum á meðan strákurinn hvarf úr augsyn eftir ströndinni. Ég held að hann hafi gengið í sjóinn en ég er ekki viss. Mig svimaði. Ég settist algjörlega ringluð inn í bíl og keyrði stefnulaust um þorpið. Keyrði í tvo tíma og var ekki í neinum vafa lengur. Ég fór að skilja truflandi merkingu

þessara mynda. Karlmennt, bara karlmenn, alls staðar. Án mæðra, dætra, eiginkvenna, elskenda og systra. Bandamenn fram í rauðan dauðann. Ég hægði á mér. Í þessum andlitum útlaganna kannaðist ég við sama óttann og hafði fyrir nokkrum dögum fallið fyrir eigin hendi í rúminu mínu. Hann hafði valið flótta frekar en uppreisn.

Nú var það ég sem óskaði þess að flýja. Komast burt úr þessu þorpi vesældar og myrkurs. Mér fannst ég skilja ástæðu flóttans. Virðuleika, heiðarleika, en einnig mótsögn. Ef maður var yfir sig kominn var flóttinn eina leiðin út. Þó vantaði eitthvað. Ég var varla orðin róleg yfir þessari ályktun þegar sendibíll keyrði inn í þorpið. Í honum var tíu manna hópur karla, augljóslega nýkomnir. Þeir sáu mig ekki í gegnum lituðu rúðurnar utan einn þeirra sem kom auga á mig í gegnum vinstri framrúðu bílsins. Hann vippaði sér út úr sendibílnum og gaf mér merki um að stöðva bílinn. Hinir héldu áfram ferð sinni án þess að bíða eftir honum.

Af einskærri forvitni stöðvaði ég bílinn en hélt kyrru fyrir inni í honum. Ég var óttaslegin og beið þess að hann nálgæðist. Hann bankaði í rúðuna með báðum höndum og kraup á hné. „Ég sé eftir þessu!“ öskraði hann á mig. „Opnaðu dyrnar. Gefðu mér sopa.“

Þegar ég opnaði miðaði ég byssu að bringu hans. Á því augnabliki skildi ég allt. Ferðalag mitt, eftirsjá hans, löngun ástmans míns til að deyja. „Hérna lífa þeir sem gátu ekki dýpkað ör sín,“ sagði hann mér. Þeir sem hættu við að skjóta á síðustu stundu, þeir sem komust hjá hnífstungunni áður en það var of seint, þeir sem hertu ekki reipið nógu fast, þeir sem völdu kyrrlátt líf. Þeir angurværu, vonlausu, kjarklausu.

Hann færði vopnið til hliðar og tók lítið samanbrotið blað upp úr vasanum. Ég kraup við hlið hans. „Segðu mér hvað ég á að skrifa,“ bað hann mig. „Segðu mér hvað þú hefðir viljað lesa.“ Ég veit af hverju hann er hérna.

Ég rétti honum penna og hóf að segja honum hvað hann ætti að skrifa í bréfið sem ég fékk ekki. „Þetta er ekki kúgun,“ heyrði ég sjálfa mig segja til að líða betur. Ég tók mér tíma til að ákveða næstu setningu. Þá heyrði ég byssuskot. Öðru skoti hafði verið hleypt af með annarri hægri hendi í annað hjarta. Sami flóttinn. Sama merkingarleysi lífsins þegar ástin er ekki lengur til staðar. Blóðið skvettist á blaðið. Ég tók það upp og færði að hjarta mínu, sem sló

ákaft. Ég settist aftur upp í bílinn og keyrði í marga klukkutíma með blaðið þétt upp við brjóst mitt án þess að geta ákveðið hvort ég ætti að gera uppreisn eða flýja.

Ég þræddi sömu leið til baka. Hún lá að mínum eigin landamærum. Ég fór aftur að leiði hans og grét þurrum tárum. Ég átti engin önnur. Ég gróf þetta bréf sem var ekki mér ætlað, heldur þeim sem hafði iðrast. Ég hófst handa við að grafa mína eigin gröf. „Ef ástin snýr ekki aftur, dey ég.“ Þannig hljómaði grafskrift mín. *Hljóðlátt angur* harmonikkunnar hljómaði í fjarska og beiskur ropi ginsins ruddist fram.

Ég ákvað að gera ekki ráð fyrir þeim möguleika að snúa til baka.

*Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi úr frummálinu.*

## Um Ástu Sigurðardóttur

Ásta Sigurðardóttir (1930–1971) var óvenjuleg íslensk listakona og rithöfundur, sem í dag er talin ein af mikilvægustu höfundum sinnar tíðar og mikil fyrirmynd í femínisma á Íslandi. Hún fæddist og ólst upp í sveit á Snæfellsnesi, og flutti til Reykjavíkur á lýðveldisárinu 1944. Hún útskrifaðist með kennarapróf árið 1950 en starfaði aldrei sem kennari. Hún hafði áhuga á listum og bókmenntum og vildi skapa sér nafn innan myndlistarinnar sem var erfitt fyrir konur á þessum tíma. Árið 2021 var líf hennar og verk sett á svið í Þjóðleikhúsinu, sem styrkti arfleifð og stað hennar í sögu þjóðar.

Ásta ögraði venjum samfélagsins ekki aðeins með skrifum sínum heldur einnig með hegðun sinni. Hún vann fyrir sér sem módel, sat nakin fyrir hjá myndlistarnemum og var stundum kölluð „Ásta módel“.<sup>1</sup> Hún giftist tvisvar og átti tvær dætur og fjóra syni, einn þeirra utan hjónabands. Líf hennar var tragískt og mótað af fátækt og áfengisneyslu, sem endurspeglast í verkum hennar. Hún skrifaði um viðkvæm og erfíð málefni eins og kynbundið ofbeldi, fátækt, barnanið og fóstureyðingar.<sup>2</sup> Hún varð fræg í heimi bókmenntanna

1 Kristín Rósa Ármannsdóttir, „Ásta Sigurðardóttir: líf hennar og list“, *Skáld.is*, 2017. <https://skald.is/greinar/15-asta-sigurdardottir-lif-hennar-og-list-efir-kristinu-rosu-armannsdottur> [Sótt 25. mars 2025]

2 Fóstureyðingar voru lögleiddar á Íslandi árið 1935, en leyfið var háð miklum takmörkunum, s.s. þegar lífi konunnar var stofnað í hættu. Steinhórsdóttir, Guðrún. „En fátækar stelpur, ógiftar, eiga ekki að vera að þessu“: Um „Kóngaliljur“ Ástu Sigurðardóttur. Í Guðrún Steinhórsdóttir, & Sigrún Margrét Guðmundsdóttir (Útg.), *Ástusögur: Um líf og list Ástu Sigurðardóttur*, 2021, bls. 112.

daginn eftir að hún birti sína fyrstu smásögu „Sunnudagskvöld til-mánudagsmorguns“<sup>3</sup> árið 1951 í tímaritinu *Lífi og list*. Sagan hafði mikil áhrif vegna þess að Ásta sagði frá nauðgun sem hún sjálf hafði orðið fyrir.<sup>4</sup>

Í „Kóngaliljum“<sup>5</sup> birtist varnarleysi ungrar, fátækrar, sjúkrar, óléttrar konu í samfélagi þar sem hlutverk kvenna takmarkaðist af því að giftast Íslendingi og verða heimavinnandi húsmæður.<sup>6</sup> Ísland var hernumið í síðari heimsstyrjöldinni, fyrst af Bretum og síðar Bandaríkjamönnum, og þó sagan fjalli ekki beint um sambönd íslenskra kvenna við setuliðið þá kemur tilvist þeirra skýrt fram í söguþræðinum. Sagan er hlaðin táknum og tilfinningum og þar má finna stílbrögð sem einkenna höfundarverk Ástu, svo sem andstæður, endurtekningar og myndlíkingar, sem gefa textanum lýriskan blæ.

3 Ásta Sigurðardóttir, „Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns“, *Líf og list*, 1951, bls. 14–17. <https://timarit.is/page/5384790#page/n13/mode/2up> [Sótt 25. mars 2025]

4 Bergsteinn Sigurðsson, „Ásta var fordæmd fyrir sína #metoo-sögu“ *Rúv.is*, 2021. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2021-09-17-asta-var-fordaemd-fyrir-sina-metoo-sogu> [Sótt 25. mars 2025]

5 Ásta Sigurðardóttir, „Kóngaliljur“, *Sögur og ljóð*, Reykjavík: Mál og menning, 1985, bls. 91–101. Birtist fyrst í tímaritinu *19. júní*, Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1958, bls. 22–26. Þýðingin er unnin frá femínísku sjónarhorni og stuðlað er að tungumáli án aðgreiningar.

6 Steinþórsdóttir, Guðrún, „En fátækar stelpur, ógiftar, eiga ekki að vera að þessu“: Um „Kóngaliljur“ Ástu Sigurðardóttur. Í Guðrún Steinþórsdóttir, & Sigrún Margrét Guðmundsdóttir (Útg.), *Ástusögur: Um líf og list Ástu Sigurðardóttur*, 2021, bls. 104.

## Sobre Ásta Sigurðardóttir

Ásta Sigurðardóttir (1930–1971) fue una extraordinaria artista y escritora islandesa, considerada hoy una de las autoras más importantes de su tiempo y gran referente del feminismo en Islandia. Nació y se crió en una granja en la península de Snæfellsnes, y se mudó a Reikiavik en 1944, el mismo año que Islandia logró su independencia. Realizó estudios de Magisterio y se graduó en 1950, pero nunca llegó a ejercer como maestra. Mostraba interés por el arte y la literatura, y quería hacerse un hueco en las artes visuales, campo de difícil acceso para las mujeres de aquella época. En 2021, su vida y obra fueron llevadas al teatro en Islandia, consolidando así su legado y figura en la historia del país.

Ásta desafió las normas morales establecidas en una sociedad patriarcal, no solo con sus escritos sino también con su comportamiento. Trabajó como modelo posando desnuda para estudiantes de arte, era también conocida como «Ásta la modelo».<sup>7</sup> Se casó dos veces y tuvo dos hijas y cuatro hijos, uno de ellos fuera del matrimonio. Su vida fue trágica y estuvo determinada por la pobreza y el abuso del alcohol, lo cual se refleja en su obra. Escribió sobre temas delicados y difíciles de abordar, tales como la violencia de

---

7 Ármannsdóttir, Kristín Rósa. “Ásta Sigurðardóttir: líf hennar og list”, Skáld.is, 2017. <https://skald.is/greinar/15-asta-sigurdardottir-lif-hennar-og-list-eftir-kristinu-rosu-armannsdottur> [Acceso: 25/03/25]

género, la pobreza, el maltrato infantil y el aborto.<sup>8</sup> Consiguió popularidad en el mundo de las letras un día después de publicar su primer relato, «La noche del domingo hasta la mañana del lunes»,<sup>9</sup> en la revista *Líf og list* en 1951, que tuvo un gran impacto por contar una violación que ella misma había sufrido.<sup>10</sup>

En «Lirios reales»<sup>11</sup> retrata la vulnerabilidad de una joven enferma, soltera, embarazada y pobre en una sociedad en la que el rol de la mujer se limitaba a casarse con un islandés, y ser madre y ama de casa.<sup>12</sup> Durante la Segunda Guerra Mundial, Islandia fue ocupada tanto por Gran Bretaña como por Estados Unidos y, aunque la historia no trate de forma directa sobre las relaciones entre las mujeres islandesas y los soldados, la trama deja constancia de ello. El relato presenta una significativa carga simbólica y emocional donde encontramos recursos estilísticos recurrentes en la autora, como el contraste, la repetición y la metáfora, que le otorgan cierta dimensión lírica a su prosa.

- 
- 8 El aborto fue legalizado en Islandia en 1935, aunque sujeto a muchas restricciones, como el riesgo de vida de la mujer. Steinþórsdóttir, Guðrún. “En fátækar stelpur, ógiftar, eiga ekki að vera að þessu”: Um “Kóngaliljur” Ástu Sigurðardóttur. En Guðrún Steinþórsdóttir, & Sigrún Margrét Guðmundsdóttir (Ed.), *Astusígur: Um líf og list Ástu Sigurðardóttur*, 2021, p. 112. Nótese que la autora del relato original utiliza el término “sérfræðingur” (especialista) como eufemismo para referirse al médico al que ha de acudir la protagonista para tramitar el aborto.
- 9 Título original: *Frá sunnudagskvöldi til mánudagsmorguns*. Traducido al español por Kristinn R. Ólafsson en *Hijas del frío. Relatos de escritoras nórdicas*, Madrid: Ediciones de la Torre, 2012, pp. 158–167.
- 10 Sigurðsson, Bergsteinn. “Ásta var fordæmd fyrir sína #metoo-sögu”, *Rúv.is*, 2021. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2021-09-17-asta-var-fordaemd-fyrir-sina-metoo-sogu> [Acceso: 25/03/25]
- 11 Título original: *Kóngaliljur*. Publicado por primera vez en la revista *19. júní*, Reykjavík: Kvenréttidafélag Íslands, 1958, pp. 22–26. Sigurðardóttir, Ásta. “Kóngaliljur”, *Sögur og ljóð*, Reykjavík: Mál og menning, 1985, pp. 91–101. La traducción se realiza desde un enfoque feminista, se aboga por el uso del lenguaje inclusivo.
- 12 Steinþórsdóttir, Guðrún. “En fátækar stelpur, ógiftar, eiga ekki að vera að þessu”: Um “Kóngaliljur” Ástu Sigurðardóttur. En Guðrún Steinþórsdóttir, & Sigrún Margrét Guðmundsdóttir (Ed.), *Astusígur: Um líf og list Ástu Sigurðardóttur*, 2021, p. 104.

## Lirios reales

**R**ecostada sobre el viejo y estrecho diván, que crujió con cada uno de sus movimientos, se encontraba la joven enferma. Tenía asma y se había resfriado. Sus pulmones resollaban, según el médico, y también tenía una tos muy fea.

Su amiga estaba de visita justo por ese motivo. Se había sentado sobre una caja frente al diván. Al llegar había apartado un tarro de mermelada con flores marchitas. Ya no se podía saber qué flores eran. La amiga fumaba sin parar mientras retorció los dedos de los pies con las uñas pintadas de rojo. El frío del suelo traspasaba las finas suelas de sus sandalias de fiesta.

El aire húmedo y contenido se saturaba poco a poco de humo de tabaco. Tanto que incluso el olor a humedad se rendía ante la acritud del humo y la sofocante fragancia de Chanel n° 5. El descolorido papel de la pared —que una vez fue de color azul pastel— se había despegado del techo combado de la habitación, y pendía por encima de la chica enferma. Estaba mohoso y cubierto de motas de polvo que relucían como copos de nieve.

El polvo que flotaba en el aire brillaba en los tenues rayos de sol que entraban a través de un ventanuco sucio y agrietado. Estaba situado en lo alto de la pared, como en otros barracones. Los muchachos solían jugar a golpearlo con piedrecillas y dispararle con tirachinas, si es que tenían uno. Pero el cristal, doble y resistente, soportaba ese tipo de proyectiles salvo por unas singulares grietas que habían brotado —eran como minúsculos soles con parhelio cuando había claridad afuera y, en la oscuridad, se asemejaban a pequeñas lunas envueltas en un halo. Resplandecían a la suave luz del día y, cuando la ventana lloraba durante la noche, la luz exterior se fraccionaba en el cristal empañado transformándose en un her-

moso abanico de colores; y las grietas brillaban como diminutas estrellas. La joven disfrutaba contemplando aquel maravilloso espectáculo hasta que el vecino apagaba las luces.

La amiga tenía una expresión de resentimiento en su rostro. Habían discutido. Estrujó sus finos guantes color salmón como si fueran un trapo. Era una mujer pálida y muy delgada, alrededor de los treinta, con el pelo teñido de rojo y los labios pintados de violeta. Sus huesudos dedos estaban adornados con muchos anillos, pero ninguno era una alianza, el más codiciado de todos. Eran una colección de bisutería barata, esa que a algunas mujeres les gusta poseer y mostrar. Además, llevaba un montón de pulseras que resonaban cuando movía las manos para apartar el humo o fijar el cigarrillo en su colorida boquilla larga, como las que usan las estrellas de cine.

—Tienes que ir al especialista —le dijo—. Creo que estás loca si no haces nada al respecto. Dios, no sé dónde estaría yo si no fuera por él, ¡estaría muerta!

—Pero hay que tener a alguien a quien querer —dijo la joven enferma dudando—. No solo a veces, sino todo el día, toda la noche; algo de qué preocuparnos, que consideremos hermoso. Siempre. Quiero tener flores, que son bonitas y buenas; y bebés, que también lo son. Quiero tener algo así, algo que valga la pena.

—Siempre, ¡dices! —le interrumpió su amiga—. ¿Qué se tiene para siempre? Nada. Yo creí que tendría a Jim para siempre, creía que nos amábamos. ¡Dios mío! Unas noches y adiós, *bye bye*, desapareció. Tú creíste que siempre tendrías a Sissí, la pequeña que tuviste con John, ¡aunque él te abandonara! Después de un año, la bebé murió de encefalitis. Así es como una acaba perdiéndolo todo.

—¡Y flores! ¿Quién tiene flores en un barracón? Me pregunto. Solo se tienen en salones elegantes de gente acomodada. —Resopló con desprecio y dio una patada al tarro de mermelada, que salió disparado hacia un lado. Se oyó el crujir de las flores marchitas, hacía mucho que no tenían agua. El tarro rodó por el suelo.

—Las flores se marchitan y se convierten en desechos, y las criaturas se enferman y mueren. Así se pierde todo. ¡Todo! Por cierto, me parece que tuviste suerte de que Sissí muriera. La joven enferma se sobresaltó indignada.

—Madre mía, qué desalmada puedes llegar a ser —le reprochó.  
—La amiga se encogió de hombros y encendió otro cigarrillo.

—¿Desalmada? No. Solo digo la verdad. Las criaturas están muchísimo mejor cuidadas con Dios una vez que los padres se han largado a Estados Unidos. ¿Qué podemos hacer, entonces? Ni siquiera darles algo que llevarse a la boca. *I'm telling you the truth. Gosh!*

—Aun así, me parece que hay que tener a alguien a quien querer —suspiró—. Si no, creo que me muero. Eso no es vivir, ¡achís! No he tenido vida alguna desde que mi Sissí falleciera, antes de que...

—¡Ya empiezas otra vez! Hay mucha gente que ha tenido bebés que han muerto, hasta gente adinerada, y al final dejan de quejarse por ello.

—Sí, pero es que ella era tan guapa y buena...

—Basta ya. Era como cualquier otra niña, como cualquier niño. Es algo que le sucede a la gente, a muchas personas. Pero las muchachas pobres y solteras no tienen que dedicarse a eso. A ser madres, me refiero. Y todavía menos en un barracón. *I mean that.*

La amiga se golpeó el muslo con los guantes y exhaló el humo con intensidad. No se había dado cuenta de que la chica enferma había comenzado a sollozar.

—Creo que tienes suficiente con Nonni, si es que puedes conformarte con un islandés. No entiendo cómo puedes estar con él, un marinero desgreñado, un obrero que trabaja en el puerto. ¡Dios, es tan de campo! Pero no importa. Imagino que no va a tardar en decirte adiós cuando le des las noticias. —La joven enferma se levantó y se secó las lágrimas. Estaba molesta.

—Ya se lo he dicho —replicó—. Y no fue nada malo conmigo, sino todo lo contrario. No quiere que vaya al especialista. Dice que alguna solución habrá. —La amiga resopló.

—¡Alguna solución! ¡Eso es fácil de decir! ¡Alguna solución! En este barracón que se cae a cachos, y tú sin salud y sin nada. ¿Ya no te acuerdas de lo que pasó con Sissí? Creo que estáis mal de la cabeza. *I say that.*

Hubo un momento de silencio.

Entonces, la chica enferma comenzó de nuevo a sollozar y el sollozo se convirtió en un doloroso llanto. Al final, rompió a llorar a lágrima viva.

La amiga estaba apurada. Primero, se arrodilló y levantó el tarro con las flores marchitas y las arregló, como si todavía estuvieran frescas y vivas. Luego, se inclinó hacia la joven y pasó la mano con timidez sobre su pelo corto.

—Dios, cuánto lo lamento —susurró—. Pero sabes que te deseo lo mejor. Ves que esto es imposible, tal y como están las cosas..., son tiempos difíciles. Puedo ir contigo al especialista, si te da pudor. ¿Qué me dices? ¿Te parece que vaya contigo? Deja de llorar, amiga.

Las palabras de consuelo tranquilizaron a la muchacha enferma, y su llanto se fue calmando poco a poco. Finalmente, se incorporó y se secó las lágrimas con los puños, como una niña pequeña. Se abrazó las piernas, las tenía frías. Su nariz estaba colorada y su cara hinchada.

—Dame un cigarrillo —dijo con voz gangosa estirando la mano.

—Por supuesto, querida. No se puede perder el ánimo mientras las cosas se puedan solucionar. El especialista es todo un profesional, y muy amable. No sé cuántas veces me ha ayudado. *You see*. Esto es algo que una tiene que hacer.

La joven enferma seguía con la mirada el humo, que se dispersaba en los rayos de sol. Se sorbió los mocos. Tenía cara de rendición.

—Quizá vaya al especialista —dijo al final—. Pero, Dios, todo es tan horrible. —La amiga suspiró y la evitó con la mirada, dejándola perdida en las flores marchitas.

—Iré contigo —dijo entonces. De repente, había bajado la voz. Era una voz de anciana.

—Tienes que conseguir dinero. Es caro. Nonni tiene que...

—Sí, necesito dinero —dijo ella—. ¿Y qué le voy a decir? Dios mío, esto es todo tan terrible.

—Nonni conseguirá el dinero. Tiene que hacerlo.

—Sí, pero ¿qué le digo? ¿Cómo se lo explico? ¡Es que es tan bueno!

Fue al especialista. De hecho, no era el especialista de su amiga, sino el suyo propio.

—Bueno, ¿tú aquí de nuevo?

—Sí.

—¿Qué pasa esta vez?

—Muchas cosas.

—¡Vaya! Dime; problemas con el alcohol, falta de vitaminas, amor, pobreza, ansiedad, el frío de la casa...

—Sí, eso también, pero... —Incómoda, la joven guardó silencio mirándose el regazo.

El especialista, que movía impaciente los dedos sobre el borde de la mesa, pensativo, dirigió la vista hacia un formulario en blanco.

—Pero... ¿qué ocurre? —preguntó—. Dime, qué pasa.

—Muchas cosas.

—Muchas, sí, de acuerdo. ¿Qué es lo que más te preocupa?

—Me preocupa mucho tener que estar allí en invierno. Hace tanto frío y es un lugar tan desagradable y...

—Solo tienes que casarte, mujer. Hacerte con un piso y un hombre, y casarte. Así se arreglará todo y olvidarás el pasado. Todo el mundo tiene problemas, pero después de la tormenta llega la calma. Lo mejor es tener entereza, absolutamente. —Sonrió de forma alentadora. Le pareció que lo había hecho bien.

—Estoy embarazada —le dijo.

La sonrisa del especialista se congeló convirtiéndose en un gesto de espanto. La miraba fijamente con la boca abierta, rígido en su rostro. La muchacha sintió temor al verlo con esa cara. ¿Qué había dicho?

—Pero este es un buen chico —dijo de manera atropellada—. Esta vez no es un yanqui, este es bueno y no me va a dejar. Es un chaval corriente, un obrero, islandés, trabaja en el puerto. Y me dice: «lo tendremos, alguna solución encontraremos...», ¡achís!

La chica estornudó y detuvo su discurso. El especialista relajó el rostro. Ahora podía cerrar la boca, y lo hizo con cuidado. Después, tragó saliva y suspiró.

—Lo digo en serio —añadió convincente—. Para nada me está engañando. Es un buen muchacho.

—Podéis..., ¿no puede él conseguir un piso, y casaros? Así, todo se solucionaría.

—Es pobre y sólo logra trabajar de vez en cuando. No tiene dinero para comprar un piso. Y ya se me nota. Las mujeres se dan cuenta nada más verme y, por eso, no quieren alquilarnos... —El

especialista, de alguna manera, había vuelto de nuevo a su ser. Comenzó a apilar los formularios, perfectamente alineados, como si fueran uno solo.

—¡Ya veo! Una situación, mmm, muy desafortunada, quiero decir, incómoda. Sí, tiene que haberlo sido.

Silencio.

—Deberías haber tenido..., la gente debe tener más cuidado. Los barracones no son lugares adecuados para formar una familia. Y, mmm, pues, gente sin piso, con poco dinero, sin estar casada...

—Sí, es que estaba en la calle. Y yo..., lo quiero, le prometí que estaría... —La joven miró de reojo al especialista, con timidez, disculpándose—. Es tan bueno.

—Bueno, sí, claro, claro. Ya, ya. Pero eso no es suficiente. Hay que tener entereza. Absolutamente. Y gente pobre, en un barracón..., todavía más.

Su rostro se ensombreció. Las pecas se tornaron casi negras.

—Sé que hay que tener cuidado, y tener ente..., ¡achís! ¡Ay! En...

—Entereza.

—Sí. Pero es que él tenía tanto frío durmiendo en el suelo. Y el diván es tan estrecho, que nos rozábamos. Y las manos se van solas.

—Ejem, ejem.

—Sé que no se puede, pero es que era tan bueno. Hay muy pocos así, yo no podía... ser mala. —La chica se quedó en silencio. Reprimió un estornudo y puso cara de obstinación. El especialista carraspeó.

—No se hable más, hay que encontrar la mejor solución posible. Tenéis que casaros, cuanto antes, y tienes que tratar de conseguir asistencia sanitaria. Quizá estés débil cuando, mmm, nazca la criatura. ¿De cuánto, mmm, tiempo estás?

—De más de tres meses.

—Anda, entonces casi no, apenas... Pero, de todas formas, tienes que conseguir asistencia sanitaria. Después, ir a un reconocimiento a un centro de salud y demás. Eso no cuesta nada de dinero.

El especialista cogió un formulario y lo rellenó de inmediato, esta vez era distinto a todos los anteriores. Empezó a mover la pila

de papeles y el orden en la mesa se deshizo en un abrir y cerrar de ojos.

—Tienes que ponerte inyecciones, me refiero a las de vitamina, ser moderada con la bebida e intentar fumar menos.

—Lo estoy intentando. Pero cuando se tiene hambre...

—Sí, tienes que comer bien. ¡Absolutamente!

El especialista se levantó, esta vez enérgico y determinante. Le dio el formulario con elegante movimiento de mano.

—Bueno, todo se arreglará. Tenemos que esperar lo mejor y sacar lo mejor de todo, y tener entereza. Es nuestro deber ciudadano. Absolutamente. Tienes que hablar con los servicios sociales y ver si pueden arreglarte la calefacción. Quizá pinten también. Intenta que lo hagan. Luego, ahorra tanto como puedas y no compres nada que no sea necesario, ningún capricho para tu bebé. Lo más importante es que nazca con buena salud.

—Sí, lo haré, lo haremos. ¡Achís! —El especialista abrió la puerta de su despacho y, mientras ella la cruzaba, le dio una palmadita en el hombro.

—Dices que es bueno. Sois dos, y así os podéis ayudar mutuamente. Es muy importante tener entereza..., pero quizá, sobre todo, ser buena persona.

La joven ya había esperado en las oficinas de servicios sociales, de pie, delante de Ólafur y Sveinn. Ambos le habían sonreído y habían sido muy caballerosos y amables.

—Sí, sí, muy pronto, muy pronto —había dicho Ólafur.

—Sí, sí, por supuesto, por supuesto —había señalado Sveinn, muy enérgico, antes de entregarle una nota.

También había estado esperando frente a la ventanilla de la mujer que se encargaba del dinero. Allí había cambiado la nota de Sveinn por un billete de los grandes, rígido y de color marrón. Después, lo cambió por billetes pequeños y arrugados —azules, rojos y verdes— que fueron a parar aquí y allá.

Unos fueron a parar a la mujer de la tienda donde está el pájaro. Es un pájaro grande y astuto con un pico también grande y rojo, de patas largas y coloradas. Es como si supiera algo, como si

guardara un secreto importante y estuviera decidido a no desvelarlo. Así es ese pájaro.

Otros, a la floristería del centro que es tan singular. Las flores son especialmente bellas cuando no hay nada bonito a su alrededor. A veces, las tienen baratas y es posible comprarlas sin avergonzarse de la pinta que una pueda llevar. Es una buena tienda.

Otros, a la tienda de ropa. Había una bata tan linda en el escaparate. Era de algodón, pero tremendamente bonita, de colores alegres y claros. La muchacha no pudo resistirse a la tentación.

Y otros, a la tienda de alimentación *Clausen*. Incluso a alguien que acaba de comer se le puede abrir el apetito de nuevo al mirar su escaparate. Ella se moría de hambre mientras esperaba en la fila. Cuando le tocó el turno, compró lo que había deseado durante mucho tiempo, y alguna cosa más.

El dinero se gasta rápido. Y solo le quedaban unos billetes de cinco coronas y uno de diez. Guardó unas monedas en sus sudorosas palmas. Las iba a usar para el autobús, pero decidió caminar para ahorrar dinero. La gente estaba muy feliz e iba muy bien vestida, y hacía un tiempo fabuloso.

Cuando giró para dejar atrás la calle Túngata, una ráfaga de viento fresco la alcanzó desde el final de la calle Hofsvallagata, recorriendo todo el camino desde el mar. Y el mar estaba resplandeciente por el sol, y las nubes de un blanco luminoso por el sol, y el cielo de un azul brillante por el sol. Y el mismo sol deslumbraba tanto en aquel vasto y profundo cielo, que la joven dirigió su mirada a lo lejos. Atisbó las opulentas casas que relucían como palacios de cuentos de hadas junto al fiordo, y vislumbró una franja oscura que destacaba en el destellante oeste. Esa franja oscura parecía las ruinas de un incendio, como si unas casas se hubieran quemado hasta reducirse a cenizas. Pilares negros apuntaban al cielo entre los despojos como miembros calcinados.

La joven, sabiendo lo que era, sonrió para sí misma y comenzó a caminar más rápido. No eran las ruinas de ningún incendio, en absoluto. Era el vecindario de barracones donde vivía. Allí no se había quemado nada. Allí, lo que es más, vivían personas, gente trabajadora de carne y hueso. Allí vivía ella, allí vivían ellos. Él llegaba a casa esa noche, su chico. ¡Pronto serían tres!

Ese pensamiento le reconfortó el corazón y apretó hacia sí misma sus paquetes con más fuerza. Cuando se cruzaba con mujeres elegantes, se enderezaba para que se le notara un poco más, y se olvidaba por completo de que no tenía una alianza y de que ellas podrían percatarse.

La suave brisa del mar alborotaba su pelo corto de color castaño claro, y tenía la cara llena de pecas. Sin embargo, se veía a sí misma como una mujer rica y refinada. En sus paquetes llevaba cosas que las demás no tenían. Había, por ejemplo, ropita interior de bebé, un pelele de invierno rosa y un jersey; y un diminuto camión con un bordado blanco y rosa en el pecho. De pronto, vio tres felices pajaritos que cantaban sobre una pequeña rama. Uno era minúsculo.

¡Oh, pero qué bonitos eran! ¡Qué ilusión le hacía enseñarle a Nonni todo esto! La linda bata, la ropita que acababa de comprar en la tienda del pájaro, ¡y las flores!

Había comprado lirios para él, para los dos. Los colocaría en la botella de leche sobre la caja frente al diván para que pudieran mirarlos en cualquier momento y alegrarse cuando se hubieran ido a dormir. Así no tendrían que ver las grietas del cristal.

Eran lirios de un blanco esplendoroso, traslúcidos y delicados. Aún en su envoltorio, no podía dejar de mirarlos.

¡Maravillosas flores! Lirios reales os llamáis. ¡Increíble que de la tierra negra brotéis!



# Umfjöllun



## Evfemíuljóðin í finnskri þýðingu Harrys Lönnroth

Harry Lönnroth, prófessor við Háskólann í Jyväskylä og sérfræðingur í fornsænsku máli og bókmenntum, er þekktur fyrir mörg grundvallarit á sínu fræðasviði sem og öðrum sviðum, meðal annars þýðingarfræði. Á sviði skáldskapar hefur hann einbeitt sér að þýðingum úr fornsænsku yfir á finnsku. *Erikskrönikan* – sem hann þýddi ásamt Martti Linna – kom út árið 2013 og tíu árum seinna *Evfemíuljóðin (Eufemian laulut)* sem Wærelia-forlagið í Sastamala gaf út.

Með sænsku Evfemíuvisunum þremur í upphafi 14. aldar komu riddarasögur og Artúrsbókmenntir fram á sjónarsviðið á Norðurlöndum í bundnu máli og nú á sænsku. Bragarháttur frumsmíðanna er knittelbragur að þýskri fyrirmynd, þar sem hverjar tvær línur hafa sama endarím. Ljóðin eru alls um það bil 12.000 ljóðlínur. Bókin er ekki bara elsta heldur einnig eitt yfirgripsmesta rit sænskra miðaldabókmennta og fyllir finnska þýðingin 275 blaðsíður.

*Evfemíuljóðunum* má líkja við skáldskap frá svipuðum tíma og *La Chanson de Roland*, *Nibelungenlied*, *Parzival* eftir Eschenbach og *Canterbury Tales* eftir Chaucer. Þau eru riddaraþrileikur, þrjár sjálfstæðir ljóðabálkar sem þýddir voru úr frönsku, lágþýsku og norrænu: *Ívan ljónsriddari*, *Friðrik hertogi af Normandí* og *Flóres saga og Blankijlúr*. *Ívan ljónsriddari* er lengsti textinn, næstum helmingur



bókarinnar, en *Friðrik hertogi* og *Flóres saga* og *Blankisflúr* fylla hvor sinn fjórðung. Nokkrum árum eftir *Eufemíuljóðin* birtist enn frægara verk, rímaði annállinn um Eirík Magnússon hertoga, *Erikskrönikan*, sem er undir brag- og stílfræðilegum áhrifum *Eufemíuljóða*.

*Ívan ljónsriddari* er þýðing á ljóðabálknum *Yvain ou le Chevalier au Lion* eftir Chrétien de Troyes frá síðasta fjórðungi 12. aldar. Hún er einnig byggð á *Ívens sögu*, norrænni prósaþýðingu á ljóðabálknum. Ívan er frændi Arthúrs og hugrakkur skjaldsveinn hans. Ívan leitar uppi dulmagnaða lind, drepur varðmann hennar og kvænist ekkju

hans, hinni óviðjafnanlegu Ládínu. Hann fer síðan í burtreiðar með konungi, en lofar að snúa aftur innan árs. Hann svíkur þó loford sitt og Ládína hafnar honum. Í sorg og reiði yfir höfnuninni verður Ívan vitstola, reikar nakinn um óbyggðir við sult og seyru þar til einsetumaður nokkur aumkar sig yfir hann. Vitfiringin er læknuð með töfrasmyrslu og aðrar raunir stenst hann með hjálp hringis sem gerir hann ósýnilegan. Með endurheimtu þreki heldur Ívan áfram að vinna riddaralegar hetjudáðir, meðal annars að bjarga ljóni frá því að verða dreka að bráð. Ljónið verður því tryggur félagi hans og verndari og af því fær hann viðurnefnið ljónsriddari. Með mörgum glæstum afrekum tekst honum loks að gera sig verðugan hylli Ládínu á ný.

Samtímamaður Arthúrs konungs er líka Friðrik hertogi sem, eins og Ívan, nær markmiðum sínum með töfrahring sem hann fékk að launum fyrir að hafa aðstoðað dvergkóng nokkurn við að bæla niður uppreisn. Hann bjargar skoskum kóngssyni og enskri prinsessu úr klóm jötuns nokkurs og leysir Flóriu, írsku konungsdóttur, úr haldi með hjálp hringisins. Þau lenda í skipbroti á flóttanum en lifa af og hann kvænist Flóriu og tekur við írsku konungsveldinu sem heimanmundi. Síðan stjórna þau ríkinu þar til dauðinn aðskilur þau. Í eftirmálanum er þess getið að sagan sé byggð á týndri þýskri þýðingu úr frönsku sem gerð var að fyrirskipun Ottós keisara Heilaga rómverska ríkisins, líklega Ottós IV.

Í ástarsögunni um múslímska (serkneska) prinsinn Flóres og kristnu ungfrúna Blankiflúr reynir Fenix konungur af Apolis, á landamærum Frakklands og Spánar, að koma í veg fyrir að sonur hans kvænist villutrúarkonu sem er auk þess af lægri stétt en hann. Hann kemur því síðan í kring að Blankiflúr er seld sem ambátt og lendir í kvennabúri Babýloníukonungs. Flóres tekst þó að losa hana úr prisundinni, einnig með hjálp töfrahringis í háskalegu einvígi. Síðan giftast þau, Flóres er skírður og þau Blankiflúr lifa eftir það trúræknu lífi í klaustri. Sagan, ólíkt hinum tveimur, gerist ekki innan sagnaheims Arthúrs konungs og er líklega af býsönskum uppruna, en barst til Svíþjóðar í gegnum franska ljóðabálkinn *Floire et Blancheflor* og styttri norræna prósaþýðingu hans, *Flóres saga ok Blankiflúr*. Sænski þýðandinn hefur hugsanlega stuðst við hvort tveggja, eins og hann gerði í tilfelli *Ívans ljónsriddara*.

Elsta varðveitta sænska handritið af *Flóres sögu* og *Blankiflúr* er tvíblaða brot frá því um 1350 í Landsbókasafni Finnlands, og er mynd af handritinu birt í nýju finnsku útgáfunni. *Evfemíuljóðin* eru varðveitt í heild í um tuttugu handritum frá 15. og 16. öld.

Í eftirmála Lönnroths kemur fram að Evfemía drottning hafi látið þýða sögurnar á árunum 1303, 1308 og 1312, „aff valske“ eða „aff thydsko och j swænskæ thungo“, þ.e. úr vallónsku (frönsku) eða þýsku. Þýðandinn er óþekktur en einkenni á málfari hans gefa til kynna vestursænskan uppruna. Því hefur verið haldið fram að hér hafi verið að verki klerkurinn Peter Algotsson, menntaður sem erindreki í París með tengsl við hirðina í Osló. Það er því athyglisvert að elsti fornsænski sagnabálkurinn skuli vera upprunninn í Noregi.

Evfemía hertogaynja af Rügen kom til Oslóar árið 1299 og giftist Hákonu V. Magnússyni konungi og varð þar með drottning Noregs. Á þessum tíma var konungshöllin í Osló miðstöð norrænnar hirðmenningar, en miðpunktur hennar var einmitt Evfemía drottning. Með alþjóðlegum bakgrunni hafði hún áhrif á bæði norska og sænska menningu á 14. öld og Lönnroth segir hana hafa verið öflugan listfrömuð. Árið 1302 var Ingibjörg, einkadóttir konungshjónanna, trúlofuð Eiríki Magnússyni hertoga, hetju *Erikskerönikan*. Brúðkaupið átti að fara fram árið 1307 en því var frestað til 1312. Í tilefni af trúlofun dóttur sinnar og giftingu lét Evfemía þýða sögurnar þrjár sem gjöf til verðandi tengdasonar síns yfir á hans eigin tungumál.

Í fróðlegum inngangi leggur Lönnroth áherslu á mikilvægi merkingarlegra tilfærslna og stílrænna breytinga í tungumálinu – ekki aðeins milli miðalda og nútíma, heldur einnig á milli hinna ýmsu áfanga í tilurð og miðlun frumtextanna. Enn fremur bendir hann á þróun í aðferðafræði þýðinga og hvernig staðið var að þeim í verki. Fornsænski þýðandinn tók ákvarðanir sem eru augljóslega ekki réttar frá sjónarhóli nútímans. Bæði á miðöldum og jafnvel síðar voru mörkin milli þýðinga í þrengri nútímaskilningi og frjálsari aðlögunar á reiki. Skrásetjarar *Evfemíuljóðanna* fara því nokkuð frjállega með textann og gera ekki mikinn greinarmun á nákvæmri þýðingu og eigin skáldskap.

Á miðöldum var eyrað jafn mikilvægt og augað þegar bókmenntum var miðlað; læsi var ekki almennt og því var allvinsælt að hlusta á upplestur. Ljóðin um Evfemíu voru lesin upp, hugsanlega við undirleik hörpu, lútu eða annarra hljóðfæra, sem hafði áhrif á stíl, hrynjandi og framsetningu: Sögumaður gegnir hlutverki trúbáðs eða söngvara sem kappkostar að þóknast áheyrendum með því að spyrja: „Viljið þið heyra meira?“ „Á ég að segja frá fleiri furðulegum atburðum?“ Svipaðar spurningar eru lagðar fram í ballöðum og eddukvæðum, eins og í *Völuspá*: „Vítuð ér enn, eða hvað?“ Lönnroth hefur leitast við að varðveita slík sérkenni, meðal annars í þýðingum á samræðum. Með sama markmið að leiðarljósi hefur hann gefið textanum sögulega áferð með áherslu á vægi fornaldarlegs orðaforða sem einkennist af riddaralegri reisn.

Lönnroth útskýrir þýðingaraðferð sína enn frekar. Með prósaþýðingu sagna í bundnu máli hefur hann stefnt að því að gera helstu verk norrænna Arthúrsbókmennta aðgengileg á nútímafinnsku með texta sem endurspeglar tímaskeið frumsmíðanna með vísindalega fullnægjandi hætti, en um leið að gera hann auðskiljanlegan fyrir nútímalesendur. Til að auðvelda bæði lesturinn og möguleikann á samanburði á þýðingunni og frumtextanum hefur hann, í samræmi við nýlegar sænskar útgáfur, bætt við millifyrirsögnum með vísunúmerum frumsmíðanna. Lönnroth viðurkennir að oft hafi reynst torvelt að yfirfæra endurtekningasamt og torrætt mál miðalda yfir á lipran og skiljanlegan finnskan prósa án þess að breyta anda og bókstaf frumtextanna. Frekari örðugleikar eru m.a. að margþættur langtímaflutningur textanna á milli tungumála hefur oftár en ekki orðið á kostnað rökræns samhengis þeirra, sem hefur leitt af sér sundurlausan söguþráð. Þriðja áskorunin er ríkjandi latnesk setningaskipan, sem stundum krefst ummyndunar til að samhengi verði í textanum. Nauðsynlegt var einnig að samhæfa tíðir (nútið eða pátið), formlegt og óformlegt ávarp (*þér* eða *þú*), auk þess að sleppa fjölmörgum að því er virðist óþörfum staðar- og tímatilvísunum (*nú, þá, síðar, hér, þar* o.s.frv.) sem hamla frekar en stuðla að skilningi. Lönnroth hefur þó valið sannfærandi lausnir; þýðing hans er afreksverk með heppilegri sameiningu þægilegs lestrarefnis og tryggðar við frumsmíðarnar.

*Evfemíuljóðin* hafa lengi heillað norræna fræðimenn. Fyrstu útgáfunar eru meðal elstu rita Sænska miðaldabókmenntafélagsins (Svenska fornskriftsällskapet) frá 1840, en þær eru fremur úreltar og standast ekki kröfur nútímatextarýni. Sama félag gaf út staðlaðar gerðir verksins sem Emil Olson og Erik Noreen gáfu út á þriðja og fjórða áratug liðinnar aldar. Lönnroth hefur byggt þýðingu sína á þessum útgáfum og á útgáfum Henriks Williams og Bo Ralphs frá árinu 2018.

Þýðingu Lönnroths fylgja hátt í tvö hundruð mál- og menningarsögulegar athugasemdir auk lista yfir mörg raunveruleg og skálduð mannanöfn og örnefni í sögunum. Í ítarlegri heimildaskrá eru tilgreindar mikilvægustu rannsóknir á *Evfemíuljóðunum*. Auk sænskra og danskra rita nefnir Lönnroth hina veglegu norsku útgáfu *Eufemia – Oslos middelalderdronning*, sem Bjørn Bandlien ritstýrði og gefin var út í tilefni af 700 ára dánarafmæli drottningarinnar árið 2012. Fyrir utan miðaldarþýðingar á *Evfemíuljóðunum* bendir Lönnroth á nokkrar aðrar þýðingar úr seinni tíð, þar á meðal norska þýðingu Olaugar Berdal frá árunum 1985–1988. Jafnframt er fornorræna söguafbrigðið *Flóres saga ok Blankjflúr* til í norskrri þýðingu Birgitar Nyborg frá árinu 2005.

Á meðan á vinnunni að *Eufemian laulut* stóð leitaði Lönnroth innblásturs með því að kynna sér miðaldaborg Oslóar, þar sem ein af götunum er kennd við Evfemíu drottningu. Hann hefur hlotið mikla viðurkenningu fyrir útgáfu sína í Finnlandi, ekki síst fyrir stúleiginleika þýðingarinnar. Flutningi á snúinni setningaskipan miðalda yfir á létt og lipurt nútímamál án þess að skerða andrúmsloft og sérstöðu frumverksins er í finnskum ritdómum lýst sem vel heppnuðum. Sömuleiðis er lögð áhersla á að honum hafi tekist að varðveita afþreyingareinkenni frumtextans sem höfðar vel til lesenda og hlustenda bæði á fyrri og seinni tímum.

## HEIMILDIR

- Bandlien, Bjørn (ritstj.). *Eufemia – Oslos middelalderdronning*. Oslo: Dreyers Forlag, 2012.
- Lamberg, Marko. „Keskiajan kauniit ja rohkeat – ritariromantiikan suomennos valottaa aikasidonnaisia ja yliajallisia rakenteita“. *J@rgonia*. 44 (2024): 165–170. Historian ja etnologian laitoksen tutkijat ry & Jyväskylän Historiallinen Yhdistys ry. <http://urn.fi/URN:NBN:fi:jyu-202412117745>
- Niemi-Pynttari, Risto. „Eufemian laulut, suom. Harry Lönnroth.“ *Maailmankirjat: käännöskirjallisuuden verkkolehti*. <https://www.maailmankirjat.ma-pe.net/eufemian-laulut>

*Eufemian laulut*. Suomentanut Harry Lönnroth. 333 s.  
Warelia Kustannus Oy. Sastamala 2023.  
ISBN 978-952-387-049-9

## Höfundar, þýðendur og ritstjórar

Ana Belén Fernández Organista (f. 1984) lauk MA-prófi í spænsku frá Autónoma Háskóla í Madrid og viðbótardiplóma í þýðingafræði frá Háskóla Íslands. Hún er doktorsnemi og aðjunkt í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: [anabelen@hi.is](mailto:anabelen@hi.is)

Ásdís R. Magnúsdóttir (f. 1964) lauk doktorsprófi í frönskum bókmenntum miðalda og endurreisnar frá Háskólanum í Grenoble 3 (Stendhal). Hún er prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands. Netfang: [asdisrm@hi.is](mailto:asdisrm@hi.is).

Erla Erlendsdóttir (f. 1958) lauk doktorsprófi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barselóna og er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: [erlaerl@hi.is](mailto:erlaerl@hi.is)

Geir Þ. Þórarinsson (f. 1978) er aðjunkt í klassískum málum við Háskóla Íslands. Hann lauk MA-prófi í klassískum fræðum og heimspeki fornalda frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum. Netfang: [gth@hi.is](mailto:gth@hi.is).

Hólmfríður Garðarsdóttir (f. 1957) lauk doktorsprófi í spænsku, með áherslu á bókmenntir Rómönsku Ameríku, frá Texas-háskóla í Austin árið 2001. Hún er prófessor í spænsku við Háskóla Íslands. Netfang: [holmfr@hi.is](mailto:holmfr@hi.is).

Juan David Hernandez Rodriguez (f.1992) doktorsnemi í spænskum málvísindum við HÍ og stundakennari við sama skóla. Hann hefur BA-gráðu frá Háskólanum í Columbú og MA í spænsku frá HÍ. Netfang: [jdb3@hi.is](mailto:jdb3@hi.is)

Óskar Vistdal (f. 1953) er Cand.mag. í norrænum og finnskum fræðum frá Háskólanum í Bergen, fyrrverandi lektor við Háskóla Íslands og Tampere-háskóla. Þýðandi íslenskra, finnskra og þýskra bókmennta yfir á norsku og sjálfstætt starfandi rithöfundur. Netfang: *vistdal@online.no*

Piergiorgio Consagra (f. 1992) er doktorsnemi í íslenskum miðalda-bókmenntum við HÍ. Hann hefur BA gráður frá Mílanó og HÍ, MA í íslenskum miðaldafræðum og diplómu í háskólakennslufræði frá HÍ. Hann er adjunkt í íslensku sem öðru máli við HÍ. Netfang: *pc@hi.is*

Stefanie Bade (f. 1983) lauk doktorsprófi í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands. Hún er adjunkt í íslensku sem öðru máli við HÍ. Áherslur: félagsmálvísindi; tileinkun og kennsla íslensku sem annars máls, einkum framburðar. Netfang: *stefanie@hi.is*

Unnur Bjarnadóttir (f. 1994) er stundakennari í japönskudeild og kóreskudeild Háskóla Íslands og doktorsnemi við háskólann í Reading á Englandi. Hún er með MA-gráðu í þýðingafræði frá Háskóla Íslands, í þvermenningarlegum fræðum frá Heidelberg-háskóla í Þýskalandi og í asískri fornleifafræði frá University College London. Hún stundaði nám við Nagoya-háskóla í Japan og Seoul National University í Suður-Kóreu. Netfang: *unb@hi.is*

Þórhildur Oddsdóttir (f. 1953) lauk MA-prófi í dönsku með áherslu á kennslufræði tungumála frá Háskóla Íslands og er fv. adjunkt í dönsku við sama skóla. Netfang: *thorbild@hi.is*